



RVK-8969 Tilkynning um stjórnsýslukæru nr_38_2025_

Búið til	14.3.2025 10:56:58
Höfundur	Hera Elfarsdóttir Linnet
Mótttekið dags.	14.3.2025 10:14:20
Tilheyrir	 USK25030186 - Kæra nr 38/2025 - Kæra vegna útgáfu starfsleyfis Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis

Efni

RVK-8969 Tilkynning um stjórnsýslukæru nr_38_2025_

Upplýsingar

Vinnsla

Mótttekið dags.	14.3.2025 10:14:20	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	08.14.04 Leyfisveitingar		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Upplýsingar - Pósthólf Símmaver (upplýsingar@reykjavik.is)
Til	skjalastyring@reykjavik.is

Innihald



[uua@uua.is](#) has just sent this issue

[Reykjavík / RVK-8969](#)

[Tilkynning um stjórnsýslukæru nr. 38/2025.](#)

Tryggvi - Í dag 10:13

Daginn

Áframsent.

Kveðja,
Tryggvi,
þjónustufulltrúi,
Reykjavíkurborg

Description:

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttekin 14. mars 2025 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá febrúar sl. um að gefa út starfsleyfi til Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágreennis fyrir rekstri skotvallar í Álfsnesi.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendu gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsókn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

Ólöf

Harðard

óttir,

skrifstofa

umaður

Úrskurðar

nefnd

umhverfis

-og

auðlinda

mála

Borgartún

í 21, 105

Reykjavík

<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvup-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cupplysingar%40reykjavik.is%7C716e2e479012459b405562d9920a%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C63877540936272250CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIiAiOiJXaW4zMFOljoITWFpbCIslldUljoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=GMw5jkjmqczP%2BNEG eoH9reEUX9IQA6DhRYELxuSE%3D&reserved=0>

, Iceland
Sími /
Tel:
(+354)
5758710
www.uua.is - [
Fyrirvari/
Disclaime
r



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður o
samgöngumáti er valinn.

Please consider the environment before printing and choosing transport.

Vinsamlegast svaraðu viðkomandi á eftirfarandi netfang: uua@uua.is

This email was sent by the [Email This Issue](#) Cloud addon

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Meðfylgjandi er samþykkt Skipulagsstofnunar frá
skotípróttir á Álfnesi- í það skjal hef ég litað g
úrskurðarins.

Bls 4, 6 og 7 kemur skýrt fram að um endurnýjur
hefur HER nú gefið út **NÝTT** starfsleyfi. Á þessu

Sigríður Ingólfssdóttir

Sigríður Ingólfssdóttir

Kollafirði 13.mars 2025

Úrskurðanefnd umhverfis-og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Óskað er þess að kennitala og heimilisfang undirritaðrar komi hvergi fram, m.a. í fundargerðum, né verði deilt til annarra vegna öryggisþjónarmiða og persónuverndar.

EFNI : Kæra íbúa við Kollafjörð 162 Reykjavík

Kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 13.02.2025 um útgáfu á nýju starfsleyfi fyrir SKOTREYN-Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis Álfnesi, 162 Reykjavík, með gildistíma til 31.12.2028. Birt 13.02.2025.

Ég tel tel að ákvörðunin hafi ekki verið byggð á lögætum forsendum og krefst þess að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Réttur íbúa.

Í 1. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að markmið laganna sé að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðu umhverfi. Til að stuðla að framkvæmd mengunarvarnareftirlits er í 5. gr. laga nr. 7/1998 kveðið á um heimild til að setja reglugerð um hávaða og titring þar sem fram eiga að koma viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfishávaða, sbr. 15. tl. greinarinnar. Reglugerð nr. 724/2008 er sett með stoð í þeirri lagaheimild. Í 6. gr. laga nr. 7/1998 er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sem talinn er í viðaukum I, II og IV við lögín skuli hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út. Segir jafnframt í greininni að starfsleyfi skuli veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar. Í 13. gr. laga nr. 7/1998 er svo skýrlega kveðið á um það að heilbrigðisnefndir beri ábyrgð á því að ákvæðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim sé fylgt eftir. Samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 skal stjórnvald sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Í máli þessu reynir einkum á það hvort tryggt hafi verið við útgáfu hins kærða starfsleyfis að hljóðvist í umhverfi og íbúðum umrædds skotvallar, væri innan þeirra marka sem ásætlanleg eru talin samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar frá 11.mars 2022 að ósk HER skv.meðf. og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Fyrir liggur að ríkt tilefni er til að gæta að þessu þar sem ítrekað hafi verið kvartað yfir hávaða frá starfsemi skotvallarins til heilbrigðiseftirlitsins og leyfishafa verið gert, á grundvelli mælinga og úttekta, að ráðast í aðgerðir til að draga úr hávaða.

Þegar aðilar stjórnsýslumáls eiga öndverðra hagsmuna að gæta er stjórnvöldum skylt að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra beggja eða allra. Um 10. gr. stjórnsýslulaga, segir í frumvarpi með lögunum að: „Mál telst nægjanlega upplýst þegar þeirra upplýsinga hefur verið aflað sem eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að taka efnislega rétta ákvörðun í því. Um nánari afmörkun verður m.a. að líta til þess hversu mikilvægt málið er og hversu nauðsynlegt það er að taka skjóta ákvörðun í málinu. Því tilfinnanlegri eða meira íþyngjandi sem stjórnvaldsákvörðun er, þeim mun strangari kröfur verður almennt að gera til stjórnvalds um að það gangi úr skugga um að upplýsingar, sem búa að baki ákvörðun, séu sannar og réttar.“

Nýtt Aðalskipulag 2040

Meðfylgjandi er samþykkt Skipu-
skotíþróttir á Álfnesi- í það s
úrskurðarins.

Bls 4, 6 og 7 kemur skýrt fram a
hefur HER nú gefið út **NÝTT** sta

Sigríður Ingólfisdóttir



Skilgreining íþróttasvæðis (ÍÞ)

Tímabundin ákvæði um rekstur
skotæfingasvæða

Aðalskipulagsbreyting


Samþykkt samkvæmt 32. gr. skipulagslaga
nr. 123/2010



Samþykktar og staðfestingarferli


Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í borgarstjórn þann 11. júní 2024.



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga

nr. 123/2010 þann 26. júlí 2024



	Skipulagsstofnun
Mótt.	22 júlí 2024
Málmr.	
202303097	

1. Inngangur.....	3
2. Helstu forsendur	4
3. Markmið og tilgangur	7
4. Stefna og skipulagsákvæði til endurskoðunar	8
5. Umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingar.....	13
7. Samráð og kynningar	16
8. Umsagnar- og hagaðilar.....	17
9. Viðaukar.....	18



Mynd 1. Afmörkun skotæfingasvæða á Álfsnesi, sbr. samning frá 2003. Alls er um að ræða 40 ha svæði og hefur Skotfélag Reykjavíkur til umráða um 27 ha (b) og Skotreyrn 13 ha (c). Áætlað er að 6-8 þúsund manns noti skotæfingasvæðin á ári. Á svæðinu fer einnig fram próftaka á vegum Lögreglu höfuðborgarsvæðisins (LRH) og hreindýrpróf Umhverfisstofnunar. Svæði merkt a á myndinni var tekið frá til akstursíþróttta.

2. Helstu forsendur

Forsaga:

Á utanverðu Álfsnesi eru tvö skotfélög með aðstöðu; Skotfélag Reykjavíkur (SR) sem er íþróttafélag og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) sem er félag skotveiðimanna (sjá Mynd 1). Fyrirnefnda félagið er elsta íþróttafélag landsins, stofnað 2. júní 1867 og eru félagsmenn þess um 1.500 en almennir iðkendur mun fleiri. Þegar loka þurfti aðstöðu Skotfélags Reykjavíkur í Grafarholti árið 2000, vegna uppbyggingar íbúðarhverfis, var í kjölfarið gerður samningur við félagið um umrætt landsvæði í Álfsnesi.¹ Áður höfðu verið kannaðir hátt í 20 aðrir staðarvalkostir. Skipulag svæðisins var teiknað upp árið 2003 og var þá einnig gert ráð fyrir aðstöðu fyrir SKOTREYN á svæðinu. Svæðið var ekki tekið formlega í notkun fyrr en árið 2008. Aðstaða á svæðinu hefur verið byggð upp og kostuð af Reykjavíkurborg og hefur töluverðu verið kostað til vegna landmótunar og annarra mannvirkja.² Segja má að skotsvæðið á Álfsnesi komist næst því að vera þjóðarleikvangur skotiþróttar á Íslandi og var það m.a. notað sem keppnisvöllur á Smáþjóðaleikunum árið 2015. Opnunartími á svæðinu hefur jafnan verið takmarkaður, til að koma til móts við umkvartanir vegna ónæðis, auk þess sem mótahald hefur sætt takmörkunum af sömu ástæðu.

Framtíð skotæfingasvæðanna hefur lengi verið í óvissu. Aðalskipulag Reykjavíkur (AR2024, AR2030, AR2030) hefur ekki gert ráð fyrir tilvist skotvalla til lengri framtíðar lítið, vegna árekstra við framtíðar landnotkun. Skotvöllirnir hafa rekast á við framtíðar iðnaðarsvæði (I2) á norðvestanverðu Álfsnesi og framtíðarlegu Sundabrautar. Vegna þessarar framtíðarsynar í aðalskipulagi hafa ekki verið forsendur til að gera deiliskipulag fyrir æfingasvæðin.


¹ Samningur dagsettur 14. nóvember 2002. Með honum lýfdu drög að skipulagi svæðisins, sbr. mynd 1. Samningurinn var ekki tekið fram sem deili á þessum samkvæmt skipulagslögum. Engum stóru þó samþykki stíkt, málið raðum deilum áttu.

² Svæðisvæðið hefur verið hlutfur m.a. í þessum vegum á svæðinu, einkum vegna flóðmanna. Eftir minnkun þjóðmanna á svæðinu hefur byggðu á Kjalarnesi. Eftir það hefur verið tekið áhersla m.a. til lagfæringanna. Þetta er til koma til m.a. undir höfuðfotum til að tryggja til stæmt skipulagsvæðið eftir 2030. Engum stóru þó samþykki stíkt, málið raðum deilum áttu.

Gildandi ákvæði um skotæfingasvæðin í AR2040:

Skotfélag Reykjavíkur (SR) er með aðstöðu á utanverðu nesinu og er starfsemi þess einkum innan svæðis sem til framtíðar litið er ráðgert sem iðnaðarsvæði (I2). Í grennd við svæðið er einnig veghelgunarsvæði Sundabrautar og græn útvistarsvæði með strandlengjunni (OP28). Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis er vestan svæðis SR, í jaðri umrædds iðnaðarsvæðis, en einkum á veghelgunarsvæði Sundabrautar og útvistarsvæðinu OP28.

Í byrjun árs 2022, við samþykkt AR2040, voru sett inn sérstök ákvæði um skotæfingasvæðin og þeim skeytt við landnotkunarskilgreiningu fyrir umrætt iðnaðarsvæði (I2). Þar er kveðið á um að heimilt sé að stunda skotíþróttir tímabundið innan svæðisins, enda sé sú starfsemi þegar til staðar á svæðinu: „Framtíð skotæfingasvæðis, sem nú er á svæðinu, verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.“ (bls. 103)⁵



Mynd 2. Afmörkun skotæfingasvæða á Álfsnesi, m.t.t. stefnu AR2040 um framtíðarlandnotkun og legu Sundabrautar. Skotfélag Reykjavíkur (b) er með megin aðstöðu og starfsemi innan svæðis sem til framtíðar litið er ráðgert sem iðnaðarsvæði (I2, grátt). SKOTREYN (c) er með aðstöðu í jaðri umrædds iðnaðarsvæðis en svæði þess er einkum á útvistarsvæði (OP28) og liggur í fyrirhuguðu vegstæði Sundabrautar.

Í AR2040 (kafla 20.4) er einnig að finna almennt ákvæði, grundvallað á grein 6.1 í skipulagsreglugerð, um endurnýjun starfsleyfa á þróunarsvæðum, þar sem óvissa ríkir um framkvæmd og tímasetningu framtíðarlandnotkunar. Það kveður á um að heimilt sé að endurnýja starfsleyfi fyrir rekstur og starfsemi sem er til staðar til skemmri tíma litið, en það sé ávallt háð mati og nánari upplýsingum um

⁵Viðkomandi lardirfrunartöl eru minni, ölliðust ágreinir í skipulagsáttum. Þar sem skipulagð er skotveiðir og skotæfingar á þessum svæðum er landnotkun á þessum svæðum til framtíðar litið er ráðgert sem iðnaðarsvæði (I2, grátt). Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.

Vegna úrskurðar ÚUA um starfsleyfi SKOTREYNAR og SR er ljóst að þessar forsendur halda ekki einar. Á grundvelli þessa eru nú lagðar til breytingar á aðalskipulaginu sem skerpa frekar á stefnu um landnotkun skotæfingasvæðanna.

6

3. Markmið og tilgangur

Megin markmið tillögugerðar:


- Að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, meðan unnið er að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar og íþróttamiðstöð skotíþrótta á höfuðborgarsvæðinu.
- Að tryggja tímabundnar landnotkunarheimildir um íþróttastarfsemi (skotæfingasvæði) á Álfsnesi.
- Að leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.

4. Stefna og skipulagsákvæði til endurskoðunar


Í samræmi við ofangreint er lagt til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á aðalskipulaginu:

Sveitarfélagsuppdráttur (1:50.000):

Fyrir breytingu (gildandi skipulag):



Eftir breytingu (tillaga):



Skilgreint verður íþróttasvæði (Íþ9) á Álfnesi, alls um 33 ha að stærð og miðast afmörkun þess við núverandi starfsemi skotfélaganna. Íðnaðarsvæði I2 skerðist vegna þessa um 13,5 ha og útivistarsvæðið OP28 minnkar um tæplega 20 ha, sbr. landfræðileg afmörkun á skipulagsupprætti. Lega stíga breytist einnig til samræmis við breytta afmörkun landnotkunar, en stígar verða til frekari skoðunar í tengslum við skipulag Sundabrautar sem nú er í undirbúningi.

Sjá skýringar við sveitarfélagsupprætt í *Viðauka*.

Greinargerð AR2040:

Í kafla 10. *Opin svæði til sérstakra nota*, verður eftirfarandi bætt við lista yfir íþróttasvæði (Íþ), (bls. 105):

„**109. Skotæfingasvæði Álfsnesi.** Íþróttasvæði þar sem heimilt er að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu *allt að* til ársloka 2028. Starfsleyfið skal innihalda eftirfarandi skilyrði og mótvægisáðgerðir, í það minnsta, sbr. einnig umfjöllun í 5. kafla:

- 1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðist að jafnaði við 5 daga í viku.
- 2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur ríffilskothús.
- 3) Nota skal hljóðdeyfa í ríffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
- 4) Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreynar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.
- 5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum áðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.
- 6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni. Við undirbúning starfsleyfa framkvæmi heilbrigðiseftirlit hávaðamælingar samkvæmt gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum þar um. Verði breytingar á reglugerðum eða opinberum leiðbeiningum er varða hávaðakröfur frá skotvöllum verði þessar mælingar endurteknaðar og starfsleyfi endurskoðað gefi niðurstöður mælinga tilefni til. Heilbrigðiseftirlit framkvæmi tímabundnar vöktunarmælingar með siritandi hávaðamælum a.m.k. tvisvar á ári. Notkun blýhagla verði óheimil.
- 7) Nota skal blýlaus ríffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.
- 8) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).
- 9) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin
- 10) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að áðgerðum í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.

- 11) Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar lítið. Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa hæfilegt svigrúm í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma lítið.

Eftirfarandi breyting er gerð á skilgreiningu *iðnaðarsvæðis (I2)*, *Álfsnes-Kollafjörður* (kafli 8.2, bls. 103, sjá feitletrun):

Fyrir breytingu:


8.2. *I2. Álfsnes-Kollafjörður*. Einkum gert ráð fyrir hafnsækinni iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð en annars er iðnaðarstarfsemi ríkjandi landnotkun á svæðinu. Efnistaka er heimil á svæðinu í takti við undirbúning þess að gera svæðið byggingarhæft (sjá kafla 14. Efnistaka og efnislosun). Framtíð skotæfingasvæðis, sem nú er á svæðinu, verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.

Eftir breytingu:

8.2. *I2. Álfsnes*. Einkum gert ráð fyrir iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Efnistaka er heimil á svæðinu í takti við undirbúning þess að gera svæðið byggingarhæft (sjá kafla 14. Efnistaka og efnislosun). Stefna um afmörkun og stærð iðnaðarsvæðis verður tekin til endurskoðunar í ljósi niðurstaðna um staðarval framtíðar skotæfingasvæðis og væntanlegra breytinga á starfsemi skotfélaganna.

Vegna skerðingar iðnaðarsvæðis I2, er tafla 7.1. bls. 102 uppfærð:

Fyrir breytingu:			
	Stærð (ha)	Núverandi byggingarmagn (m ²)	Áætluð aukning (m ²)
Álfsnes-Kollafjörður (I2)	26,9	0*	50.000
* var hengtípa skotið sem 50.000 m ²			
Eftir breytingu:			
	Stærð (ha)	Núverandi byggingarmagn (m ²)	Áætluð aukning (m ²)
Álfsnes (I2)	13,3	0	25.000



Í samræmi við breytta landnotkun á sveitarfélagsuppdrætti er gerð ofangreind breyting á mynd 10 bls. 102.

5. Umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingar

Umhverfisáhrif skotæfingasvæðis:

Skotíþróttavellir eða skotæfingasvæði eru ekki tilgreind sérstaklega í Viðauka 1 í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Eftir sem áður er eðlilegt að gera grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu. Þar sem skotæfingasvæðin í Álfsnesi hafa verið starfrækt um langt skeið liggur fyrir vitneskja um helstu umhverfisáhrif á nærliggjandi svæði, sbr. umkvartanir íbúa og athuganir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (sjá til dæmis *Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020*, sjá viðauka). Við útgáfu starfsleyfa hafa verið sett fram ýmis skilyrði og tillögur um aðgerðir til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif (sjá *Viðauka*). Fyrirhuguð breyting, sem felur það í sér að núverandi og óbreytt starfsemi verði áfram á svæðinu til skemmri tíma, mun ekki leiða til nýrra eða aukinna umhverfisáhrifa. Markmiðið er að leita leiða til að draga enn frekar úr umhverfisáhrifum frá skotvöllum og skerpa á því við útgáfu starfsleyfa. Neðangreind umfjöllun byggir á þeim gögnum og upplýsingum sem þegar liggja fyrir um líkleg umhverfisáhrif.

Skotvelli eru í eðli sínu starfsemi sem hefur neikvæð umhverfisáhrif og er skilgreind sem mengandi starfsemi skv. reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisáhrif skotvalla eru einkum af tvennum toga, ónæði vegna hávaða og möguleg mengun af völdum hagla og skota.

Hávaði: Starfsemi skotvalla fylgir hávaði og ónæði. Hávaðinn ræðst af gerð byssu og skota og náttúrulegum aðstæðum t.d. hvort landslag getur skýlt fyrir áhrifum og hvort bergmál getur orðið. Til að draga almennt úr áhrifum af völdum hávaða má beita ýmsum ráðum s.s. að gera hljóðveggi- eða -manir nota hljóðísogandi efni í starfsemi eða takmarka opnunartíma hávaðavaldandi starfsemi. Aðgerðir sem mælt hefur verið fyrir um í starfsleyfi til að takmarka hávaða frá starfsemi skotvalla eru m.a. takmarkanir á opnunartíma og notkun hljóðdeyfa við riffilskotfimi. Klæða ætti skothús fyrir riffilskotfimi með hljóðeinangrandi eða -ísogandi efnum. Á velli Skotreynar ætti að snúa skotstefnu til NA gefi niðurstöður hljóðmælinga tilefni til en visbendingar eru um að það geti minnkað hávaðaálag frá starfseminni. Frekari hljóðvarnir koma til greina en ekki er grundvöllur til að útfæra þær nánar í þessari tillögu, tekið verður á slíku við gerð starfsleyfis að fengnum gögnum og mælingum sem styðja við útfærslu og notkun þeirra.

Mengun: Skotum og höglum fylgir mengun. Helst er hún út frá málum og efnasamböndum í skotunum og höglum, einkum meðan blý var algengt. Á starfstíma skotvallanna hafa verið notuð haglaskot með blýhöglum sem dreifast í ákveðinn skotgeira út frá byssunni. Samkvæmt upplýsingum frá skotfélögunum hefur dregið úr notkun skota með blýhöglum en ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það. Notkun blýhagla var bönnuð frá og með starfsleyfum gefnum út árin 2021 og ekkert bendir til þess að notkun þeirra verði leyfð á ný. Riffilskot fara í jarðvegsbana að baki skotmarki og sitja þar og er hægt að hreinsa þau úr bananum þegar og ef ástæða þykir til. Högl frá haglaskotum dreifast í ákveðinn geira út frá byssunni við hvert skot, háð veðri og vindum. Þessi dreifing nær alveg út að strandlengjunni og út í sjó og veldur því mengun í jarðvegi, á ströndu og í sjó. Mengunin getur einnig hafa borist lífríki t.d. smádyr og hryggleysingja og fugla sem nýta þá sem fæðu, en ekki hafa verið gerðar rannsóknir á því. Æskilegt væri að á skotvöllum sjálfum væri efni sem bindur mengunin og auðvelt væri að

hreinsa svo unnt væri að fjarlægja mengunina. Eins væri æskilegt að hreinsa högl af landi, úr fjöru og sjó ef til þess væru tækifæri og aðstæður.

Varðandi áhrif starfseminnar á vatnshlot (strandsjavarhlotið Straumsvík-Kjálanes, nr. 104-1391-C, „að lágmarki í góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegi ástandi“ og grunnvatnshlotið Leirvogsa, nr. 104-289-G, „magnstaða þess skal vera góð sem og efnafræðilegt ástand þess“), þá eru þau ekki vel kunn. Það er því mikilvægt að þau verði metin og könnuð, eins og kostur er, áður en ný starfsleyfi verða gefin út og starfsemi skotvallanna hefst að nýju.

Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum skotæfingasvæðis:

Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga um umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, framkominnar umsagna opinberra aðila og hagsmunaaðila og eldri starfsleyfa, er lagt til að hugað verði að eftirfarandi mótvægisáðgerðum:

Hljóðvist:

- 1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og miðast að jafnaði við 5 daga í viku. Nánar verði kveðið á um tímalengd og takmarkanir í starfsleyfum.
- 2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur ríffilskothús. Rekstraraðili skal hafa samráð við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) um útfærslu hljóðvarna
- 3) Ávallt skal nota hljóðdeyfa í ríffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
- 4) Skotstefna hefur áhrif á dreifingu hljóðs í umhverfinu. Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreynar ætti að snúa skotstefnu til NA gefi niðurstöður hljóðmælinga tilefni til en vísbendingar eru um að það geti minnkað hávaðaalag frá starfseminni.
- 5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum áðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun. HER getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni.

Mengun:

- 1) Notkun blýhagla er óheimil.
- 2) Nota skal blýlaus ríffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.
- 3) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).
- 4) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin

- 5) HER getur fyrirskipað rekstraraðila að framkvæma mælingar á mengun af völdum þungmálma frá haglaskotum, innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við ætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi HER mælingar skal rekstraraðili hafa samráð við HER um tilhögun og framkvæmd mælinga. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálma: antímon (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólybden (Mo), níkkel (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til HER strax og þær liggja fyrir. HER metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli gripa m.a. út frá ákvæðum reglugerð um mengaðan jarðveg.
- 6) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samræði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.
- 7) Mikilvægt er að meta og gera grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatnshlot, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari könnun á ástandi viðkomandi vatnshlota og rannsóknir á mögulegum áhrifum blýmengunar á vistkerfi, lífríki og fuglalíf í nágrenni skotsvæðanna, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, mætti skoða þann möguleika að huga að þeim í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Ofangreindar aðgerðir verði eftir atvikum hluti bindandi skipulagsákvæða um skilgreiningu íþróttasvæðis og útfærðar nánar og þrengdar, eftir því sem við á, við útgáfu starfsleyfa.

Áhrif breyttrar landnotkunar á iðnaðarsvæði (I2) og Sundabraut:

Breytingartillaga hefur í för með sér að framtíðariðnaðarsvæði I2 á Álfsnesi skerðist um u.þ.b. 13 ha og verður eftir breytingu um 13,3 ha. Í ljósi þess að um framtíðar iðnaðarsvæði er að ræða og settir eru skýrir fyrirvarar um að stefnan um íþróttasvæði skotíþróttar verði tekin til endurskoðunar á ný innan ákveðins tíma, þá mun breyting ekki hafa verulega áhrif á stefnu um uppbyggingu og þróun iðnaðarsvæða. Í þessu samhengi er rétt að benda á að nýtt iðnaðarsvæði var skilgreint í Álfsnesvík, um 11 ha, fyrir nokkrum árum, sem var viðbót við áður skilgreind iðnaðarsvæði í aðalskipulaginu. Þá var einnig aukið við heimildir um iðnaðarstarfsemi á Esjumelum með sérstakri aðalskipulagsbreytingu. Ennfremur er ljóst að endurmeta þarf landþörf iðnaðar til lengri tíma á næstu misserum, m.a. í ljósi flutningi steypustöðvanna úr Ártúnshöfða og verður það gert áður en stefna um íþróttasvæðið verður tekin til endurskoðunar á ný. Áhrif breytingartillögu á iðnaðarsvæði og landþörf iðnaðar og landfrekrar atvinnustarfsemi eru talin óverulega, í það minnsta til skemmra tíma lítið.



7. Samráð og kynningar

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu skrefum við mótnun tillögu, en áfangaskipting vinnunnar miðast við opinberar kynningar samkvæmt skipulagslögum.

Áformuð tillögugerð var kynnt með verklýsingu (sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga), ásamt frumdrögum að tillögu. Skjalið var auglýst í fjölmiðlum vorið 2023, sent til skilgreindra hag- og umsagnaraðila og gert aðgengilegt á vef borginnar. Gefinn var ákveðinn frestur til að koma með ábendingar og athugasemdir. Haldnir hafa verið fundir með hagsmuna- og umsagnaraðilum sem þess óskuðu og málið kynnt í íbúaráði Kjalarness. Lögformleg tillaga eru nú tilbúin til auglýsingar í 6 vikur.

Drög að tillögu (sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010) var kynnt í október og nóvember. Alls bárust 19 umsagnir og athugasemdir, þar af 8 frá lögboðnum umsagnaraðilum og 10 frá íbúum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum, auk umsagnar frá íbúaráði Kjalarness. Í athugasemdum íbúa og hagsmunaaðila eru fyrri athugasemdir við endurútgáfu starfsleyfa ítrekaðar, þ.e. um veruleg umhverfisáhrif og ónæði af starfsemi skotvallanna. Sá þáttur sem brennur helst á íbúum og hagsmunaaðilum er hávaðamengun frá starfseminni og hvaða aðferðum eigi að beita við mælingar á henni. Einnig er bent á mögulega blýmengun vegna skotæfingaanna. Fyrir liggur að mikil óánægja er meðal íbúa og fasteignaeigenda í nágrenninu með áframhaldandi starfsemi skotvallanna, þó til skemmra tíma sé, og óttast þeir að með breytingunum sé í raun verið að festa skotæfingasvæðin í sessi til lengri tíma. Vegagerðin gerir einnig athugasemd við forsendur um lengd starfsleyfa og þá sérstaklega fyrir Skotreyrn. Það gerir íbúaráð Kjalarness enn fremur og lýsir einnig yfir óánægju með að forsendur útgáfu starfsleyfa einskorðist ekki við Skotfélag Reykjavíkur, eitt félag. Vegna fjölmargra athugasemda hagsmunaaðila og umsagnaraðila, var bætt í umfjöllun um umhverfisáhrif og sérstaklega hvernig bregðast megi betur við þeim við útgáfu nýrra starfsleyfa, sem giltu þá í lengsta lagi til ársloka 2028.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 25. janúar 2024, að auglýsa tillöguna samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillagan var kynnt í skipulagsgáttinni (sjá skipulagsgatt.is), samráðsvettvangi um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum. Auglýsingin stóð yfir frá 22. febrúar 2024 og til 18. apríl sl. en ákveðið var að framlengja frestinn um 2 vikur. Haldinn var fjölsóttur íbúafundur í Klébergsskóla um auglýsta tillögu þann 10. apríl sl. Alls bárust 43 athugasemdir frá hag- og umsagnaraðilum (sjá Viðauka). Vegna þeirra voru gerðar eilítlar breytingar á auglýstri tillögu, sjá nánar umsögn dagsett 3. maí 2024, í Viðauka.

Aðalskipulagsbreytingin var send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar í júní 2024, sbr. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga og lá afgreiðsla stofnunarinnar fyrir í 8. júlí 2024 (sjá Viðauka).

8. Umsagnar- og hagaðilar

Umsagnar- og samráðsaðilar eru a.m.k. eftirtaldir:

Umsagnaraðilar	Hagaðilar
Íbúaráð Kjalarness	Íbúasamtök Kjalarness
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins	Sorpa
Kopavogsbær	Björgun
Garðabær	Veitur
Hafnarfjarðarkaupstaður	Skotfélag Reykjavíkur
Seltjarnarneskaupstaður	Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis
Mosfellsbær	Skotíþróttasamband Íslands
Kjósarhreppur	Skotvís
Bláskógabyggð	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Grimsnes- og Grafningshreppur	Íbúar og landeigendur á áhrifasvæði
Ölfushreppur	skotæfingasvæðis
Skipulagsstofnun	
Umhverfisstofnun	
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	
Minjastofnun	
Faxaflóahafnir	
Vegagerðin	
Náttúrufræðistofnun Íslands	
Borgarsögusafn	

9. Viðaukar

Skýringar við sveitarfélagsuppdrátt (1:150.000)

Erindisbréf starfshóps borgarstjóra dagsett 13. janúar 2023, „Starfshópur um framtíðarlausn á uppbyggingu og staðsetningu skotíþróttar.“

Starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur, ásamt starfsleyfisskilyrðum, dagsett 25. janúar 2023.

Starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, dagsett 26. júlí 2022 (felld úr gildi 30. desember 2022).

Skotíþróttasvæði á Álfsnesi, fornleifaskráning, Borgarsögusafn, júní 2023.

Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020.

Framkomnar athugasemdir og umsagnir við auglýsta tillögu, ásamt umsögn og afgreiðslu breytingar.

Bréf Skipulagsstofnunar vegna staðfestingar aðalskipulagsbreytingar, dagsett 8. júlí, 2024.

Skýringar við sveitarfélagsupphrátt (1:150.000)

LANDNOTKUN

-  Íbúðarbyggð (IB)
-  Samfélagsþjónusta (S)
-  Miðsvæði (M) (sjá kafla 6 og mynd 9)
-  Miðborg (M) (sjá kafla 6 og mynd 8)
-  Verslun og þjónusta (Vb)
-  Athafnasvæði (AT) (sjá kafla 7 og mynd 10)
-  Iðnaðarsvæði (I) (sjá kafla 8 og mynd 10)
-  Hafnir (H) (sjá kafla 9 og mynd 11)
-  Innvið hofn
-  Flugvællir (FV) (sjá kafla 17.3)
-  Veitur og heilunarsvæði (VH)
-  Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
-  Vegir, götur og stígar (VE)
-  Opin svæði (OP)
-  Íþróttasvæði (IB)
-  Kirkjugarðar og grafreithir (K)
-  Öbbyggð svæði (ÖB)
-  Landbúnaðarsvæði (L)
-  Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
-  Vatn, ár og sjór (V)
-  Serstök not haf- og vatnssvæða (SN)
-  Strandsvæði (ST)
-  Vatnsbóli (VB)

¹ Heimil er að gera rað fyrir undirgöngum á fleiri stöðum en mynd eru á upphrátti enda er þingangurinn að auka undirfarir þryggis og greiða greiða fyrir viðvæðum samgöngum.

² Staðsetning takist fyrir stíga á upphrátti (punktum) meðfram stíga- og tengingum og öðrum götum en ekki raðandi um hvoru megin götu stígar liggur. Hólastígar fylga almennt stíga- og tengingum, sbr. skipulagsupphráttur en heimil er að leggja sameinar hjólastíga viðar ízt samþykkt Hólaáttan.

³ Aðrar götur en stíga- og tengingur. Her undir eru stígar og húsagötur, vöðgötur og gangagötur.

SAMGÖNGUR

-  Mislæg gatnamót *
-  Akstursbrú/undirgöng *
-  Göngubúnað/undirgöng *
-  Stofnstígar ²
-  Tengistígar ²
-  Reidvegir ⁴
-  Stofnvegir
-  Tengivegir
-  Aðrir vegir ³
-  Jarðgöng/stökkar
-  Borgarlína **
-  Mörk skipulagsvæðis
-  Vaxtarmörk þéttbýlis
-  Grænn trefill
-  Rafkinur

VERNDARSVÆÐI

-  Vatnsvernd - brunnsvæði (VB)
-  Vatnsvernd - grannsvæði (VG)
-  Vatnsvernd - fjarsvæði (VF)
-  Friðlýst svæði (FS)
-  Önnur náttúruvernd (ÖN)
-  Hverfisvernd (HV)
-  Minjavernd (MV)

⁴ Heimil er að leggja reitstíga á fleiri stöðum en götverndar eru sem reitstígar á upphrátti og þá samkvæmt ákvæðinu í deiliskouag.

* Sjá kafla 17.3 í greinargerð.

** Lega Borgarlínu (hagæðakerfi almenningsgangna) sbr. staflfest. breyting á svæðissk. ouag. höfuðborgarsvæðis 2010 og 2018 og frumdrög að honum fylstu listu framkvæmda sbr. Borgarlína - 1. lesta frumdrög og frumdrög (febrúar 2021).



ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðarlausn á uppbyggingu og staðsetningu fyrir skotíþróttir

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Á Álfnesi eru starfandi tvö skotfélög, Skotfélag Reykjavíkur (SR) sem er íþróttafélag, elsta íþróttafélag í Reykjavík, og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) sem er félag skotveiðimanna. Ekki hefur verið sátt um staðsetningu skotvallanna og hafa íbúar verið ósáttir og kvartað undan hávaðamengun og jarðvegsmengun og kært starfsleyfi til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ljóst er að Sundabraut fer um þetta svæði. Því þarf að huga að framtíðarstaðsetningu fyrir íþróttamiðstöð skotíþróttar og hvenær áætlað er að flutningur skotvalla frá Álfnesi geti átt sér stað.

Hlutverk og helstu viðfangsefni:

Hlutverk starfshópsins er að leggja fram tillögur að framtíðar staðsetningu fyrir íþróttamiðstöð skotíþróttar sem hentar slíkri samstarfi í samræmi við 13. gr. íþróttalaga, í samráði við sveitarstjórnar á höfuðborgarsvæðinu gegnum SSH, íþróttahreyfinguna, skotfélögin og íslenska ríkið. Mannvirki íþróttamiðstöðvar skotíþróttar yrðu reist utan alfaraleiða og fjarri byggð og nýtist öllum skotíþróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Haraldur Sigurðsson, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs, formaður
Eiríkur Björn Björgvinsson, fulltrúi Menningar- og íþróttasviðs
Rósa Magnúsdóttir, fulltrúi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok 1. júní 2023.

Reykjavík 13. janúar 2023

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir skotvöll (Skotfélag Reykjavíkur) að Álfsnesi.

Nafn leyfishafa: Skotfélag Reykjavíkur

Heimilisfang: Engjavegur 6

Póstnúmer: 104

Kennitala: 600269-2919

Útgáfudagur leyfis: 25. janúar 2023

Gildir til: 25. janúar 2025

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og með sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotfélag Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll í Álfsnesi, dags. 25. janúar 2023.

Fyrirhugaðar breytingar á húsæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækji um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 25. janúar 2023





Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotfélag Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur, kt: 600269-2919 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir til 25. janúar 2025.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfiskilyrðum skulu ávallt vera tiltæk á starfsstöðinni og ber rekstraraðili ábyrgð á því að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.10 Almennitur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Notast skal við blýlaus riffilskot þegar því er við komið.
- 2.3 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)



3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðili er skyldur að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðísogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefna eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemið veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Nota skal hljóðdeyfing í ríffilskottími þegar því verður viðkomið.
- 3.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
- 3.4 Rekstraraðili skal í samráði við HER vinna að raunhæfum úrbótum til að minnka hávaða og ónæði frá starfseminni á gildistíma starfsleyfisins.

4. Opnunartími skotvalla

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum, laugardögum og eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfellt. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um skotkeppnir til Heilbrigðiseftirlitsins með a.m.k. 14 daga fyrirvara og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst sama fyrirvara. Verði að fresta mótí vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur að ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl. 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.
 - 4.1.4 Heimilt er að sækja um rýmri skottíma fyrir ríffla úr ríffilhúsi með hljóðdeyfingum að undan genginni hljóðmælingu (framkvæmd af eða undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur) sem sýnir að hljóðstig við íbúðarhús mælist lægra en 45 dB (LAeq). Lengsti mögulegi opnunartími, sem hægt er að sækja um, fyrir ríffla með hljóðdeyfingum er kl. 19-22 mánudaga til fimmtudaga og á laugardögum frá kl. 16-22.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.
 - 5.1.3 Fjölda ríffilskota sem innihalda blý á ári.Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.



6. Ýmislegt

- 6.1 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, förhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleysisviptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílat fyrir tóm skothylki.
- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt á ný og eldri skotælingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.
- 6.5 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli hversu langt þungmálamamengun frá haglaskotum hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal senda tillögu að því hver og hvernig framkvæma á sýnatöku og hvaða aðili sjái um mælingar á sýnunum til Heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálama: antímon (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkell (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.

Samþykkt á 137 fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 25. janúar 2023.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðisettíðil Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir skotvöll í Álfisnesi.

Nafn leyfishafa: Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis

Heimilisfang: Pósthólf 8485 Póstnúmer: 128

Kennitala: 440687-1809

Útgáfudagur leyfis: 26. júlí 2022 Gildir: 31. október 2026

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfisnesi og almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækji um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsaf þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 26. júlí 2022



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfnsesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809 í Álfnsesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir frá 26. júlí 2022 til 31. október, 2026.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma breytingar á viðkomandi reglugerðum, auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu lánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)



3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemið veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
- 3.3 Félagið skal skila til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur raunhæfum tillögum að úrbótum til að minnka hávaðaónæði af starfseminni sem m.a. en ekki eingöngu geta tekið til notkunar á hljóðisogsefnum við skotvelli og breytta skotstefnu svo fljótt sem hægt er og eigi síðar en 31. október 2023. Eftir föngum skal taka mið af skipulagsmálum, m.a. boðaðri vinnu við sérstaka breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem nær til Kjalarness, Álfsness og fleiri strjálbýlla svæða.

4. Opnunartími athafnasvæðis

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða, þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og laugardaga frá kl. 10-16.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/ eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfellt. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á: aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

6. Ýmislegt

- 6.1 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, förhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpilát fyrir tóm skothylki.



- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmur úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.
- 6.5 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipt að mæla skuli hversu langt þungmálamengun frá haglaskotum hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal senda tillögu að því hver og hvernig framkvæma á sýnatöku og hvaða aðili sjái um mælingar á sýnunum til Heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálama: antímon (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkell (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.

UMSÖGN

Viðtakandi:

Haraldur Sigurðsson

Umhverfis og skipulagssvið, Borgartúni 12-14

Sendandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skotíþróttasvæði á Álfsnesi, fornleifaskráning

Hér er greint frá fornleifarannsókn á norðanverðu Álfsnesi vegna breytingar á aðalskipulagi er varðar skotíþróttasvæði í þ.9. Svæðið er afgirt, þar hafa tvö skotfélög haft aðstöðu síðan 2005. Skotfélag Reykjavíkur á vesturhluta og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrenis á austurhluta, sjá mynd 1.

Vegna stærð svæðisins og mikilla fyrri framkvæmda á svæðinu verður gerð sér skráningarskýrsla 224 fyrir þetta svæði.¹ Sótt var um verkefnanúmer til Minjastofnunar Íslands. Verkefnið fékk númerið 3039. Vettvangsvinna fór fram í maí 2023. Áður hefur fornleifaskráning farið fram á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi í Reykjavík.² Hluti af svæðinu verður svo aftur skoðaður vegna fyrirhugaðrar Sundabrautar.



Mynd 1. Afmarkun á úttektarsvæði á norðanverðu Álfsnesi, rauð bratað. Sunnan við svæðið er motorkrossbraut þar sem áður voru tun og enn sunnar fornleifar við bæinn Álfsnes við Álfsnesvík.³

¹ Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: Fornleifaskráning fyrir Skotsvæði á norðanverðu Álfsnesi, skýrsla 224. Reykjavík 2023.

² Sindri Ellertsson Csillag: Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi í Reykjavík.

Fornleifafræðistofan, Reykjavík, 2008.

³ Borgarvefsjá. LUKR: Loftmynd 2022.

Landið sem svæðið er á tilheyrði áður jörðinni Álfnes og eru minjar skráðar undir hana. Álfness er fyrst getið í Landnámabók. Þar er nefndur Þórður í Álfnesi (fyrir og um miðja 10.öld) er var sonarsonur Halls goðlausa þess er nam land milli Mógilsár og Leirvogsár.⁴ Álfness er getið í málðaga sem Magnús biskup Gissurarson setti Þerneyjarkirkju um 1220 og var jörðin þá eign kirkjunnar. Eftir siðaskiptin féllu eignir kirkjunnar niður þegjandi og hefur Álfnes verið talin sér jörð og seld sér. Undir Álfnes heyrði Háheiði sem mun hafa lagst í eyði seint á 16. eða snemma á 17.öld og verið síðan talin með Álfneslandi. Háheiði er talin í Gíslamálðaga 1570 og eftir, og hefur þá líklega verið í byggð.⁵ Örnefnið Háheiði er rétt fyrir austan úttektarsvæðið en á utanverðu nesinu segir í örnefnalýsingu að heiti Höfði og þar sé „tóm urð“, stórgrýtt svæði með smá gróðurrimum á milli.

Skrá yfir fornleifar og yngri minjar á norðanverðu Álfnesi

Álfnes 273- 33 Varða

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
273-33		Varða	Varða	1900	365518	413227	1	0,9	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á brún sjávarhamra á norðvestanverðu Álfnesi fremst á Höfða um 700 m norðan við íbúðarhúsið í Álfnesi er varða. Varðan var skráð árið 2008 en síðan þá hefur hún hrunið, eða lækkað um helming. Þá var hún talin vera hlaðinn um 1900 og hafi mögulega verið hlaðin á gömlu vörðustæði.⁷ Varðan er ekki landamerkjavarða en vegna staðsetningar hennar á bjarg brúninni gæti hún verið mið eða siglingamerki.

Lýsing: Varðan er hlaðin úr nokkrum stórum steinum ofaná sléttri klöpp.



Mynd 2. Varða (273-33) á Höfða, norðvestan á Álfnesi. Horft til norðurs að Móum á Kjalarnesi.

⁴ Íslenskt fornbréfasafn, I.bindi 1, bls. 50 og 51.

⁵ Íslenskt fornbréfasafn, I.bindi, bls. 411-413.

⁶ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Ara Gíslasonar fyrir Álfnes (125650-273).

⁷ Sindri Ellertsson Csillag: *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfnesi í Reykjavík*.

Fornleifafræðistofan, Reykjavík, 2008, bls. 35.



Mynd 3. Varða (273-33) árið 2008, horft til norðvesturs, ljósmyndari Sindri Elertsson C silfag



Mynd 4. Varða (273-33) árið 2023, horft til norðvesturs.

Álfnes 273-34 Skotgröf

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
273-34		Skotgröf	Skotgröf	1940	366284	413249	7,5	7,5	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á norðanverðu Álfnesi ofan við Djúpuvík í Kollafirði. Norðan við jarðvegsmön við skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur, í stórgrýttri urð fast við malarslóða.

Lýsing: Skotgröfin hefur verið mótuð í stórgrýtisurð.



Mynd 5. Horft yfir skotgröf (273-34) og kollafirð til norðnord austurs að Kjalarnesi og Esju



Mynd 8. Skotgróf (273-35) og endinn á jarðvegsmön við skotsvæði, horft til norðvesturs

Niðurstöður

Á svæðinu eru skráðar þrjár minjar, ein fornleif, varða (273-33) sem er norðvestast á nesinu, sennilega mið eða siglingamerki, austar eru ummerki frá tímum hersetunnar, skotgróf (273-34) á norðanverðu nesinu og önnur (273-35) við vestur endann á jarðvegsmön Skotfélags Reykjavíkur. Fyrir utan svæðið og 30 m utan girðingar, er varða (273-32) og 48 m norðaustur af eru sennilega ummerki eftir herinn grjóthrúga og niðurgróftur (273-36), en úttekt á þeim er ekki skráð hér. Ekki er vitað hvar býlið „Háheiði“ var, en frekari rannsóknir gætu leitt það í ljós.

Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram, er það engin trygging fyrir því að ekki séu óþekktar fornleifar á svæðinu, en komi minjar í ljós við framkvæmdir skal tilkynna það Minjastofnun Íslands.

Virðingafyllst, fyrir hönd Borgarsögusafns

Anna Lía Guðmundsdóttir

Verkefnastjóri fornleifa

Margrét Björk Magnúsdóttir

Fornleifafræðingur

María Karen Sigurðardóttir

Deildarstjóri Minjavörslu og rannsókna

Afrit í tölvupost:

Minjastofnun Íslands: postur@minjastofnun.is



Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) barst á síðast liðnu ári umsókn frá Skotfélagi Reykjavíkur um endurnýjun starfsleyfis fyrir skotvöll félagsins að Álfsnesi. Dagana 3.-18. september 2020 fóru fram rannsóknir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi og voru þær liður í vinnslu nýrra starfsleyfisskilyrða auk þess sem rannsakaðar voru kvartanir sem borist hafa embættinu. Rannsókninni var skipt í tvennt.

Rannsóknir á blýmengun:

Forkönnun

Þann 3. september fór fram forkönnun á svæðinu og var þá svæðið sem nær frá enda skotbrauta og niður í fjöru gengið og jarðvegur skoðaður. Teknar voru myndir auk sýna af höglum. Niðurstöður þeirra skoðunar voru þær að talsvert magn af höglum var að finna í jarðvegi og var um að ræða bæði ný og gömul högl. Högl fundust á nokkuð stóru svæði og voru þau greinanleg í opnum jarðvegi sem er víða á svæðinu en erfiðara var að greina högl í gróðri eða í fjörusandi þó að tilvist þeirra þar hafi verið staðfest. Staðfest var að högl berast niður í fjöru frá skotsvæðunum.



Mynd 1 sýnir dæmi um opum jarðveg á svæðinu með greinilegum höglum á yfirborði

Talning á höglum í jarðvegi

Þann 18. september fór fram talning á höglum í jarðvegi. Eins og kom fram í forkönnun þann 3. september þá voru högl greinanleg í opnum jarðvegi en illgreinanleg annars staðar. Var því ákveðið að talning hagla færi fram með því að setja út talningareiti í opnum jarðvegi dreift á svæðinu og fjöldi hagla talinn á yfirborði. Reitum var reiti dreift um svæðið til að fá sem besta mynd af fjölda og dreifingu hagla á svæðinu og voru þeir í e.a. 100-150m fjarlægð frá hvoru skotsvæði. Niðurstöður voru aðgreindar milli skotsvæða.



Mynd 2 er yfirlitsmynd yfir bæði skotsvæði. Vinstri megin er skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur og hægri megin er skotsvæði Skotvæðifélags Reykjavíkur. Sýnatökustaðir þar sem högl voru talnir eru merktir með brúnum punkti.



Mynd 3 sýnir talningareit staðsettan á damgærdum sýnatökunett. Vinstri og hægri megin reitum var gefið nafn þægru.

	A	B	C	D	E
1	A1	B1	C1	D1	E1
2	A2	B2	C2	D2	E2
3	A3	B3	C3	D3	E3
4	A4	B4	C4	D4	E4
5	A5	B5	C5	D5	E5

Við talningar var settur niður rammi á hverjum sýnatökustað sem var 50 x 50 cm á stærð með innri reiti sem voru 10 x 10 cm (mynd 3). Við greiningu gagna fékk hver 10 x 10 reitur heiti. Mynd var tekin af hverjum ramma og staðsetning skráð og fjöldi hagla í hverjum 10 x 10 cm reit talinn. Við hvern sýnatökustað var einn 10x10 cm reitur valinn og höglum safnað í sýnapoka sem var merktur þeim reit til að nota við blutfallsgreiningu á blýhöglum. Til að reikna út fjölda hagla á fermetra (m^2) var fjöldi talinna hagla í hverjum 10x10 cm reit margfaldaður með 100, (þ.e. 100 10x10 cm reitir eru í



m²) og áætlaður fjöldi hagla á fermetra fyrir sýnatökureitinn fenginn með því að reikna út meðaltal þessara 25 reita. Staðalskekkja við þessa útreikninga var reiknuð með eftirfarandi formúlu.

$$\text{Staðalskekkja} = \frac{\text{Staðalfrávik}}{\sqrt{n}}$$

Niðurstöður talninga hagla

Tafla 1 niðurstöður reitatalninga á höglum og reiknaður fjöldi hagla á fermeter (m²) við skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR)

Reitur	Heildar fjöldi talinna hagla á sýnatökustað:	Reiknað meðaltal hagla á fermeter (m ²)	Staðalskekkja (+/-)
1	84	336	52
2	41	164	28
3	65	260	34
4	144	576	66
5	129	516	45
6	114	456	65
7	276	1104	87
8	99	396	50
9	101	404	45
10	15	60	26
11	69	276	39
12	145	580	68
13	150	600	54
14	429	1716	149
15	213	852	73
16	283	1132	136

Tafla 2 niðurstöður reitatalninga á höglum og reiknaður fjöldi hagla á fermeter (m²) við skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotveyn)

Reitur	Heildar fjöldi talinna hagla á sýnatökustað:	Reiknað meðaltal hagla á fermeter (m ²)	Staðalskekkja (+/-)
17	52	208	42
18	400	1600	107
19	639	2556	168
20	503	2012	194
21	349	1396	128
22	534	2136	139
23	207	828	112

Niðurstöður talninga voru notuð til að reikna áætlaðan fjölda hagla á fermeter fyrir hvert skotsvæði og má sjá þær niðurstöður í töflu 3 hér að neðan.

Tafla 3 sýnur reiknað meðaltal hagla á fermetra (m^2) fyrir alla sýnatökustaði skipt eftir skotfélögum

	Skotfélag Reykjavíkur (SR)	Skotveiðifélag Reykjavíkur (Skotreynd)
Áætlaður fjöldi hagla á fermetra (m^2)	589,3	1533,7
Staðalskekkja	103,2	282,8
Fjöldi sýna (n)	16	7

Talningar á höglum samantekt

Þegar áætlaður fjöldi hagla á fermetra (m^2) er skoðaður fyrir bæði svæðin sést að talsvert magn af höglum er að finna í jarðveginum við skotsvæðin en það var ekki óviðbúið. Greinilegur munur er á áætluðum fjölda hagla á fermetra (m^2) milli skotsvæða. Rétt er að taka fram að aðstæður eru mismunandi milli skotsvæða og er að jarðvegsmön sem er við skotvöll Skotfélags Reykjavíkur (SR) taki stóran hluta af höglum sem þaðan berst. Við skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreynd) er engin slík jarðvegsmön og sýnatökustaðir í þeirri sjónlínu við skotsvæðið.



Mynd 4 sýnur drægni haglaskota ef miðað er við 250 m radius

Skv. upplýsingum frá skotsfélögunum getur drægni haglaskota verið allt að 250 m frá skotstað og þar sem skotstefna beggja skotsvæða vísar út að sjó er víst að haglaskot berast niður í fjöruna neðan við skotsvæðin og var það staðfest í forkönnun HÉR á svæðinu.

Greining á hlutfalli blýhagla

Til fá hugmynd um hlutfall blýhagla á móti stálhöglum var ákveðið að senda högl til greiningar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem voru tekin í forkönnun þann 6. september á mismunandi stöðum á svæðinu.



Niðurstöður greiningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Skoðuð voru massahlutföll frumefna í 33 höglum og reyndust 12 þeirra vera úr stáli en 21 þeirra úr blýi. Einnig var skoðað hvort að högl væru segulmögnuð og reyndust 10 af 12 stálhöglum taka segul en þau tvö sem ekki tóku segul voru ryðguð. Við skoðum reyndust engin blýhögl taka segul. Massahlutfall af blýi í höglum var nokkuð breytilegt en blýhögl innihéldu frá 76,9 til 92,48% en stálhögl innihéldu frá 0,6 til 8,6 %. Niðurstöður greiningar eru meðfylgjandi sem fylgiskjal 1.

Niðurstöður greiningar HER á hlutfalli blýhagla

Niðurstöður greiningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sýndu að fjöldi blýhagla var talsverður en einnig að blý var að finna í bæði stál- og blýhöglum í mis miklum mæli. Einnig sýndi rannsóknin að öll heilleg stálhögl væru segulmögnuð en blýhöglin ekki og var því hægt að greina í sundur högl með segli.


Tafla 4 sýnr þá talningareitt þar sem högl voru tekin til hlutfallsgreininga

Sýnatökureitur	Blýhögl tekin úr reit	Skotsvæði
1	A1	Skotfélag Reykjavíkur
2	B1	Skotfélag Reykjavíkur
3	C1	Skotfélag Reykjavíkur
4	D1	Skotfélag Reykjavíkur
5	E1	Skotfélag Reykjavíkur
6	A2	Skotfélag Reykjavíkur
7	B2	Skotfélag Reykjavíkur
8	C2	Skotfélag Reykjavíkur
9	A1	Skotfélag Reykjavíkur
10	B1	Skotfélag Reykjavíkur
11	C1	Skotfélag Reykjavíkur
12	D1 & D3	Skotfélag Reykjavíkur
13	E1	Skotfélag Reykjavíkur
14	A2	Skotfélag Reykjavíkur
15	B2	Skotfélag Reykjavíkur
16	C2	Skotfélag Reykjavíkur
17	D2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
18	E2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
19	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur
20	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur
21	D2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
22	E2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
23	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur

Eins og áður hefur komið fram var öllum höglum í einum reit á hverjum sýnatökustað safnað og voru högl hvers sýnis aðgreind með segli. Heildarfjöldi hagla var 200 og var hlutfall blýhagla af heildarfjölda um 47%. Ekki var talin ástæða til að greina sérstaklega mun á milli svæða Skotfélags Reykjavíkur og Skotveiðifélags Reykjavíkur hvað þetta varðar



HLUTFALL BLÝHAGLA Á MÖTI STÁLHÖGLUM



Mynd 2: Myndin sýnir hlutfall blýhagra af heildarfjölda í greininni HFR.

Samantekt rannsókna á hlutfalli blýhagra

Niðurstöður greiningar benda til þess að hlutfall blýhagra sé hærra en búist var við út frá upplýsingum sem HFR hefur haft fram að þessu. Telur HFR að verði blýhögl notuð á svæðinu í sama hlutfalli og niðurstöður sýna geti það valdið jarðvegsmengun.



Hávaði og hljóðmælingar:

Mælt var á fimm stöðum og fór hljóðmæling fram þann 15. september 2020. Mælingar voru gerðar við Skriðu og Stekk, Móaberg, Esjuberg, Hvamm og í hliðum Esjunnar.


Regluverk og viðmiðunargildi:

Fjallað er um mörk fyrir hávaða í 4. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Enn fremur eru viðmiðunarmörk gefin upp í töflu III í viðauka reglugerðarinnar.


Tafla III. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.							
Tegund husnæðis	Mörk fyrir atvinnustarfsemi						
	L _{Aeq} (07:00-19:00)		L _{Aeq} (19:00-23:00)		L _{Aeq} (23:00-07:00)		L _{Amax} nött
	Við husvegg	Inni	Við husvegg	Inni	Við husvegg	Inni	Inni
Ibúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum	50	30	45	30	40	25	40
Ibúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum	55	30	55	30	40	30	45
Dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	60*	35	50*	35	50*	30	45
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði	70		70		70		
Fristundaþyggð	35		35		35		35

Athygli er vakin á eftifarandi ákvæði úr 6.gr reglugerðarinnar: "Rekstraraðilar atvinnustarfsemi skulu miða rekstur sinn við að hljóðstig í byggð sem verður fyrir áhrifum af starfsemi, verði ekki yfir mörkum í töflu III í viðauka." Í 8. gr. segir einnig: "Fórráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða."

Svæðið þar sem hljóðmælar voru staðsettir, fyrir utan mælinguna í hliðum Esjunnar, er skilgreint sem landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eins og sést á mynd 6. Hliðar Esjunnar eru skilgreindar sem opið svæði skv. aðalskipulagi. Skotvöllur Skotfélags Reykjavíkur er á svæði sem er skilgreint sem iðnaðarsvæði en skotvöllur Skotveiðifélags Reykjavíkur er á svæði sem skilgreint er sem opið svæði



Mynd 6 sýnir aðalskipulag svæðisins skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Dokk grænt er opið svæði, ljós grænt er landbúnaðarsvæði og rautt er efnistöku- og efnislosunarsvæði. Gulu punktar sýna hvar hljóðmælingar fóru fram.



Mynd 7. Myndin sýnir aðalskipulag svæðisins í kringum skotvöllina skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Dokk grænt er opið svæði, ljós grænt er landbúnaðarsvæði og dokk grátt er íbúðarsvæði. Raudu punktar sýna hvar skotvöllirnir eru staðsettir.

Búnaður:

Til mælinga var notaður: Brüel&Kjær 2250 hljóðmælir (Class I)

Fyrir mælingu var mælirinn kvarðaður með B&K 4321 kvarðara samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Notast var við stormkúlu (B&K UA-1650) á hljóðnema og var leiðrétt fyrir henni í mælingum þegar hún var notuð.



Auk þess voru settir upp tveir siritandi frá fyrirtækinu Munisense. Mælarnir tveir SPA (class 1) og SP4 (class 2) voru settir upp á ljósastaura með meðfylgjandi gagnabeini (ZGO outdoor 4G gateway) til að flytja gögnin. Mælarnir eru siritandi og eru kvarðaðir af framleiðanda.

Aðferðir:

Unnið var eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar sem gefnar voru út í mars 2011 „Leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits“

Hljóðmæling var framkvæmd þann 15. september s.l. í samvinnu við Skotfélag Reykjavíkur í þremur mismunandi skotlotum. SPA og SP4 mælarnir eru siritandi og voru því að safna gögnum á meðan allar skotloturnar stóðu yfir en færa þurfti B&K mælinn milli staða. Fyrsti mælistaður var Esjuberg, annar Hvammur og þriðji var í hliðum Esjunnar. Fyrir hverjar skotlotu var B&K hljóðmælir settur upp og skyttur látnar vita að mæling gæti hafist. Skotið var frá svæði Skotfélags Reykjavíkur og byrjað var að skjóta úr þremur mismunandi stærðum af rifflum 22, .223 og .308 inni í skothúsi án hljóðdeylis. Skotið var u.þ.b. fimm skotum úr hverjum riffli og var heildartími riffilskota um 10 mínútur. Því næst var gerð fimm mínútna hlé á mælingu á meðan skyttur færðu sig yfir á leirdúfuskotsvæði. Mæling var hafin aftur og skotið fimm sinnum úr haglabyssu með stuttu millibili á haglabyssu skotsvæði. Þegar skot lotu var lokið hringdu skyttur í heilbrigðisfulltrúa til að láta vita að skotlota væri búin. Mælir var því næst fluttur á næsta stað og ferlið endurtekið.

Eftirfarandi mælieiningar voru notaðar við mælingarnar:

- LAeq,T er jafngildishljóðstig með A-síu yfir T mínútur
- LAfmax er hæsta hljóðbil, Fast (125 ms), með A-síu.
- LCpeak er hæsti hljóðtoppur með C-síu

Öll mæligildi voru leiðrétt vegna mælióvissu (0.8 dB)

Staðsetningar mæla

Hljóðmælt var á fimm stöðum eins og sést á mynd 8 hér að neðan og var SP4 hljóðmælir staðsettur við Skriðu og Stekk. SPA hljóðmælir við Móaberg og B&K hljóðmælir á þremur staðsetningum Esjuberg, Hvammur og í hlið Esjunnar. Staðsetningar voru valdar með hliðsjón fyrri hljóðmælinga sem hafa verið framkvæmdar af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Mælistaður í hliðum Esjunnar var valinn til að meta ónæði fyrir útivistariðkenndur á svæðinu.



Mynd 8 sýnir staðsetningar hljóðmæla við hljóðmælingar þann 18. september 2020. SP4 hljóðmælir við Skriðu og Stekk (blár punktur), SP1 hljóðmælir við Möðberg (græn punktur) og B&K hljóðmælir á fremur staðsetningum Espuberg, Hvammur og í hlíð Espunnar (grár punktur). Staðsetning skotvalla Skotfélags Reykjavíkur (SR) og Skotveidutíðs Reykjavíkur (Skotveyn) er merkt með rauðum punktum.

Uppsetning B&K mælis (B&K 2250):

Fyrir mælingu var mælirinn kvarðaður inni í bíl til að forðast hljóðmengun og var það gert með B&K 4321 kvarðara samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Notast var við stormkúlu (B&K UA-1650) á hljóðnema og var leiðrétt fyrir henni í mælingum þegar hún var notuð. Hljóðnemi var settur á þríföt í u.þ.b. 1,5 metra hæð. Gætt var þess að hljóðnemi væri ekki nær vegg en 0,5m til að koma í veg fyrir skekkju vegna endurkasts. Vindhraði mældur til að ganga úr skugga um að hann sé undir 5 m/s sem eru viðmiðunarmörk fyrir hljóðmælingar sbr. leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.



Mynd 9 sýnir staðsetningar uppsetningu B&K hljóðmælis á mælistaðum. Mælistaður 1 (vinstri) er við Esjuberg, mælistaður 2 (miðja) er við Hvammi og mælistaður 3 (hægri) er í hlíðum Esjunnar.

Uppsetning SPA mælis:

SPA Hljóðmælir (class 1) var settur upp á ljósastaur með meðfylgjandi gagnabeini (ZGO outdoor 4G gateway) til að flytja gögnin. Staurinn er staðsettur skammt frá Móabergi og var mælir settur upp í u.þ.b. 3,5 m hæð. Hljóðmælir er sítandi og var settur upp þann 14. september 2020.



Mynd 10 sýnir SPA hljóðmæli uppsettan við Móaberg.

Uppsetning SP4 mælis:

SP4 hljóðmælir (class 2) var settur upp á ljósastaur með meðfylgjandi gagnabeini (ZGO outdoor 4G gateway) til að flytja gögnin. Staurinn er staðsettur við enda skógarbeltis á leiðinni upp að Skriðu og Stekk og var mælir settur upp í u.þ.b. 3,5 m hæð. Hljóðmælir er sítandi og var settur upp þann 14. september 2020.



Mynd 11 sýnir SP4 hljóðmæli uppsettan við Skriðu og Stekk

Niðurstöður hljóðmælinga:

Eftirlarandi eru niðurstöður ú hljóðmælingum sem fóru fram þann 15. september 2020 milli kl 13 og 16. Hiti var um 7 C° og vindur var undir 5 m/s á öllum mælistöðum.

Tafla 5 sýnur niðurstöður hljóðmælinga fyrra mælistaði

		Móaberg	Skriða stekkur	Ísjuberg	Hvammur	Esjuhlíðar
Mæling 1 (trifflaskot)	L _{Aeq}	44	45	51		
11:05 mín	L _{AFmax}			60		
	L _{Ceq}	70	58	94		
Mæling 2 (haglaslot)	L _{Aeq}	45	49	49		
06:07 mín	L _{AFmax}			55		
	L _{Ceq}	71	58	92		
Mæling 3 (trifflaskot)	L _{Aeq}	47	49		47	
11:05 mín	L _{AFmax}				60	
	L _{Ceq}	73	61		98	
Mæling 4 (haglaslot)	L _{Aeq}	46	51		47	
04:37 mín	L _{AFmax}				59	
	L _{Ceq}	67	60		88	
Mæling 5 (trifflaskot)	L _{Aeq}	46	51			50
10:44 mín	L _{AFmax}					65
	L _{Ceq}	72	59			99
Mæling 6 (haglaslot)	L _{Aeq}	46	53			52
07:12 mín	L _{AFmax}					61
	L _{Ceq}	70	59			97



Tafla 6 sýnir mðurstöður jafngildishljóðstígs (L_{Aeq}) fyrir alla mælistaði

	Móaberg	Skríða/stekkur	Fsjuberg	Hvammur	Esjuhlíður
Mæling 1	44 dB	50 dB	51 dB		
Mæling 2	45 dB	49 dB	49 dB		
Mæling 3	47 dB	49 dB		47 dB	
Mæling 4	46 dB	51 dB		47 dB	
Mæling 5	46 dB	51 dB			50 dB *
Mæling 6	46 dB	53 dB			52 dB *

*Ekki mælt við hus heldur opið svæði – gildi eru því aðeins til samanburðar.

Við mælingar 1-4 var einungis skotið á skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR) en þegar mæling 5 og 6 fór fram voru skotæfingar einnig hafnar á skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyn). Við hljóðmælingar 1-4 var erfitt að greina þegar skotið var á skotsvæðinu. Við mælingar 5 og 6 voru skothljóð greinilegri en þá voru skotæfingar einnig hafnar á skotsvæði Skotreynar. Ríkjandi hljóð við mælingar var umferðarniður.

Samantekt

Í töflu III í reglugerð nr. 724/2008 eru gefin upp viðmiðunargildi fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi fyrir mismunandi tegundir húsnæðis. Skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er skilgreiningin á frístundabyggð svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur. Frístundabyggð er ekki ætluð til fastrar búsetu og er því ekki hægt að nota viðmiðunargildi fyrir frístundabyggð. Nokkur húsanna sem mælt var við hafa fasta búsetu og var því miðað við viðmiðunargildi fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæði.

Þegar jafngildishljóðstíg mælinga (tafla 5) eru borin saman við gildandi viðmiðunargildi sést að mælingar eru undir eða við viðmiðunargildin fyrir tímabilið kl. 7-19 (50 dB) en hins vegar eru gildin aðeins yfir viðmiðunargildum fyrir tímabilið kl. 19-23 (45 dB). Í núverandi starfsleyfisskýrðum er heimilaður opnunartími skotvalla eftirfarandi:

á veturna, frá 16. september til 14. apríl: á virkum dögum frá kl. 12-20 og á laugardögum frá kl. 12-18.

á sumrin, frá 15. apríl til 15. september: á virkum dögum frá kl. 10-22 og á laugardögum frá kl. 10-18.

Þar sem mældur hljóðstyrkur fór yfir viðmiðunargildi fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi fyrir tímabilið kl. 19-23 telur HER að rétt sé að stytta opnunartíma að kvöldi, þ.e. milli kl. 19-23, til að takmarka ónæði vegna skothljóða.

Skilgreiningar:

Merking orða og orðasambanda skv. reglugerð (724/2008) um hávaða.

$L_{Aeq,T}$: Jafngildishljóðstíg (Equivalent Continuous Noise Level) yfir tiltekinn tíma T og mælieining er dB. A-ið er svo sú tíðnisía sem er notuð og líkir eftir þeirri tíðni sem við nemum (20 Hz til 20 kHz).

L_{Amax} : Hámarkshljóðstíg (Fast Maximum A-weighted Noise Level) í dB yfir ákveðinn tíma. F stendur fyrir fast eða 125 ms og A-ið er tíðnisían.



L_{Cpeak}: Hæsti hljóðtoppur

Hljóðstig: Mælikvarði á hljóðstyrk, oftast mælt í desíbelum með svonefndri A - síu sem líkir eftir næmi eyrans. Hljóðstigið er þá táknað LA og mælieiningin er dB(A).

Hæsti hljóðtoppur: Hæsti hljóðtoppur (sekúndubrot) á mælitímanum skv. C-síu. Ef hæsti hljóðtoppur er mældur í dB(C), er hann táknaður LCpeak. Ef mælt er með C-síu þá er hljóðstigið táknað LC og mælieiningin dB(C).

L_{Aeq,T}: Jafngildishljóðstig, mælt yfir tímabil T (t.d. T=24 stundir eða T= frá kl. 07 til kl. 19)

Jafngildishljóðstig: Vegið meðaltalshljóðstig, táknað L_{eq}, sem samsvarar sömu hljóðorku á mælitímanum og hinn raunverulegi breytilegi hávaði. Ef jafngildishljóðstigið er mælt í dB(A), er það táknað L_{Aeq}.

Fristunabyggð: Byggð fristundahúsa, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu

Íbúðarsvæði: Svæði þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar kann þó einnig að vera gert ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Fylgiskjöl

Niðurstöður Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á massagreiningu frumefna í höglum



Reykjavík, 5. maí 2024

Mál: Skotæfingasvæði á Álfsnesi. Skilgreining íþróttasvæðis (ÍÞ). Tímabundin ákvæði um rekstur skotæfingasvæða. Afgreiðsla aðalskipulagsbreytingar sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Umsögn og viðbrögð vegna framkominna athugasemda við auglýsta tillögu.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 25. janúar 2024, að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Í tillögunni felst að breyta hluta iðnaðarsvæðis (I2) og opins svæðis (OP28) í íþróttasvæði fyrir skotæfingar og skotíþróttir (ÍÞ9). Markmið breytingar er að skapa áframhaldandiskilyrði fyrir starfsemi skotfélaganna sem nú er til staðar á svæðinu, til skemmri tíma lítið, meðan unnið er að því að finna framtíðarsvæði fyrir skotíþróttir á höfuðborgarsvæðinu. Tillagan var kynnt í skipulagsgáttinni (sjá skipulagsgatt.is), samráðsvettvangi um skipulagsmál. Auglýsingin stóð yfir frá 22. febrúar 2024 til 18. apríl sl. en ákveðið var að framlengja athugasemdafrestinn úr 6 vikum í 8 vikur. Haldinn var fjölsóttur íbúafundur í Klébergsskóla um auglýsta tillögu þann 10. apríl sl.

Kynningar- og umsagnarferli fram að auglýsingu og mótun tillögu:

Verklýsing og frumdrög að tillögu voru upphaflega kynnt og auglýst og send hag- og umsagnaraðilum, sbr. 1. og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, vorið 2023 og bárust allmargar athugasemdir og umsagnir. Drögin voru kynnt á opnum fundi íbúaráðs Kjalarness þann 19. apríl 2023. Þau voru jafnframt rædd á sérstökum fundi með íbúum í nágrenni skotæfingasvæðis þann 13. apríl 2023. Endurbætt drög (sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga) að undangengnu samráði við Skipulagsstofnun, voru kynnt formlega í skipulagsgáttinni haustið 2023, með athugasemdafresti til 2. nóvember. Þau voru kynnt á ný á opnum fundi íbúaráðs Kjalarness þann 12. október 2023 og send skilgreindum umsagnar- og hagaðilum til kynningar. Alls bárust 19 umsagnir og athugasemdir við drögin, þar af 8 frá lögboðnum umsagnaraðilum og 10 frá íbúum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum, auk umsagnar frá íbúaráði Kjalarness. Í athugasemdum íbúa og hagsmunaaðila við drögin voru fyrri athugasemdir við endurútgáfu starfsleyfa ítrekaðar, þar sem bent var á veruleg umhverfisáhrif og ónæði af starfsemi skotvallanna. Sá þáttur sem brann helst á íbúum og hagsmunaaðilum var hávaðamengun frá starfseminni og hvaða aðferðum eigi að beita við mælingar á henni. Einnig var bent á mögulega blýmengun vegna skotæfinganna. Fyrir lá að mikil óánægja væri meðal íbúa og fasteignaeigenda í nágrenninu með áframhaldandi starfsemi skotvallanna, þó til skemmra tíma væri, og óttuðust þeir að með breytingunum væri í raun verið að festa skotæfingasvæðin í sessi til lengri tíma. Vegagerðin gerði einnig athugasemd við forsendur um lengd starfsleyfa og þá sérstaklega fyrir Skotreyrn. Það gerði íbúaráð Kjalarness ennfremur og lýsti einnig yfir óánægju með að forsendur útgáfu starfsleyfa einskorðaðist ekki við Skotfélag Reykjavíkur, eitt félag. Vegna fjölmargra athugasemda hagsmuna- og umsagnaraðila, var bætt verulega í umfjöllun um umhverfisáhrif og sérstaklega hvernig bregðast mætti betur við þeim við útgáfu nýrra starfsleyfa, sem giltu í lengsta lagi til ársloka 2028. Mikilvægt var talið að setja ríkari kröfur við útgáfu starfsleyfa og um vöktun starfseminnar. Í ljósi þessa var ákveðið að í auglýstri tillögu yrðu settir strangari skipulagsskilmálar og ákvæði um mögulegar mótvægisáðgerðir, sem taka þyrfti tillit til við útgáfu starfsleyfa. Að öðru leyti var tillagan, sem samþykkt var í auglýsingu, efnislega samhljóða drögunum sem kynnt voru haustið 2023.

Athugasemdir við auglýsta tillögu sem bárust á tímabilinu 22. febrúar til 18. apríl 2024. Yfirlit:

Alls bárust 43 umsagnir og athugasemdir við auglýsta tillögu, þar af 12 frá lögboðnum umsagnaraðilum og 30 frá íbúum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum, auk umsagnar frá íbúaráði Kjalarness.

Ummsögn vegna athugasemda, svör við einstökum atriðum og afgreiðsla endanlegrar tillögu:

Megin markmið aðalskipulagsbreytingar er að tryggja skilyrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur (SR) og Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) til skemmri tíma lítið í Álfsnesi, meðan fundinn er framtíðar staðsetning fyrir félögin. Ljóst má vera að það mun taka nokkurn tíma að klára endanlegt staðarval, undirbúa nýtt svæði, semja við landeigendur, vinna skipulag og umhverfismat og hanna og undirbúa framkvæmdir. Sú vinna er hafin fyrir nokkru, það er forathugunar og staðarval, að hálfu Reykjavíkurborgar, en fyrir dyrum stendur frekari undirbúningur og vinna starfshóps á vegum SSH, þar sem lögð er áhersla á samstarf allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, auk nágrannasveitarfélaga og Skotíþróttasambands Íslands. Í aðalskipulagsbreytingunni eru sett fram skýr ákvæðiað um tímabundna landnotkun sé að ræða og að stefnan verði tekin til endurskoðunar innan 4 ára.

Annað megin markmið aðalskipulagsbreytingar er að leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi. Ljóst má vera að ekki er unnt að ráðast í mjög kostnaðarsamar mótvægisáðgerðir, þegar fyrir liggur að starfsemin verði á svæðinu aðeins til skemmri tíma lítið. Hinsvegar er hægt að draga verulega úr áhrifum með smærri áðgerðum og skilyrðum sem sett eru fram í nýjum starfsleyfum. Í aðalskipulagstillögu og í takti við framkomnar athugasemdir í ferlinu öllu, er því lögð áhersla á að setja bindandi ákvæði um það hvaða lágmarkskröfur eigi að setja fram í starfsleyfum og skýra skilmála um hámarks lengd þeirra. Kröfur í starfsleyfum geta síðan gengið enn lengra en segir í ákvæðum aðalskipulagsins.

Framkomnar umsagnir og athugasemdir á auglýsingatíma eru í flestu efnislega samhljóða þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið á fyrri stigum og þá einkum við drögin sem auglýst voru í skipulagsgáttinni síðastliðið haust. Hér að neðan er fjallað um helstu athugasemdir sem kalla á sérstök viðbrögð.

Sá þáttur sem brennur á íbúum og hagsmunadílum sem mótmæla starfseminni og umræddri breytingu á aðalskipulagi, er hávaðamengun frá starfseminni, fyrirkomulag skotsvæða (m.a. skotstefna) og hvaða aðferðum eigi að beita við mælingar á hávaðamengun. Einnig eru áhyggjur af mögulegri blýmengun vegna skotæfinganna og af öðrum neikvæðum umhverfisáhrifum á lífríki og náttúru á svæðinu og í grennd við það. Fyrir liggur að mikil óánægja er meðal íbúa og fasteignaeigenda í nágrenninu með áframhaldandi starfsemi skotvallanna, þó til skemmra tíma sé (sjá athugasemdir nr. 2, 4, 10-16, 18-23, 25, 26), og er lagt til í sumum athugasemda að starfsleyfi gildi að hámarki til 2ja ára ef af breytingu verður. Sértekjum athugasemdum vegna mögulegrar mengunar og hvernig staðið er að eftiliti og vöktun er vísað til væntanlegrar útgáfu starfsleyfa, sbr. einnig bindandi ákvæði aðalskipulagsbreytingar um mótvægisáðgerðir. Einnig er minnt á að skilmálar og kröfur í aðalskipulagi eru að lágmarki og mögulegt er að fylgja þeim fastar eftir við útgáfu starfsleyfa og að tímamörk starfsleyfa samkvæmt aðalskipulagi er heimil hámarks tímalegd leyfa.

Varðandi athugasemd nr. 4, þar sem vikið er að nálægð skotæfingasvæðis við fuglabjarg, sbr. reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr. 456/1994, þá segir orðrétt í síðasta mgr. 8. gr. „Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Ennfremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum“. Skilgreiningin á fuglabjargi í 1. gr. sömu reglugerðar er eftirfarandi: „Fuglabjarg: Varpland bjargfugla í sjávarhömrum. Einkum er átt við svartfugla, en einnig ritu og súlu.“ Ekki er alveg ljóst hvort átt sé við að orðið fuglabjarg eigi einungis við ef svartfugl, rita og súla verpi í bjarginu. Í tilvitnaðri skýrslu „Fuglar og gróður í Álfsnesi. Unnið fyrir Sorpu.“ (Febrúar 2009, Jóhann Óli Hilmarsson, Ólafur Einarsson, https://www.samlausn.is/media/12/SK-000-008-2.140.006_Fuglar-og-grodur.pdf) verður í fljótu bragði ekki annað lesið en að þær hreiðurtölur sem birtast í athugasemdinni eigi við um fylshreiður en ekki um svartfugl, ritu eða súlu.

Vegagerðin (nr. 32) gerir áfram athugasemd við forsendur um lengd starfsleyfa og þá sérstaklega fyrir Skotreyn og bendir á að framkvæmdir hefjist mögulega við Sundabraut á árinu 2026 og þá þurfi að

gæta vel að öryggisjónarmiðum vegna nálægðar við skotæfingasvæðin. Athugasemdinni er vísað til útgáfu starsleyfa og sérstaklega útgáfu starfsleyfis til Skotreynar.

Íbúaráð Kjalarness (nr. 36) gerir einnig athugasemdir við lengd starfsleyfa og lýsir einnig yfir óánægju með að forsendur útgáfu starfsleyfa einskorðaðist ekki við Skotfélag Reykjavíkur, eitt félaga. Íbúaráðið setur einnig fram efasemdir um að að hljóðmælingar séu framkvæmdar með upplifun íbúa/útivistarfólks að leiðarljósi, þar sem um meðaltalsmælingar er að ræða en ekki þegar hvað háværast er. Því er til að svara að hljóðmælingar eru framkvæmdar á staðlaðan hátt eins og mælt er fyrir um í leiðbeiningum um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits (Umhverfisstofnun 2011), og í þeim mælingum er einnig mældir hæstu hljóðtoppar. Athugasemd íbúaráðsins vegna fyrirkomulags mótshalda á skotæfingasvæðunum er vísað til útgáfu starfsleyfa.

Umhverfisstofnun (nr.35) ítrekar athugasemdir við fyrri drög og leggur sérstaklega áherslu í sinni umsögn á möguleg áhrif starfseminnar á vatnshlot, þ.e. strandsjávarhlotið Straumsvík-Kjálanes (nr. 104-1391- C) 2 og grunnvatnshlotið Leirvogsá (nr. 104-289-G). "Í samræmi við lög um stjórn vatnamála hafa verið sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin en strandsjávarvatnshlotið Straumsvík-Kjálanes skal vera í að lágmarki góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegi ástandi. Magnstaða grunnvatnshlotsins Leirvogsá skal vera góð sem og efnafræðilegt ástand þess. Umhverfisstofnun bendir á að umhverfismarkmiðin eru láglega bindandi og má ástand vatnshlotanna ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega." Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um áhrif á vatnshlotin í tillögunni og hvaða umhverfismarkmið gilda um þau og ástand þeirra. Stofnunin leggur til að áður en starfsleyfi séu veitt sé mikilvægt að framkvæmdaraðili geri mat á áhrifum starfseminnar á vatn. Tekið er undir sjónarmið Umhverfisstofnunar varðand verndarmarkmið viðkomandi vatnshlota en í fyrirbyggjandi tillögu (bls. 15) segir eftirfarandi um þetta: "Við rannsóknir og undirbúning að gerð Sundabrautar skal huga að því hvort hægt sé samhliða að gera rannsókn á mögulegum áhrifum blýmengunar á vistkerfi, lífríki og fuglalíf í nágrenni skotsvæðanna, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum." Vegna þessa er lagt til að skerpt verði frekar á skilmálum vegna útgáfu starfsleyfa, þ.e. að fyrir útgáfu þeirra verði lagt mat á áhrif starfseminnar á vatnshlot og umfjöllun um umhverfisáhrif uppfærð í samræmi við ábendingu.

Heilbrigðiseftirlit (HER, nr. 34) setur m.a. fram athugasemdir varðandi framkvæmd mælinga vegna hávaða. HER bendir "á varðandi ákvæði um vöktun hávaða (ákvæði 6 undir "hávaði" í kafla 5) að óljóst er að hverjum ákvæðið beinist þ.e. rekstraraðila eða eftirlitsaðila. Vöktun hávaða hefur gildi til að meta hvort starfsemi fer fram utan heimilaðs tíma í starfsleyfi en gagnsemi vöktunar hvað varðar mat á hávaða og ónæði er óljóst. Vöktun getur ekki farið fram samkvæmt stöðlum sem notaðir eru við hljóðmælingar sem HER hefur framkvæmt og eru til grundvallar skilyrðum í starfsleyfi, og erfitt að sjá að hægt verði að byggja kröfur HER á niðurstöðum vöktunar, þar hljóta formlegar hávaðamælingar alltaf að liggja til grundvallar. Ef um sívöktun er að ræða gæti það orðið kostnaðarsöm aðgerð. Betra væri ef til vill að tilgreina í starfsleyfisskilyrðum að HER framkvæmi eftirlitsmælingar reglubundið sem partur af eftirliti með starfseminni (á kostnað rekstraraðila)." Eðlilegt er að HER, sem eftirlitsaðili, framkvæmi vöktun en rekstraraðili þ.e. skotfélagin beri kostnað, eins og í annarri starfsemi. Vöktun kemur ekki í staðinn fyrir hljóðmælingar og ekki hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á niðurstöðum vöktunar þar sem vöktun fer ekki fram í samræmi við áður nefndar leiðbeiningar UST. Vöktun getur gefið vísbendingar um hvort opnunartímar séu virtir, hávaðaalagi eftir tíma dags og áhrif vinds, stefnu og styrks á hvernig hávaði frá starfseminni berst. Vegna athugasemda HER verður skerpt á viðkomandi ákvæði í skilmálum aðalskipulags, sbr. hér að neðan.

Heilbrigðiseftirlit (HER, nr. 34), setur einnig fram eftirfarandi athugasemd varðandi mengun og bendir á að "varðandi ákvæði um frekari rannsóknir (skilyrði 7 undir "Mengun" í kafla 5) að óljóst er hvaða aðili skuli hafa frumkvæðið og bera ábyrgð á frekari rannsóknum á áhrifum blýmengunar þó kveðið sé á um að Reykjavíkurborg skuli bera kostnað af rannsóknunum. Þá þyrfti að skilgreina betur hvað á að rannsaka, beinist rannsóknin eingöngu að áhrifum á lífríki eða er einnig ætlað að meta styrk og dreifingu blýmengunar í jarðvegi og fjöru út frá skotsvæðunum? HER bendir á að mengunarlegt

ástand svæðisins frá því áður en starfsemin skotvalla hófst er ekki þekkt og því er samanburður til að meta áhrif af starfseminni erfiður. Nálægð við urðunarstað Sorpu er enn fremur óvissuþáttur þar sem ekki er hægt að útiloka urðunarstaðinn sem uppruna hvers konar mengunar." Lagt er til að skert verði á þessum atriðum við útgáfu starfsleyfa.

Skotfélag Reykjavíkur, Skotíþróttasamband Íslands, Skotveiðifélag Íslands, Skotreyn og einstaklingar (sjá nr. 27-30 og nr. 3, 5-9, 11, 17), fagna og hvetja til þess að aðalskipulagsbreytingin verði staðfest þannig að mögulegt verði að opna svæðin á ný. Í athugasemd Skotfélags Reykjavíkur er lagt til að orðalagið um tímabundin ákvæði "...allt að til ársloka 2028" verði breytt í "...en þó er heimilt að framlengja starfsleyfið ef niðurstaða er ekki komin í vinnu við að finna og setja upp nýtt skotsvæði". Skotíþróttasambandið Íslands tekur undir þá athugasemd. Lagt er til að ekki verði fallist á þá breytingartillögu og að tímamörk verði óbreytt, eins og aðalskipulagsbreytingin var auglýst. Þrengri tímamörk munu mögulega veita umræddum starfshöpi um framtíðarstað meira aðhald en ef mörkin eru sveigjanlegri. Einstakar athugasemdir Skotfélags Reykjavíkur er vísað til útgáfu starfsleyfa, sbr. einnig athugasemdir Heilbrigðiseftirlits hér að ofan.

Að loknu fyrra kynningarferli við drögin, haustið 2023, voru gerðar verulegar endurbætur á tillögunni áður en hún fór í umrædda auglýsingu og settar fram auknar kröfur um það sem þarf að horfa til við útgáfu starfsleyfa. Það er ljóst að seint verður sköpuð full sátt um starfsemi skotfélaganna með hertum skilyrðum og mótvægisáðgerðum einum. Í þessu samhengi þarf hinsvegar að horfa til þess að aðalskipulagsbreytingin gengur útfrá því að starfsemin verði aðeins 4-5 ár í viðbót á svæðinu. Í ljósi ofangreinds og framkominna athugasemda er lagt til að ekki verði gerðar verulegar breytingar á auglýstri tillögu, s.s. varðandi heimildir um tímamörk starfsleyfa eða frekari bindandi kröfur um mótvægisáðgerðir við útgáfu leyfa. Hér er rétt að minna á að líta skal á ákvæði aðalskipulags sem lágmarkskröfur og að mögulegt sé að ganga lengra en þær við útgáfu starfsleyfa. Það á m.a. við um tímalengd starfsleyfis Skotreynar, sem getur verið háð áformuðum framkvæmdum við undirbúning Sundabrautar, sbr. athugasemd Vegagerðar. Framkomnar athugasemdir og umsagnir og einstök atriði sem þar eru ávörpuð, s.s. í umsögnum opinberra aðila, verða höfð til hliðsjónar við mótun og útgáfu starfsleyfa. Lagt er þó til að skert verði á ákvæðum um vöktun og eftirlit með hávaða frá skotæfingasvæðinu, sbr. ábendingar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og enn fremur ákvæðum um áhrif á vatnshlot sbr. athugasemd Umhverfisstofnunar. Eftirfarandi breytingar verði gerðar á viðkomandi ákvæðum bls. 10-11 í greinargerð aðalskipulagsbreytingar (viðbætur eru feitletraðar) og kafla 5, eftir því sem við á:

(liður 6) „Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni. Við undirbúning starfsleyfa framkvæmi heilbrigðiseftirlit hávaðamælingar samkvæmt gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum þar um. Verði breytingar á reglugerðum eða opinberum leiðbeiningum er varða hávaðakröfur frá skotvöllum verði þessar mælingar endurteknaðar og starfsleyfi endurskoðað gefi niðurstöður mælinga tilefni til. Heilbrigðiseftirlit framkvæmi tímabundnar vöktunarmælingar með siritandi hávaðamælum a.m.k. tvisvar á ári. Notkun blýhagla verði óheimil.“

(liður 12) „Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseinnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásætlanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.“

Að öðru leyti er framkomnum athugasemdum og umsögnum vísað til frekari umfjöllunar við mótun og útgáfu væntanlegra starfsleyfa.

Haraldur Sigurðsson

Hag- og umsagnaraðilar

Dagsetning

Blaðsíðutal

1. Einar Kristján Haraldsson	18/03/2024	2
2. Bára Guðjónsdóttir	27/03/2024	3
3. Kristján Kristjánsson	31/03/2024	4
4. Guðmundur Lárusson	02/04/2024	5-41
5. Hjalmar Ævarsson	13/04/2024	42
6. Johann Þór Hopkins	15/04/2024	43
7. Kjartan Ingi Lorange	15/04/2024	44
8. Guðmundur Pálsson	15/04/2024	45
9. Eiríkur Björnsson	15/04/2024	46
10. Guðríður Gunnarsdóttir & Björn Ólafsson	15/04/2024	47
11. Rósant Máni Sigurðsson	16/04/2024	48
12. Helga Sigurðardóttir, Kjartan Sigurðsson & Sigurborg Sigurðardóttir	16/04/2024	49
13. Anja Þórdís Karlsdóttir & Kristbjörn Haraldsson	16/04/2024	50-51
14. Rúna Hauksdóttir Hvannberg & Guðmundur Hermannsson	16/04/2024	52
15. Hreinn Hákonarson	17/04/2024	53-54
16. Þorbjörg Gígja	17/04/2024	55
17. Bjarki Þór Kjartansson	17/04/2024	56
18. Hrefna Stefánsdóttir, Helga Rúna Guðafsdóttir, Berglind Sunna Stefánsdóttir & Birna Stefánsdóttir	17/04/2024	57
19. Marius Þór Jónasson	17/04/2024	58
20. Hjördís Hendriksdóttir	18/04/2024	59
21. Eiríkur Hans Sigurðsson	18/04/2024	60
22. Berglind Sunna Stefánsdóttir	18/04/2024	61
23. Guðbergur Gretar Birkisson	18/04/2024	62
24. Ingrid E. Liselotte Viding	18/04/2024	63
25. Sigríður Ingólfsdóttir	18/04/2024	64-79
26. Ragnheiður Jóna Jónsdóttir & Arnór Víkingsson	18/04/2024	80
27. Skotveiðifélag Íslands	15/04/2024	81
28. Skotfélag Reykjavíkur	18/04/2024	82
29. Skotþróttasamband Íslands	18/04/2024	83
30. Skotreyn- Skotfélag Reykjavíkur og nágrennis	18/04/2024	84
31. Veitur	28/02/2024	85
32. Vegagerðin - Öll svæði	04/04/2024	86
33. Nátturufraeðistofnun Íslands	17/04/2024	87
34. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar	18/04/2024	88
35. Umhverfisstofnun	19/04/2024	89-91
36. Íbúaráð Kjalarness, Heimir Snær Guðmundsson	17/03/2024	92-93
37. Kópavogur	14/03/2024	94-95
38. Seltjarnarnesbær	18/04/2024	96
39. Garðabær	20/03/2024	97
40. Mosfellsbær	27/03/2024	98
41. Hvalfjarðarsveit	11/04/2024	99
42. Ölfus	11/04/2024	100
43. Minjastofnun Íslands	19/04/2024	101-102

Ég tel þetta frábæra lausn á erfiðu máli. Það er ekki margt sem fer jafn vel með annarri strafsenu á svæðinu.

Ég tel að þarna geti orðið vonduð framtíðarlausn.

Ónæði vegna hávaða er í raun minn en af ymiskonar iðnaðarstarfsemi sem þegar er leyfð á svæðinu.

Þess má geta að skotsvæði Hafnrafjarðar er inni á iðnaðarsvæðinu þar og órskot frá byggð.

Eina sem mér lyst ekki á er að opnunartíminn sé takmarkaður við 5 daga í viku.

Teldi eðlilegt að slík takmörkun færi fram á gundvelli hljóðmælinga og kæmi þá fram í strafsleyfi.

Það er bjargfost trú mín að með mótvægisáðgerðum, gerð mana úr efni sem fellur til við gerð Sundabrautar, ætti ónæði að slíkum velli að vera langt undir öllum viðmiðunarkröfum og

því óþarfi að takmörka opnunartíma í skipulagi.

Ég er fyrrverandi íbúi á Kjalarnesi. Hrökklaðist í burtu undan skothriðinni 2012 og er ekki sú eina sem gafst upp á að bua við nánast stöðuga skothrið frá þeim í Álfarnesi. Vil vara við því að þetta verði áfram leyft. Mín reynsla af þessum skotfélagi/um er að opnunartímar voru ekki virtir og skotið hvernær sem var dagsin og hvaða daga sem var með tilheyrandi hávaða frá bissum og rifflum. Höguðu sér eins og sumir aðrir skotglaðir einræðisherrar. Bara Guðjónsdóttir fyrrverandi íbúi í Hvammi.

Kristján Kristjánsson

Nú fer vonandi senn að ljuka því erfiða starfsumhverfi sem Skotfélag Reykjavíkur hefur mátt búa við um allt of langan tíma. Kominn er tími til að eista íþróttafélag Íslands, Skotfélag Reykjavíkur stofnað 1867, fái viðunandi skilyrði til að halda áfram skotíþróttastarfssemi hér í höfuðborg Íslands sem rekja má allt til þess tíma að fyrsta skotsvæði félagsins var í hjarta Reykjavíkur og ber gotuheitð Skóthúsvegur sem liggur yfir tjörnina vitni um það.

Skotíþróttamenn félagsins hafa lagt mikið erfiði á sig til að taka þátt í skotíþróttamótum hérlendis og erlendis. Má í því sambandi nefna að keppnismenn á vegum félagsins hafa keppt á ólympíuleikum í skotfimi og ymsum virtum mótum á erlendri grund með frábærum árangri. Æfingasvæðið er hægt að gera þannig úr garði að um enga hávaðamengun frá svæðinu verði að ræða umfram þann hávaða sem hlýst af umferð sem verður um Sundabraut. Oft á tíðum eru svona skotsvæði erlendis innan borgarmarka og þykir það sjálfsögð staðsetning. Sem úrræði mætti nefna að hækka hljóðmanir sem eru á svæðinu og fylla upp í geilar sem eru á þeim. Einnig mætti bæta við hljóðelnangrandi veggjum og stunda þar skógrækt svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru verkefni sem ráðast þarf í og líta á sem hverja aðra fjárfestingu í íþróttastarfssemi. Varðveita verður þá miklu fjárfestingu sem þegar hefur verið lögð í íþróttasvæðið og gera það starfhæft með sjálfbærum hætti í framtíðinni. Hafa verður í huga að hljóðmælingar hafa verið framkvæmdar af innlendri opinberri stofnun og niðurstaður sýndu að hávaði var vel innan viðurkenndra marka.

Huga verður að því að opnunartímar svæðisins verði á þann hátt að skotíþróttamenn hafi tíma til þess að stunda íþrótt sína því um er að ræða folk sem flest er í almennri vinnu og stundar íþróttina á kvöldin eftir að vinnudag líkur og um helgar. Einnig verður að huga að því að þegar mót eru haldin þá er það ferli sem tekur þrjá daga. Algengt er að nota verði föstudag sem æfingadag fyrir mótíð og laugardag og sunnudag sem keppnisdaga. Í minum huga er starfræksla æfingasvæðisins á Alfsnesi dæmi um það að huga verður að því að hlúa verður að mikiðvægru íþróttastarfssemi sem þykja ætti sjálfsgætt að efla og rækta þannig að sömi se af og verði dæmi um biomlegt og árangursríkt íþróttastarf í framtíðinni.

Mál nr. 716/2023 Skotæfngsvæði Álfnesi – breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040



Barátta okkar síðustu 15 ár hefur haft gríðarlegar afleiðingar fyrir okkur íbúa og landeigendur og við óskum engum að ganga þá þrautagöngu. Reykjavíkurborg hefur keypt upp eignir vegna hávaðamengun af fjölskyldu sem hafa ekki getað búið við heilsuspillandi hávaða og selt aftur með kvöðum um að ekki megi kvarta undan hávaða frá skotsvæðunum. Þetta eru þau mannréttindin sem við í Kollafirði búum við af hálfu Reykjavíkurborgar. Margir hafa þurft að flytja og sumar eignir eru í eyði vegna hljóðmengunar. Blýmengun í sjó og fjöru er grafalvarleg og hefur HIER hunsað beiðni Náttúrufræðistofnunar Íslands um að taka sýni í fjöru. Einnig hefur HIER ekki sinnt neinu eftirliti á Álfnesi á ráði og höfum við íbúar og landeigendur þurft að berjast í mörg ár fyrir því að rekstraraðilar fari eftir starfsleyfisskilyrðum án árangurs og vorum það við sem börðust hatrammlega við HIER til að koma á blýbanni þar sem fjaran í Djúpuvík sem er mikilvæg sjófugla byggð er full af blýi. Evrópusambandið hefur bannað allt blý í kringum votlendi, þar sem yfir 1 milljón fugla deyja ár hvert í evrópu við að innbyrða blýhögl. En Reykjavíkurborg setur upp tvo skotvelli við mikilvæga sjófugla byggð og lítil sem ekkert eftirlit hefur verið með þeirri starfsemi í 16 ár. Tugir tonna af blýhöglum sem ekki enduðu niður í fjöru til að byrja með skolest nú niður í fjöru og sjó í hvert sinn sem það rignir. Engin svör höfum við fengið, en ansi mikið af lygum og útúrsnúningum. Við spyrjum okkur hvernig er það hægt að árið 2023 á Íslandi að borgarstárfsmenn hlæja af mannréttindum okkar og gera allt í sínu valdi til að þjóna hagsmunasamtökum. Það sem er einnig athyglisvert er að formaður og nefndarmaður í þessum skotfélögum eru fyrrverandi sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun og fyrrverandi

yfirlögfræðingur Umhverfis Og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Þetta er nú litla landið sem við búum í. Og ekki má gleyma þá borgarfulltrúa og alþingismenn sem eru félagsmenn í þessum samtökum, og lögregluna sem æfir þar. Einnig borgar Umhverfisstofnun 3 til 4 milljónir á ári til Skotfélags Reykjavíkur þar sem verklegu skotprófin á vegum UST fara fram á Álfsnesi. Það mætti kalla kaldhæðni að sú stofnun sem við treystum á til að vernda strendur okkar og haf, hefur verið þátttakandi í þeirri alvarlegu blýmengun sem á sér stað í djúpuvík sem er mikilvæg sjófugla byggð. Hvað varðar okkar samskipti við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þá förum við fram á að umhverfiseftirlitið og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur verði rifin upp með rótum og byggð verði ný stofnun sem verði óháð og vaktar íbúa og umhverfið gegn mengun í stað þeirri pólitískri svipu hagsmunasamtaka, eins og staðan er í dag.

Blýmengun frá skotfélögunum á Álfsnesi

[ÁLFSNES on Vimeo](#)

Video: blýhögl skolast niður í fjöru og sjó í gríðarlegu magni í þessum umtöluðu orðum og hafa gert frá opnun. Á annan áratug.

[Sequence #1 on Vimeo](#)

Skothylki sem skolast upp á strönd til okkar frá skotsvæðunum

[Kollafjörður on Vimeo](#)

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að viðurkenna að hljóðmælingar þeirra mæla ekki hljóðmengunina sem kemur frá skotsvæðunum á Álfsnesi. Sem við borgarbúar höfum þurft að lifa við frá opnun 2003.

[Hljóðmælingar HER Álfsnes on Vimeo](#)

Staðreyndin er sú að Reykjavíkurborg er búin að taka ákvörðun um að Skotfélag Reykjavíkur verði þarna til framtíðar. Við erum búin að heyra að verið er að leita af nýju svæði fyrir skotsvæðin í meira en áratug. Og alltaf er verið að gefa út bráðarbirgðarleyfi. Þetta verður fimmta bráðarbirgðarleyfið sem gefið er út. Fólk verður að gera sér grein fyrir því að þetta svæði er eitt fallegasta útivistarsvæði í Reykjavík með gríðarlegri mikilvægri sjófugla byggð. Þarna er Esjan, fólk á Kajökum, Elding kemur þarna inn fjörðinn með túrista einnig eru Zodiakar með túrista osfrv. Burt séð frá okkur íbúum, sem munu þurfa að fara í skaðabótamál við Reykjavíkurborg ef skotfélögin lá þetta starfsleyfi þá er það með ólíkindum að engin nennir að skilja hversu mikil áhrif sú heilsuspillandi hljóðmengun hefur á íbúa, útivistarfólk og fuglalífið og sú óafturkræfa blýmengun við mikilvæga sjófugla byggð sem því miður er mun alvarlegri en einhver gerir sér grein fyrir.

Skotfélögin ráða ferðinni, þau koma alltaf fram á samfélags og fjölmiðlum og láta vita hvernig starfsleyfin eru, hversu lengi þeir mega skjóta yfir daginn hvaða reglur hafa verið breyttar í starfsleyfissskilyrðum osfrv, langt áður en starfsleyfin eru gefin út, og við íbúar fáum aldrei að vita eitt eða neitt.. Einnig komu þeir fram núna fyrir stutta og sögðu að Skotfélag Reykjavíkur mun verða með framtíðarstaðsetningu á Álfsnesi. 2 mánuðum áður en svokölluð nefnd var búin

að skila af sér niðurstöðu (skýrslu) um að finna nýtt svæði fyrir skotfélögin. Skýrsla sem við höfum ekki séð. Það eru skotfélögin sem ákveða hvernig hlutirnir verða og HER eða borgarfulltrúar þjóna þeim. Þegar hagsmunasamtök eru komin með það mikið vald, að þau geta traðkað á mannréttindum íbúa og komist upp með að menga með óafturkræfum hætti mikilvæga sjófugla byggð og lífríkið þar í kring, þá erum við sem samfélag virkilega komin á vandan stað.

Þegar rekstraraðili (hagsmunasamtök) er komið með svona mikið vald að þau þurfa ekki að fara eftir reglum og lögum þá gerist það sem hefur gerst á Álfnesi þar sem óafturkræft mengunarslys þar sem tugir tonna af blýi liggur í fjöru og sjó við mikilvæga sjófugla byggð og engin leið er að þrifa blýmengunina nema með gríðarlegum kostnaði. Í reglugerð segir að rekstraraðili mun þurfa að kosta út þrif og allir vita að það mun aldrei gerast. Það er ástæðan af hverju HER hefur alltaf neitað að fara niður í fjöru og rannsaka blýmengun sem þar er.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er nýbúið að taka út einn mikilvægasta þátt í starfsleyfissskilyrðunum fyrir skotfélögin “ að á fimm ára fresti þurfa skotfélögin að gera jarðvegsmælingar. Ástæðan er að HER veit að blýjarðvegsmengun er á öllu svæðinu og í sjó og fjöru. Rök HER af hverju Skotfélögin hafa aldrei þurft að framkvæma þau starfssskilyrði var að ekki voru til nein viðmið í íslensku regluverki. Síðan komu viðmið fyrir 2 árum, og við kröfðust að núna loksins í fyrsta skiptið í á annan áratug frá opnun skotfélagana yrði teknar jarðvegsmælingar þá væri ekki neinn tilgangur því það eru nokkur ár síðan að bannað var að nota blý. Þó blýbann er sett á, þá þýðir ekki að öll þau tugir tonna af blýi síðustu 17 ár hverfi úr jarðvegi, sjó og fjöru. Fyrir utan þeirri ótrúlegri staðreynd að staðsetning skotvallanna og hönnun þeirra gerir það að verkum að stór hluti af blýi endi í sjónum og fjörunni. Þá er í starfsleyfissskilyrðum að leggja eigi jarðveg sem er auðhreinsanlegur. Á öllum skotæfingarsvæðum um allan heim, þá er jarðvegur fjarlægur ár hvert og nýr settur í stað til að komast hjá jarðvegsmengun. En eins og með flest öll starfsleyfissskilyrði þá var það aldrei gert frá upphafi starfsemi skotfélagana á Álfnesi. Og ekkert eftirlit var á staðnum.. Skotfélögin eru búin að vera að skjóta samkvæmt eftirlitsskýrslum tugum tonna af blýi í kringum skotsvæðin fjöruna og sjóinn frá opnun. Á annan áratug. Og nú snýst allt um að hylma yfir þetta mengunarslys.

Rannsóknir á hlýmengun:

Forkönnun

Þann 3. september fór fram forkönnun á svæðinu og var þá svæðið sem nær frá enda skotbrauta og niður í fjöru gengið og jarðvegur skoðaður. Teknar voru myndir auk sýna af höglum. Niðurstöður þeirra skoðunar voru þær að talsvert magn af höglum var að finna í jarðvegi og var um að ræða bæði ný og gömul högl. Högl fundust á nokkuð stóru svæði og voru þau greinanleg í opnum jarðvegi sem er víða á svæðinu en erfiðara var að greina högl í gróðri eða í fjörusandi þó að tilvist þeirra þar hafi verið staðfest. Staðfest var að högl berast niður í fjöru frá skotsvæðunum.



Mynd 1 sýnr damu um opinn jarðveg á svæðinu með greinilegum höglum á yfirborði



Greinargerð með fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness sem lögð var fram á fundi ráðsins þann 13. febrúar sbr. 9. lið fundargerðar s.d.

Spurningar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi skotæfingasvæðin á Áltisnesi

Í fyrstu grein starfsleyfisskilyrða skotsvæðanna er talað um endurskoðun starfsleyfa ef mengun er meiri en búast má við af starfseminni.

Hefur þessi endurskoðun starfsleyfa farið fram í ljósi nýrra upplýsinga?

Svar: Ekki er ljóst í hvaða nýju upplýsingar er verið að vísa í fyrirspurninni en væntanlega er verið að vísa í skýrslu íbúa sem lögð var fyrir fund íbúaráðsins á fundi þess í desember 2019. Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði hafa ekki verið endurskoðuð í ljósi upplýsinga í skýrslunni. Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur hefur verið óbreytt frá útgáfu leyfisins. Gerð var breyting á starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi Skotveiðifélagsins árið 2015 og var sú breyting unnin í samræmi við hágildandi rg. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, m.a. hvað varðar auglýsingu á tillögu að breytingunni. Starfsleyfi fyrir starfsemi á skotvöllum renna nú í ár 2020 og á næsta ári 2021. Starfsleyfisskilyrði eru endurskoðuð í umsóknarferli vegna umsákna um endurnýjun leyfanna.

Í annarri grein er talað um að leggja yfirborðsefni til að binda þungmálma og samráð við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um val efnis.

Hefur þetta samráð farið fram og er það til skjalfest?

Svar: Yfirborðsefni var ekki sérstaklega valið með tilliti til þess að binda þungmálma. Miðuð var við að endurnýja yfirborðsefni, væri ástæða talin til, og farga því efni sem tekið yrði sem spilliefni. Samráð fór fram varðandi það og það er til skjalfest.

Einnig er þess getið að mæla hversu djúpt þungmálmar hafa borist og yfirborðsefni hreinsað áður en þungmálmamengun berst niður úr því.

Hafa farið fram mælingar á þungmálum og PAH á skotæfingasvæðunum, og eru þessar upplýsingar aðgengilegar?

Svar: Mælingar hafa ekki farið fram. Þess ber að geta að í íslenskum lögum og reglugerðum er ekki að finna viðmið fyrir styrk efna í jarðvegi með tilliti til mengunar. Því er ekki ljóst hvernig túlka ætti eða nýta niðurstöður slíkra mælinga.

Hefur yfirborðsefni verið hreinsað og eru til staðfestingar á því?

Svar: Nei, það hefur ekki verið gert svo Heilbrigðiseftirlitið vitu til.

Hafa farið fram athuganir á blómengun í fjöru og sjó í nágrenni við skotæfingasvæðin og magn verið metið?

Svar: Nei, það hefur ekki verið gert.

Af hverju er verið að hylma yfir þetta mengunarslys. Ástæðan er sú að HER vissi frá upphafi að gríðarlegt mengunarslys yrði ef skotsvæðin fengu starfsleyfi á Álfsnesi. En af einhverjum ástæðum stakk hausnum í sandinn og gaf skotfélagi Reykjavíkur samt sem áður starfsleyfi.

Bréf Árný Sigurðardóttur/Heilbrigðiseftirlit til Skotfélags Reykjavíkur 1 jún 2007

Erindi ykkar vegna bráðabirgðaleyfis fyrir landsmót STI um heigina hefur nú verið lagt fyrir yfirstjórn Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar og telur hún að ekki sé hægt að veita undanþágu fyrir notkun á haglabyssuskotvelli nema tryggt sé að blýhögl berist ekki í jarðveg sem ekki er hægt að hreinsa skv. kröfum í starfsleyfi. Til að undanþága verði veitt þyrftu að koma til aðgerðir til að hindra að blýhögl berist í jarðveg neðan við skotæfingasvæðið. Umhverfissvið Reykjavíkurborgar getur því ekki veit Skotfélagi Reykjavíkur undanþágu frá notkun á haglabyssuskotæfingasvæði í Álfsnesi fyrir umrætt landsmót og æfingar tengdar því, miðað við aðstæður eins og þær eru í dag. Frekari upplýsingar um þennan úrskurð sviðsins má fá hjá Erni Sigurðssyni sviðsstjóra Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar eða Árnýju Sigurðardóttur skrifstofustjóra Heilbrigðiseftirlit og vöktunar hjá Umhverfissviði, í örn.sigurdsson@reykjavik.is, arny.sigurdardottir@reykjavik.is, eða í síma 411 8500.

2. júní 07. Svar stjórnar SR vegna lokunar Skeetvalla félagsins. Bréfið var sent til stjórnsýslunnar í Reykjavík og íþróttayfirvalda m.a. Þá er það orðið ljóst að Reykjavíkurborg veitir Reykjavíkurborg ekki leyfi til að nota nýtt haglabyssusvæði sem hefur verið að rísa á undanföllum 5 árum eða frá því að lokað var á starfsemi

Skotfélags Reykjavíkur í Grafarholti. Krafan um að hægt sé að skipta um jarðveg á haglavöllinum gerir það að verkum að viðbótarkostnaður við þá aðgerð mun verða á bilinu 20-25 milljónir ! (magnið af jarðvegi sem keyra þarf á svæðið er á bilinu 150-200 þús. rúmmetrar) Telja verður að það sé aðgerð sem muni seint hljóta samþykki innan stjórnsýslunnar, þannig að enn og aftur á að draga Skotfélag Reykjavíkur á asnaeyrunum og hindra það í að opna svæði sitt. Tillaga okkar um lausn er að einfaldast sé að leyfa skotfimi ofaní urðina, þar sem hvort eð er nánast ekkert líf er, nema hvað rottur og minkar eru þar á við og dreif, og síðan eftir einhver 10-15 ár verði fundin leið til að hylja það svæði eða hreinsa, með það í huga að þá verði komin lausn á því hvernig koma skal slíkum jarðvegi til varanlegrar geymslu eða eyðingar, en slíkt er ekki hægt hér á landi sem stendur. Reyndar er það álitamál hvaða skaða blý í jarðvegi sem er á Álfsnesinu hafi og margir á þeirri skoðun að þar sem það sé staðbundið í urð og grjóti og engin hætta á að það berist í neysluvatn, sé því vel fyrir komið í slíkri geymslu. Heyrst hefur að meginástæðan sé að orðið BLÝ sé neikvætt í umhverfisumræðunni og því beri að hindra notkun þess sem við mest getum. Sem dæmi má nefna að jarðvegur sá sem skafinn var ofan af gamla svæði Skotfélagsins í Grafarholti, er í nokkrum opnum gámum á geymslusvæðinu í Hafnarfirði og hefur verið þar óhreyfður síðan haustið 2000. Komið hefur í ljós að embætti Borgarverkfræðings

Við íbúar og landeigendur borguðum fyrir óháða aðila sem séhæfa sig í hljóðmælingum að mæla hljóðmengunina frá skotfélögum á Álfsnesi og niðurstaðan kom okkur ekki á óvart.

Hávaðamengunin var langt yfir mörkum. Og eins og Ólafur hjá Trivium sagði **“Það var mér alveg ljóst, þar sem ég stóð við hljóðmælingar þann 19.10.2019, að aðstæður fyrir viðkomandi íbúa eru algjörlega óboðlegar m.t.t. Hljóðvistar”**

From: Ólafur Hjálmarsson - [REDACTED]

Sent: Tuesday, January 12, 2021 9:15 PM

To: Gunnar Alexander Ólafsson [REDACTED]

Subject: Skotsvæði í Álfsnesi - Hljóðmælingar og viðmiðunarmörk

Heiðraði Gunnar Alexander

Gleðilegt ár og takk fyrir ánægjuleg samskipti á liðnum árum.

Ég sendi þér þetta erindi þar sem alvarlegur misskilningur virðist vera á ferðinni gagnvart skotsvæði í Álfsnesi og áhrifum þess á nálæga byggð í Kollafirði m.t.t. hljóðvistar. Við hjá Trivium ráðgjöf höfum glímt um tveggja áratuga skeið við skotsvæði og kortlagningu á helsta áhrifasvæði þeirra m.t.t. hljóðvistar. Við höfum leitað við að gefa sveitarstjórnarmönnum sem allra best ráð til þess að forða átökum, þar sem engar viðhlýtandi reglur eða reglugerðir eru um skotsvæði í íslensku regluverki höfum við stuðst við meðfylgjandi sænskar leiðbeiningar; sem við höfum talið með þeim bestu á Norðurlöndum; Buller från skjutbanor och skjutfält

–Naturvårdverket. Ég hef sent þér þær áður. Hvorki gildandi reglugerð um hávaða nr.724/2008 né leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits frá mars2011 eiga við um skotsvæði. Þetta hef ég sömuleiðis nefnt við þig áður í tengslum viðendurskoðun á reglugerð um hávaða sem og meðfylgjandi athugasemdir sem ég setti fyrst fram íumboði Verkfræðingafélags Íslands árið 2007.

Skothvelli eru mjög snarpir og því þarf mælitími og viðbragð hljóðmælis, þ.e.a.s. tímastilling áhljóðmæli að endurspegla það með 1 stillingu (Impuls, 35 ms mælitími). Mælikvarðinn er eins og meðfylgjandi sænskt regluverk ber með sér dBAI. Þessi mælistika gefur best til kynna truflandi áhrif af skothvelli eins og sænsku leiðbeiningarnar bera með sér. Að velja S (Slow, 1000 ms mælitími) eða F (Fast, 125 ms mælitími) tímastillingu á hljóðmæli þegar skothvelli eiga í hlut er eins og að mæla vindhraða í °C. Mælikvarðinn er hreinlega rangur og villandi. Hljóðmæli á S og F tímastillingu missir af hávaðatoppnum og hann er flattur út. Niðurstaðan er kolröng eins og meðfylgjandi hljóðmælingar Reykjavíkurborgar sýna. Það sést í samanburði við okkar hljóðmælingar. Meðfylgjandi eru stuttorðar skýringar á mismun þessara tímastillinga á hljóðmæli.

Ég sendi þér til samanburðar hljóðmælingar okkar í Kollafirði sem og kortlagningu helsta áhrifasvæðis skotsvæðisins í Álfsnesi; þar sem skotstefna er til norðurs í leirdúfuskotfimi. Kortið tekur ekki tillit til hljóðendurkasts frá Esju og ætti því í raun að stækka. Helsta áhrifasvæði nær um 2 km út í skotstefnu og í 45° geira til hvorrar handar út frá henni; annars um 1 km út frá

skotsvæði. Svæðið er skástrikað á myndinni. Innan þessa áhrifasvæðis ætti ekki að vera nokkur viðkvæm byggð s.s. útivistarsvæði, fristunda- og íbúðabyggð.

Meðfylgjandi hljóðmælingar okkar sýna hávaða frá skotsvæðinu í Álfisnesi hátt yfir leyfilegum mörkum sænska regluverksins. Það var mér alveg ljóst, þar sem ég stóð við hljóðmælingar þann 19.10.2019, að aðstæður fyrir viðkomandi íbúa eru algerlega óþóðlegar m.t.t. Hljóðvistar. Það er synd að Reykjavíkurborg og Umhverfisstofnun hafi aldrei séð ástæðu til þess að leita til okkar með þetta mál; þann fjölda ára sem deilur hafa staðið. Hafa skal það sem sannara reynist.

Ég væri þakklátur, Gunnar, að þú staðfestir móttöku þessa erindis.

Með vinsemd og virðingu,

Ólafur

Ólafur Hjálmarsson, verkfr.

Borgartúni 20 105 Reykjavík

Sími / telephone: +354 578 1600

Farsími / mobile: +354 [REDACTED]

Skotsvæði á Álfisnesi

Trivium ráðgjöf

Hljóðmælingar við fristundabyggð og íbúðabyggð í Koðafirði

19.10.2019

Niðurstöður mælinga brenna saman við leyfilegan hávaða skv. meðfylgjandi sænskum einbeiningum¹⁾

Hljóðbrenning

Staðsetning mælingar	Mæling nr.	LAlmax	Íbúðabyggð - neðrimörk	Íbúðabyggð - efri mörk	Útivistarsvæði - neðrimörk	Útivistarsvæði - efri mörk
Móavík - Fristundabyggð	1	85	65	70	60	65
Móavík - Fristundabyggð	2	86	65	70	60	65
Krummavík - Fristundabyggð	3	84	65	70	60	65
Krummavík - Fristundabyggð	4	81	65	70	60	65
Mósberg - Heilsárshús	5	72	65	70	60	65
Mósberg - Heilsárshús	6	60	65	70	60	65

¹⁾ Naturvårdsverket: Buller från skjutbanor och skjutfält. Vägledning om buller från skjutbanor för 16 kalibrig ammunition. Sverjöd 17.05.2016

Þessi tvö skotfélög hefðu aldrei fengið leyfi til að vera á Álfisnesi hefði HER farið eftir lögum og reglum frá byrjun hvað varðar mörg mál. Mæliaðferð sem HER hefur stuðst við frá byrjun hljóðmælinga á Álfisnesi 2002 vegna fyrirhugað skotæfingasvæðis var sama mæliaðferð og hefur verið notuð hingað til Metod för immissionsmätning av externt industribuller það er mjög mikilvægt að skilja þá staðreynd að hvergi í heiminum er þessi mæliaðferð notuð til að mæla

hávaða frá skotsvæðum. Ástæðan er mjög einföld því það er ekki hægt. Mæliaðferðin Metod för immissionsmätning av externt industribuller mælir meðalhávaða og hávaðatopparnir eru þurrkaðir út og þegar þú ert að mæla skot hávaða þá ertu eingöngu að mæla hávaðatoppa, ekkert annað. Svo niðurstaðan verður kolröng og villandi, öll verkfræðifyrirtæki á Íslandi sem sérhæfa sig í hljóðmælingum víta að HER hefur verið að mæla með röngum mæliaðferðum á skotsvæðunum á Álfsnesi á anna áratug og hafa margsinnis bent á það við UST. Norðurlöndin nota aðra mæliaðferð sem er sérstaklega hönnuð til að mæla hávaða (hávaðatoppa) frá skotsvæðum t.d.sænsku mæliaðferðina Allmänna råd om buller från skjutbanor. HER hefur loksins á undanförunum árum eftir að við íbúar höfum kvartað ítrekað yfir þessum falsk mælingum viðurkennt að þetta sé ekki heppilegasta mæliaðferðin og jú hávaða topparnir - skothvellirnir eru þurrkaðir út og mælast því ekki .

En HER hefur einnig ítrekað sagt að þeir eru eingöngu að vinna eftir íslensku regluverki svo ekki er hægt að benda á þau. Það er mikilvægt að benda á, að út af sérkennilegum ástæðum er brottfallinn reglugerð um hávaða nr. 933/1999 í 1. gr. í viðauka undir kafla um reglur um hávaða utanhúss: „Ef upp koma tilvik þar sem þessar reglur ná ekki yfir, skal velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum í einhverju hinna Norðurlandanna.“ Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Það er furðulegt að þessi reglugerð var tekin út ári eftir að skotfélag Reykjavíkur fékk aðstöðu á Álfsnesi og enginn getur útskýrt af hverju það var gert hvorki UST né HER. En hún var samt í gildi þegar HER var að taka hljóðmælingar til 2008 en af einhverjum ástæðum ákvað HER að notast við Metod för immissionsmätning av externt industribuller sem mælir ekki hávaða frá skotvöllum og engin hávaða viðmið eru til frá landbúnaðarsvæðum eða opnum svæðum í stað að fara eftir lögum og notast við reglugerð um hávaða 933/1999 í 1. gr og nota reglugerð hinna Norðurlandanna. HER ber að starfa eftir gildandi lögum og reglugerðum á Íslandi. Var það ekki gert við hljóðmælingar á Álfsnesi til ársins 2008 þegar reglugerð um hávaða nr. 724/2008 tók gildi. Í sænsku mæliaðferðinni Allmänna råd om buller från skjutbanor eru þau viðmið sem ekki eru að finna í íslensku regluverki. Eftir tvo áratugi af falsk mælingum þá loksins leiðbeinir UST HER að notast við mæliaðferðina Allmänna råd om buller från skjutbanor sama HER sem hafa í áratug sagt að þeir fara eingöngu eftir leiðbeiningum frá UST ákveða allt í einu að neita að fara eftir þeim leiðbeiningum frá UST og gefa frá sér yfirlýsingu” HER telur, að höfðu samráði við lögfræðinga Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sem veita HER lögfræðilega ráðgjöf, að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á mælingum framkvæmdum samkvæmt tilvísuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er vísað til þeirra í íslenskum lögum eða reglugerðum”.

Video: HER að útskýra að hljóðmælingarnar þeirra síðustu 17 ár á Álfsnesi mæla ekki hávaðamengunina sem kemur frá skotfélögunum á Álfsnesi.

[Hljóðmælingar HER Álfsnes on Vimeo](#)

Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER). Að grunduðu máli og að höfðu samráði við lögfræðinga telur HER að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á tilvisuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er stöð í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrir notkun þeirra.

Fylgiskjal 3 -



UMHVERFIS
STOFNUN

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Akureyri, 11. mars 2022
ÚSL202202-218/S.K.
06.04.08

Efni: Fyrirspurn - leiðbeiningar um hávaðamælingar við skotvelli

Visað er til erindis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), dags. 17.2.2022, þar sem óskað er eftir leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun um val á aðferðakerfi við hljóðmælingar vegna starfsemi skotvalla þar sem ekki að finna viðmið fyrir slíka starfsemi í íslenskum regluverki.

Tveir skotvellar hafa verið starfræktir í Alfnesi, á svæði heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í gengum árin hafa borist mikið af kvörtunum vegna hávaða frá starfsemi. Árið 2021 voru auglýstar tillögur að nýjum starfsleyfum fyrir báða vellina og barust athugasemdir við það tillögum er vörðuðu hávaða frá starfsemi. Í þeim var m.a. vitnað í hljóðmælingar sem íbúar hafa litið framkvæma sem byggja á sænskum leiðbeiningum um hljóðmælingar frá skotvöllum. Gagnrýnt hefur verið, í andmælum við tillögur að starfsleyfum, að HER hafi ekki notast við hljóðmælingar sem eru sérstaklega gerðar fyrir skotvelli. HER hefur bent á að ekki sé fjallað um sérstök viðmið fyrir hljóðmælingar frá skotvöllum í íslenskum lögum og reglugerðum né sé fjallað sérstaklega um þau í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um hljóðmælingar.

Engin starfsemi er á skotvöllum í dag þar sem utgáin starfsleyfi frá 2021 voru kærd til urskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi þau úr gildi, á grundvelli skopulags á svæðinu. Í urskurðinum er ekki tekið afstaða til hljóðmælinga. Tekið hefur galdi nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík og á grundvelli þess hefur HER borið umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir annan skotvöllinn.

Samkvæmt 11. gr. reglugerð 724/2008 um hávaða skal Umhverfisstofnun í samstarfi við önnur stjórnvöld gefa út leiðbeiningar um mæluáðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits. Umhverfisstofnun telur rétt að HER noti sænskar leiðbeiningar fyrir hljóðmælingar frá skotvöllum við eftirlit, þ.e. *Allmänna råd om buller från skjutbanor* sem gefnar eru út af Naturvårdsverket.

Vörðingarfyllst,

Stemunn Karlsdóttir
serfræðingur

Sigrún Águstsdóttir
forstjóri

Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER). Að grunduðu máli og að höfðu samráði við lögfræðinga telur HER að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á tilvisuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er stöð í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrir notkun þeirra.

Traust Legal
Lágmúla 7
108 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2021
UST202102-329 G.A.Ö.
06.04.00

Efni: Fyrirspurn - Skotsvæðin Álfnesi - blýmengun - hávaðamengun

Við er til bréfs frá Traust Legal, dags. 15. febrúar 2021, til Umhverfisstofnunar þar sem spurt er um hljóðmælingar frá skotvelli í Álfnesi, blýmengun á skotsvæði og um samning milli Umhverfisstofnunar og skotveiðifélaga í Álfnesi.

Það eru tvær spurningar sem snúa að hljóðmælingum og þær eru eftirfarandi:

1. Telur Umhverfisstofnun leiðbeiningar um mæliaðferðir frá 2011 nothæfar fyrir hljóðmælingar á skothljóðum frá skotvöllum? Ef já, hvers vegna? Að mati Umhverfisstofnunar eru leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits, sem stofnunin gaf út árið 2011, fullnægjandi við eftirlit á hávaða frá atvinnustarfsemi, þmt. skotvöllum. Þessar leiðbeiningar hafa verið aðgengilegar eftirlitsaðilum við hljóðmælingar síðan þær voru gefnar út. Eftirlitsaðilar hafa stuðst við þessar leiðbeiningar við hljóðmælingar.
Hingað til hefur Umhverfisstofnun ekki fengið neinar rökstuddar ábendingar frá eftirlitsaðilum um að áðurnefndar leiðbeiningarnar um hljóðmælingar séu á einhvern hátt ófullnægjandi eða ekki í takt við tímann varðandi mælingar á hávaða frá skotvöllum. Ástur á móti fékk Umhverfisstofnun kvörtun frá íbúa í Kollafirði vegna hávaða frá skotvöllum Skotfélags Reykjavíkur í Álfnesi. Í framhaldi af þeirri kvörtun fékk stofnunin ábendingu um að til væru sænskar leiðbeiningar um hávaða frá skotvöllum sem heita: Buller frá skjutbanor og skjutfält.

Eftir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þurfti loksins að viðurkenna að þau hafa verið með falsk mælingar á Álfsnesi á annan áratug, og margsinnis sagt að íbúar væru með aðdróttanir og ekkert væri til í þeim rökum. Þá allt í einu breyttu þau um taktík og byrjuðu að kenna Umhverfisstofnun um þessar falsk mælingar og sögðu að þau verða að fara eftir íslensku regluverki og leiðbeiningum UST. Og að þau hafa margsinnis bent á að þessar mælingar væru ekki heppilegar. En staðreyndin er allt önnur, við sem höfum hlustað á HER staðhæfa að þeirra mælingar væru bestu og nákvæmstu mælingar fyrir skotsvæði í meira en áratug spurðum UST ef einhverjir eftirlitsaðilar hafa kvartað undan þessum mælingum og svarið var augljóslega nei.

Starfsemi skotvalla fylgir hávaði og ónæði. Í íslenskum lögum og reglugerðum eru ekki viðmið fyrir hávaða fyrir starfsemi af þessum toga. Íslenskar viðmiðunarreglur miða við jafngildishljóðstig (LAeq) og gefur sá mælikvarði hugmynd um það heildarónæði sem af hávaða stafar. Sú mæliaðferð sem vísað er til í leiðbeiningum um mæliaðferðir við eftirlit (UST 2011) sem gefnar eru út í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, er ekki hentug til mælinga á hávaða frá skotvöllum. Það hefur HER bent á og tekið undir með öðrum sem hafa gagnrýnt mæliaðferðina og segja hana ekki gefa rétta mynd af hávaða frá skotvöllum. HER fær þó ekki séð að hægt sé að byggja kröfur í starfsleyfi á mælingum samkvæmt annarri mæliaðferð en þeirri sem vísað er til í leiðbeiningum sem gefnar eru út með stöð í reglugerð um hávaða. Á meðan ekki eru gerðar breytingar á regluverkinu fylgir HER þeim leiðbeiningum sem er að finna í núverandi regluverki. Hvað varðar tilvísun í eldri reglugerð um að styðjast skuli við viðurkennda hávaðareglu frá Norðurlöndunum komi upp tilviki sem reglur ná ekki yfir þá bendir HER á að UST sem yfirstofnun heilbrigðiseftirlits gaf ekki út aðra leiðbeiningu en að stuðst skyldi við viðmiðunarmörk í þágildandi hávaðareglugerð og þá staðla sem vísað var í skv. henni.

HER minnir einnig á að áhrifsvæði skotvallanna er að meginhluta skilgreint landbúnaðar- og opið svæði í AR2040, einnig þar sem sumar- og íbúðarhús eru staðsett, en hvorki íbúðarbyggð né frístundabyggð. Í reglugerð um hávaða eru ekki skilgreind mörk fyrir hávaða þar sem skilgreind



HER hefur gert ekkert annað en að matreiða niðurstöður svo skotfélögin geta haldið sinni starfsemi áfram á Álfsnesi. Árið 2007 gerði HER hljóðmælingar á Álfsnesi vegna hávaða frá skotsvæðunum og sýndu þær mælingar að hver skothvelli (toppur) var í kringum 100db. Á Álfsnesi eru tveir skotfélög með yfir 7 haglabyssu velli, þarna eru íbúar að hlusta á hverjum degi mörg þúsund hvelli með hljóðstig í kringum 100db. Hvernig Reykjavíkurborg hefur komist upp með þessi mannréttindabrot á þessum skala á annan áratug gegn sínum borgarbúum er með ólíkindum.

Mæling nr. 8. Skotið úr haglabýssu á æfingarsvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 15:34 og stóð í tæpar 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfshávaði var frá gosbrunn, skotæfingu og umferð á Vesturlandsvegi. Útprint hljóðmælis:

```

-----
Stuðl. á Kjær
SLM Type J236

SETTINGS:
-----
F: 20-100 dB
PMS: A Peak: C
RECORD NO.: 8
-----
11 Sep 2002 15:44:24
Elapsed Time 0000:04:59
Pauses 0
Overload 0.0 %
MaxP 101.1 dB Hæsti hljóðstoppur 101 dB(A)
MaxL 78.2 dB
MinL 31.8 dB
Leq 52.2 dB => Jafngildishljóðstig 52 dB(A)
SEL 76.8 dB
LEPD (T= 3.15) 52.9 dB
LS 49.0 dB
L95 36.5 dB

```

Mæling nr. 9. Skotið úr riðli á æfingarsvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 15:41 og stóð í tæpar 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfshávaði var frá vinnuvélum á urðunarstaðnum. Útskrift hljóðmælis:

```

-----
Stuðl. á Kjær
SLM Type J236

SETTINGS:
-----
F: 20-100 dB
PMS: A Peak: C
RECORD NO.: 9
-----
11 Sep 2002 15:46:09
Elapsed Time 0000:01:35
Pauses 0
Overload 0.0 %
MaxP 97.5 dB Hæsti hljóðstoppur 98 dB(A)
MaxL 74.0 dB
MinL 34.1 dB
Leq 50.0 dB => Jafngildishljóðstig 50 dB(A)
SEL 74.9 dB
LEPD (T= 3.15) 48.9 dB
LS 47.0 dB
L95 36.5 dB

```

Copyright © Skemman Data

Ef börnar eru saman mælingar nú og frá því í fyrra er ljóst að hávaði berst bæði frá vélhúlasvæði og skotæfingasvæði yfir á alla þrjá mælistaði. Hávaði hjá bílavog er umtalsverður fyrir út af urðunarstaðnum og meginstarfsemi á æfingasvæðunum kemur til með að fara fram utan þess tíma sem opið er. Það má því ætla að æfingasvæðin valdi ekki auknum óþægindum fyrir starfsmann við vogina. Meiri hættu á óþægindum er við starfsmannabústað og við sumarbústað. Sérstaklega er hættu á því að hávaði berist yfir fjörðinn að bústaðinum þegar veður er stillt og kyrrt. Hvað varðar starfsmannabústaðinn er einnig hættu á að íbúar þar verði fyrir óþægindum. Óþægindi á svæðinu eru einhver nú þegar vegna urðunarstaðarins og umferðar stórra bifreiða um svæðið. Æfingasvæðin auka hljóðalagið við húsin umtalsvert. Einnig má benda á þó að hávaði liggj undir mörkum í reglugerð getur hávaðinn valdið óþægindum ef hann er endurtekinn yfir lengri tíma. Byssuskotin valda háum hljóðtoppum sem geta verið óþægilegir, en erfitt getur verið að draga úr þeim hávaða.

Þegar á heildina er lítið er það alar afmarkað svæði þar sem hættu er á óþægindum frá þessum svæðum. Því ætti að vera gæðvefðara að gripa til aðgerða til að minnka hávaðamengun á þessum stöðum. Nauðsynlegt er að kynna fyrirhuguð æfingasvæði fyrir eigendum sumarbústaðarins og íbúum starfsmannabústaðar. Þegar reynsla er komin á notkun svæðana er hægt að gripa til aðgerða til að draga úr óþægindum. Meðal þess sem hægt væri að gera er að reisa skjólveggi og setja þrefalt gler í hus. Einnig er hægt að takmarka opnunartíma svæðanna.

Virðingartýllt
E.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi







Stórgrýtt fjara fyrir neðan SR og mön SR séð í suður. Einnig sést mikið fuglalíf þar sem höglin hafa verið að lenda síðustu 14 ár. WHO telja að yfir 1 milljón fugla deyja árlega þegar þeir borða blýhögl sem þeir ruglast á litlum steinum sem þeir innbyrða til að melta matinn (fóarn) sem síðar dregur þá til dauða



Blý og stálhögl beint fyrir neðan haglabyssuvelli Skotfélags Reykjavíkur





Hér sést Lundinn fljúga inn Kollafjörðinn í leit að æti.



Hér er Lundinn í leit að æti í kringum allt blýð, beint fyrir neðan Skotfélag Reykjavíkur.



[illegible]

Kaupsamlingur

[illegible]



Alls hefur Umhverfisstofnun greitt til Skotfélags Reykjavíkur 10.283.000 kr fyrir tímabilið 2018-2020.

Virðingarfyllst

Frigg Thorlacius
lögfræðingur


Gunnar Alexander Ólafsson
sérfræðingur


Einnig finnst mér mikilvægt að það komi fram að einungis eru 140 metrar frá skothúsum SR að klettunum austanverðu við Djúpuvík Álfsnesi sem er lágt fuglabjarg með 80 til 112 hreiðrum. “Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m”

456/1994 1gr. *Fuglabjarg*: Varpland bjargfugla í sjávarhömrum. Einkum er átt við svartfugla, en einnig ritu og súlu.



Fuglar og gróður í Álfnesi Unnið fyrir Sorpu / Varpið virðist nokkuð stöðugt, árið 1984 voru 105 hreiður í klettunum (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1985) , árið 2006 voru 126 , Jóhann Óli Hilmarsson 2006)







Hér eru nokkrar kvartanir fyrir fimmtán árum síðan sem hafa aldrei fengið neinn hljóðgrunn frekar í dag. Bara svo þið sjáið hversu lengi okkar barátta hefur verið, og hversu lengi hefur verið brotið á okkar mannrétindum.

Fylgiskjal 5 -

2009-03-24

Kvörtun v. skotsvæðis í Álfnesi

Vegna auglýsingar um starfsleifistillögur sem sendar voru í fréttablaðið 5 mars 2009 þar sem farið er fram á starfsleyfi af skotveiðifélags Reykjavíkur til 12 ára, vil ég taka fram. Árið 1969 keyptum við landarspildu úr landi Kjalarnesi sem nær frá þjóðveg 1 niður að sjó skáholi á mót Álfnesinu, þessi staður fékk nafnið Þarna byggðum við litið sumarhús, löngu seinna hesthús og íbúðarhús með fasta búsetu. Þarna hefur fjölskyldan unað hag sínum vel stundað hestamennsku og fylgst með fuglunum gera sér hreiður, þarna var umtalsvert fuglallífi. En nú er orðin breyting á, skothvellirnir úr Álfnesinu hveða láttlaust við, á kyrrum dögum magnast á spegilsléttum firðinum og kastast til baka úr Esju hlíðum. Fugl sést ekki lengur í mýrum og móum. Ógemingur að stunda hestamennsku eða aðra útvist.

Kveðja,

SKJALAVER HÖFÐATORGI
6. APR. 2009
Málsnr.: 2009021301
Bréfalykill: 25.37

Reykjavík, 29. Mars 2009

Reykjavíkurborg-Umhverfis-og samgöngusvið,
Borgartúni 12-14,
105 Reykjavík.

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

6. APR. 2009

Málsnr: 2009020301
Bréfalykal: 25.37

Með vísan til auglýsingar í Fréttablaðinu, dags. 5. Mars 2009, um starfsleyfistillögur varðandi skotvöll á Alfnesi fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, vill undirritaður íbúi í Kollafirði mótmæla að veitt verði leyfi til áframhaldandi skotæfinga á þessum stað.

Helstu ástæður þessa eru:

1. Hættu sem íbúum og öðrum í nágrenni skotsvæðisins stafar af slíkri iðju. Má í því sambandi benda á mikinn fjölda göngumanna á Esjunu og eina mestu umferðaræð inn og út úr Borginni-Vesturlandsveginn. Langdrægir og öflugir riflar draga 3-5 km sem setur allt þetta fólk í hættu.
2. Hávaði sem stafar af skotkvellum, sér í lagi á góðviðrisdögum þegar undirtekur í bergmáli frá Fjallinu
3. Stendurtekin brot á opnunartíma skotsvæðisins og algert efirlitsleysi með misgætnum skotmönnum.
4. Mikil mengunarrættta vegna blýhagla og blýkúlna og efirlitsleysis yfirvalda með mælingum á slíkr mengun og varnaraðgerðum gegn henni.
5. Trúllun á varpi fugla á svæðinu, en um 20 tegundir fugla eiga hér varpland

Það er mín skoðun að æfingasvæði skotmanna eigi engan veginn heima á Alfnesi og finnst furðulegt að þetta skuli koma til álita hjá yfirvöldum borgarmála.

Virðingarfyllt,

116 Reykjavík.

HÖFÐATORG	
6. APR. 2009	
Málsnr.:	2009020301
Bréfakali:	25.37

30.3.2009

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og samgönguvíð

Borgartúni 12 – 14

105 Reykjavík

Málefni:

Starfsleyfistillögur fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis vegna skotsvæðis í Álfnesi

Við undirrituð ábyendur í Kollafirði, mótmælum kröftuglega framkomnum tillögum um starfsleyfi vegna skotsvæðisins í Álfnesi.

Við höfum orðið fyrir verulegu óæði af völdum þessarar starfssemi og væri algjörlega óásættanlegt að búa við þetta áreiti til langrar framtíðar.

Fyrir okkur, sem búum í næsta nágrenni svæðisins og alla þá fjölmörgu náttúruvinnendur, sem vilja njóta útivistar, gönguferða og kyrrðar í hlíðum Esjunnar er þetta ástand óásættanlegt, og í hömrum fjallsins bergmála skothvellirnir og gera ótrúlegan hávaða. Hestar á reiðvegum neðan fjallsins hræðast mjög hvelina og drunur, sem koma óvænt þannig úr hömrnunum fyrir ofan.

Við viljum því eindregið mælast til þess, að þessi starfsemi verði lögð niður í Álfnesinu og flutt á e-n stað þar sem hún veður ekki tjóni og óþægindum í sama mæli fyrir íbúa og útnástarfólk.

Förum við fram á að ekki verði veitt starfsleyfi til þessarar löju í Álfnesinu.

Að lokum viljum við benda á, að okkur er ekki kunnugt um, að þessi starfsemi hafi farið í grenndarkynningu eins og reglur kveða á um.

Með ósk um jákvæð viðbrögð

Með vinsemi og virðingu

mr. Björn Ingi Þrárnsson,
formaður borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur
150 Reykjavík

Skrðu 21. janúar 2007.

Efni: Ónæði frá skotæfingasvæði á Álfsnesi.

Komdu sæll Björn Ingi.

Við hjónin () festum kaup á einbýlishúsi ásamt landskíka úr landi Esjubergs á Kjalarnesi, nefnt í janúar árið 2003. Áður höfðum við búið í tæp 19 ár í Mosfellsbæ.

Með ofangreindri breytingu var ætlunin að flytja út í sveit, hér standa aðeins tvö hús, fjærri annarri byggð. Við urðum heldur ekki fyrir vonbrigðum, við vorum komin í algera kyrrð. Hér var ekkert sem raskaði ró okkar. Við gerðum ráð fyrir að ekki yrðu á því neinar breytingar, þar sem Reykjavíkurborg gerir ekki ráð fyrir deiliskipulagi á svæðinu fyrr en árið 2024.

En skjótt skipast veður í lofti.

Við komum heim úr ferðalagi síðdegis fimmtudaginn 21. júlí 2005. Það fyrsta sem við gerðum var að búa til gott íslenskt kaffi og setjast með það út á veröndina í veðurbliðunni sem þá ríkti. En þá fóru skothvellir að glymja í eyrum okkar. Við nánan eftir eftirgrennsan komumst við að því að opnað hafði verið skotæfingasvæði á Álfsnesi, í u.þ.b. 3ja km. fjarlægð frá og skotsstefnan á Búamannsklettana hér fyrir ofan. Reykjavíkurborg hafði gert samninga við Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur til ársins 2020 um skotæfingasvæði á Álfsnesi og uppbyggingu þess.

Við sáum þann kost vænastan að flytja okkur inn í hús með kaffið, og þannig hefur það verið síðan. Nánast alla góðviðris eftirmiðdaga, kvöld og helgar á meðan birtu nýtur er skotið í sífelldu. Og það er ekki bara einn hvellur frá hverju skoti, heldur bergmálar hvert skot lengi frá Búamannsklettunum hér fyrir ofan.

Við teljum að Reykjavíkurborg hafi með ráðstöfun þessari brotið alvarlega á okkar rétti, því þetta er á skjön við aðalskipulag og engin grenndarkynning fyrir íbúum á svæðinu fór fram.

Krefjumst við þess að notkun skotæfingasvæðisins verði takmörkuð þannig að óheimilt verði að skjóta ett kvöld í viku, frá kl. 17:00 og óheimilt með öllu á laugardögum og sunnudögum. Önnur kvöld verði lokað eigi síðar en kl. 22:00.

Varakrafa okkar er að Reykjavíkurborg kaupir af okkur fasteign okkar og eignarland samkvæmt markaðsverði miðað við þær forsendur að ekki væri um skotæfingasvæði í nágrenninu að ræða, auk 25% álags vegna róskunar á okkar höfum.

Með vinsemd og virðingu,

02 04 09 22:46

Please respond to

To

umhverfissvid@reykjavik.is,

cc

Subject: Athugasemd vegna auglýsingar um starfsleyfi

Vegna audiðsinnar um starfsleyfi skotveiðifélags Reykjavíkur langar okkur, íbúum á _____, koma með eftirfarandi athugasemdir.

Við erum í hestamennsku og stundum meðal annars tæmlingar hér á bænum. Þar sem reiðleiðir eru fábrotnar er útilokað að velja sér leiðir þar sem skothvællana gætir ekki.

Mikil hljóðmengun berst hingað frá skotsvæðinu og glýmur í klettunum fyrir ofan bæinn. Þetta er misjafnlega mikið eftir vindatt en getur orðið það bagalegt að börnunum á bænum er ekki leyft að fara á hestbak við verstu aðstæður af ötta við að hrossin fælist undan hvellunum. Slikt hefur þó margsinnis komið fyrir okkur fullorðna fólkið og legið við slysum.

Reiðleiðin frá Kjalarnesi til Mosfellsbæjar liggur um Kollafjörð og verðum við að seta lagi eftir opnunartíma skotsvæðisins til að fara þar um.

Það er óásættanlegt að okkar mati.

Það er því ósk okkar að skotsvæðinu verði fundinn önnur staðsetning eða að öðrum kosti að deyfa hljóðið það mikið að það nái ekki að magnast upp í Esjuhljóðunum. Hér er um mikið öryggismál að ræða sem snertir alla hestamenn á svæðinu og er þetta gjarnan rætt í okkar hópi þótt ekki geri allir skriflegar athugasemdir.

Fn íbúa á _____

Viljum við benda á að þessir skotveiðimenn hafa frjálstan aðgang að þessum tveim skotsvæðum 12 tíma á sólahring yfir sumarlmann og erum við lbúar og landeigendur gjórsamlega búin að fá nóg. Ekkert tillit hefur verið tekið til okkar. Fólk hefur flutt burt, er hætt að geta ríðið út og verið með hesta sína, geta ekki treyst börnum sínum úti við leik, hætt að fara í göngutúra í góðu veðri, jafnvel ekki hægt að vera inni í húsum sínum vegna hávaða þar sem skotveiðimenn geta komið þegar þeim sýnist innan þessa 12 tíma og skemmt fyrir okkur friðinn. Við höfum komist að því að við erum óll búinn að vera að berjast á móti þessum skotsvæðum í sittthvoru lagi, en nú er sagan önnur. Við sem skrifum hér undir eigum hátt í 200 hektara landsvæði í kollafirði og umhverfis skotsvæðið, og höfum við tekið þá ákvörðun að við munum leita réttar okkar í gegnum dómskerfið ef þessi tvö skotsvæði verði ekki látin fara sem allra fyrst. Eftir að Skotfélag Reykjavíkur hóf starfsemi sína hefur hljóðmengunin margfaldast og sá hávaði sem kemur úr þessum langdrægri rífflum er engum manni bjóðandi. Teljum við að með þessu athæfi hafi borgin lagt lbúa og útivistarfólk í lífshættu þar sem rífflar á skotsvæði Reykjavíkur drífa yfir 3 km. Að Skot hlaupi úr byssu eða endurkast á kúlu er þekkt dæmi, lbúar og útivistarfólk er allt innan 3 km frá skotsvæðinu. Hver vill bera ábyrgð á slíku voðaslysi?

Okkar kröfur

Að bæði skotfélögin Reyn og rvk verði látin fara sem fyrst, en þangað til,

Að skytt sé að nota hljóðdeyfi.

Opnunartíminn verði verulega skertur í samráði við lbúa og landeigenda.

Við munum ekki sætta okkur við

Fólks loforð.

Einhverjar draumórahugmyndir um fleiri manir osfrv.

Að annað skotfélagið verði látið fara en hitt verði áfram, við gerum okkur grein fyrir þeim upphæðum sem þið hafið eytt í skotfélag rvk en það réttlætir hvorki hávaðamengunina né hættuna sem þið hafið sett lbúa og útivistarfólk í. Þetta er ferli sem þið þurfið að snúa við hið ýtrasta.

Borgarstjórinn í Reykjavík

Kjalarnes 17. mars 2009

Ályktun íbúasamtaka Kjalarness vegna skotsvæðis í Álfnesi

Vegna margra athugasemda, ábendinga og kvartana íbúa í nágrenni skotsvæðisins í Álfnesi ályktar íbúasamtök Kjalarness eftirfarandi:

Það er okkar eindregin vilji, ósk og krafa að skotsvæðið í Álfnesi verði lokað og flutt hið fyrsta.

Ástæður eru eftirfarandi:

1. Hávaði truflar íbúa á svæði í allt að 5ja kílómetra fjarlægð.
2. Hávaðinn er um helgar og á kvöldin virka daga, og um sumartímann er þetta sérstaklega slæmt og hafa einstaka íbúar nú þegar flutt vegna þessa vandamáls.
3. Ítrekað hafa umgengisreglur sem gilda um svæðið verið brotnar þ.e.á.s. skotið utan opnunartíma svæðisins.
4. Þetta er ekki glæsileg fyrirmynd fyrir Reykjavík þar sem hávaðinn berst upp allar Esjuhlíðar á góðum sumardegum þar sem mikið er af göngufólki á svæðinu.
5. Okkur óar við þessari starfsemi – svo nálægt byggð hjá okkur og útivistarsvæði – ein kúla á rangri leið getur kostað mannlíf.

Einnig óskum við hjá íbúasamtökunum eftir að kannað sé hvort eðlileg stjórnsýsla hafi verið við höfð við úthlutunar á þessu svæði

Með von um skjót og skýr svör

Fyrir hönd íbúasamtaka Kjalarness
Símon Þorleifsson
Formaður íbúasamtaka Kjalarness

Kjalamesi 16 mars 2009

Umhverfis- og samgönguvið.

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

6. APR. 2009

Málsnr.: 1009020301

Bréfalykill: 25.31

Athugasemdir vegna starfsleyfistillagna um skotvöll í Álfnesi.

Í lið tvö í auglýsingu um starfsleyfistillögur gefst íbúum á svæðinu réttur til að gera athugasemdir vegna þess.

Undirrituð hefur búið á Kjalamesi síðastliðinn nítján ár. Fjá 1990 til 1996 á Mógilsá 1996 keypti ég land úr stofnaði lögbyli sem ég kalla í og hef síðan verið að byggja þar upp aðstöðu sem fellur að mínum lífsstíl. Ástæður fyrir staðarvalinu voru nálægð við nátturu þar sem hægt var að stunda útivist (skógrækt, hestamennsku, göngur).

Síðan skotsvæðið var opnað í Álfnesi hefur þessi mynd gjör bræst. Opnunartími þar, sem vægast sagt hefur verið fjórsíða með farið af þeim sem eru að skjóta er í frítíma flestra og tillagan gengur út á rími tilna. Það er algjörlega ólíkandi að hafa hávaðan af skothríðinni dygandi í eyrunum sér í hvert skipti sem farið er út úr húsi.

Opinbera reiðleiðin í Kollafjörð og vinsælt gönguleið sem er um malargryfurnar og á gamla þjóðveginum meðfram Esjunni (gengt skotsvæðinu). Á þessu svæði endurkastarar fjallið skothvellina með tilheyrandi hætti fyrir þá sem fara þar um með hesta og hávaðamengum það er ekki spurning hvort heldur hvenær slys verður á reiðleiðinni á Kjalamesi.

Þá eru mófuglarnir sem hafa koma á vonð hætti að verpa í nágrenni skotsvæðisins. Þeir koma og fara svo nokkrum dögum seinna og sjást ekki meir.

Það er með öllu óásættanlegt að hafa svæði þar sem fólk er að æfa sig í að drepa þar sem íbúðabyggð er.

Fróðlegt væn að heyra hvernig atendum á þessari staðsetningu frá Borgaryfirvöldum og hvernig öllu sú stjórnsýsla hefur gengið fram.

Skotsvæðið hefur rýrt búsetuskipti á svæðinu og skapað neikvæða mynd fólks á Kjalamesi.

Kjalamesi

Varðar 12 ára starfsleyfi fyrir Skotreyn.

Undirrituð hafa móttengið bréf yðar dags. 5.mai 2009 þar sem tilkynnt er að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sé búið að fara yfir allar athugasemdir og hafi tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis til 12 ára.

Augljóst er að í meginatriðum hefur ekkert tillit verið tekið til mótmæla allra þeirra sem sendu athugasemdir við fyrirhugaða endurnýjun á starfsleyfi fyrir Skotreyn. Það sem er einnig afar gagnrýnisvert er sú staðreynd að enginn fundur var haldin með þeim sem mótmæltu fyrirhuguðu starfsleyfi og gerðu alvarlegar athugasemdir við þá starfsemi sem fram fer hjá Skotreyn. Þær eiga einnig og jafanvel frekar við um starfsemi Skotvís. Allar fagrar yfirlýsingar borgaryfirvalda um náð samráð við íbúa vegna stórra ágreiningsmála er greinilega ekkert að marka.

Afgreiðsla heilbrigðiseftirlitsins er í raun ótrúleg og um leið algjört tillitsleysi og hroki við þær alvarlegu athugasemdir sem svo margir sendu heilbrigðiseftirlitinu. Það er eins og heilbrigðiseftirlitinu og borgaryfirvöldum sé nákvæmlega sama þótt skothvellir valdi óstöðugu ónæði og hávaða sex daga vikunnar nær og fjær, frá 10-12 til 18-22, eftir vikudögum. **Starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins og borgarfulltrúar ættu að reyna það á eigin eyrum.** Ekkert virðist heldur gert með hættuástand sem getur auðveldlega skapast fyrir aðra en skotmenn þegar skotum er beint út á flóann.

Það er skýlaus krafa okkar að þessari starfsemi verði hætt á þessum stað innan ekki langns tíma og henni fundinn annar staður fjær mannabyggðum.

Þessvegna er það bein ögrun við íbúana að ætla að veita leyfi til hvorki meira né minna en næstu 12 ára á þessum stað. Í þann stutta tíma sem starfsemin verður þarna áfram er það einnig krafa okkar að hljódeyfir á skotvopnum verði notaðir við skotæfingar.

Við krefjumst rökstuðnings fyrir þessari ákvörðun og jafnframt itarlegra svara við þeim athugasemdum sem heilbrigðiseftirlitinu barst. Er það svo, að heilbrigðiseftirlitið hefur þegar tekið endanlega ákvörðun og frekari mótmæli eða viðbrögð íbúa við umbeðnum rökstuðningi og svörum hafi ekkert að segja?

Ljóst er, að ef heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar og borgarstjórn Reykjavíkur ætla ekkert tillit að taka til réttmætra mótmæla íbúa í næsta nágrenni við skotæfingarstaðinn, verður málið kært til Umhverfisstjórnar.

Undirrituð óska eftir skjótum svörum við þessu erindi.

Virðingarfyllst,

*Samræðingur, Einar
Formaður íbúa samtaka Kjalarness*

Afrit sent til nefndarmanna í Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur,
ráðsmanna í Umhverfis- og samgönguráði,
ráðsmanna í Hverfisráði Kjalarness,
borgarráðs Reykjavíkur, borgarstjórn, forseta borgarstjórnar,
og annarra borgarfulltrúa.

Fráminnit mitt 6.5 1975 2008

H Hjalmar Ævarsson

UMSÖGN BIRT 13.04 2024

Sælir, löngu tímabært að koma útsisvæðum fyrir skotfimi í gang aftur, ekki sjáanlegur betri staður á Stór Rvk svæðinu en Álfnesið. Með opnum útsisvæðana á Álfnesi aftur hætta skotæfingar í malarnámun í grennd Rvk, eins og er í dag þar sem iðkendur hafa aftur stað til að stunda sína íþrótt.

Ekki má gleyma að kvöldopnum á ríffilbraut er vel möguleg fram eftir kvöldi og allar helgar með tilkomu hljóðeyfa á rífflum.

Hlakka til að fara stunda íþrótt mína aftur við eðlilegar aðstæður.

Skotkveðja Hjalmar Ævarsson

Þessi tillaga er góð lausn ef undanskilinn er takmarkaður opnunartími á þeim skotæfingasvæðum sem um er að ræða. Ef rökin fyrir þessari takmörkun er vegna havaða þá má með sannri benda á hljóðmælingar sem unnar voru af viðurkenndum og vottuðum aðilum þar sem skýrt kemur fram að umferðarhávaði á þeim svæðum sem um er fjallað er mun meiri en af skothvællum. Það má því til sanns vegar færa að umferðartakmarkanir verði settar til að tryggja næði þeirra sem mest kvarta.

Þetta þarf að keyra í gegn hratt og örugglega með hagsmuni alls skotáhugafólks að leiðarljósi eftir áralanga valdniðslu. Látum okkur hlakka til að þetta blómlega starf hefjist aftur sem allra fyrst, öllum til hagsbóta.

Með skotkveðju,
Kjartan Lorange.

Daginn,

Undirritaður skorar á Reykjavíkurborg að opna skotsvæðið á Álfsnesi sem fyrst og sjá sóma í að halda því opnu eins og kostur er. Óásættanlegt er að takmarka opnunartímann á kvöldin og um helgar þegar hinn almenni borgari er í frii frá vinnu en þá er hans eina tækifæri til að stunda sína íþrótt.

Ríffilsvæðið er einnig það eina á höfuðborgarsvæðinu og því er enn ríkari krafa um meiri opnunartíma, því um langan veg að fara fyrir skotiþróttafólk og veiðimenn til æfinga í dag með tilheyrandi kostnaði og mengun.

Allt tal um hávaða og mengun á ekki við rök að styðjast því búið er að hljóðmæla sem og að banna blý í haglaskotum.

Einnig er rétt að benda á að skotiþróttir eru í sjöunda sæti yfir fjölmennustu íþróttir landsins.

[https://www.isi.is/library/Skrar/Efnisvita/Tolfraedi/I%c3%b0kendur%202021%20eftir%20%c3%ad%3%ber%3%b3ttagreinum%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.isi.is/library/Skrar/Efnisvita/Tolfraedi/I%c3%b0kendur%202021%20eftir%20%c3%ad%3%ber%3%b3ttagreinum%20-%20Copy%20(1).pdf)

Undirritaður skellti sér niður í fjöru en fann ekkert hagl.



Bestu kveðjur
Guðmundur Pálsson

E Larkur Björnsson

UMSGÖGN BIRT 15.04.2024

Engin rök eru fyrir öðru en að skotvellir á Álfisnesi verði opnadir eins fljótt og auðið er.

Ég er eigandi og ábúandi á Kirkjulandi á Kjalarnesi. Það er eiginlega með ólíkindum að við sem búum í nábýli við skotæfingasvæðið á Alfnesi, skulum þurfa að standa í þessu stríði við Borgina. Það má sjá sem allt veit vita hversu miklum fjármunum Borgin hefur eytt í ótal hljóðmælingar, mengunarmælingar o.fl. til að réttlæta leyfisveitingu æfingasvæðis fyrir skotvopn í okkar nágrenni. Fullyrðingar íbúa um hljóðmengun er helst ekki hlustað á, svo ætla má að starfsfólk HER sé heyrnardauff. Hér á Kirkjulandi gleymur hávaðinn svo leiðis frá æfingasvæðinu, að varla er verandi úti við þegar mest gengur á, hestarnir okkar verða dauðhræddir svo ekki er hægt að stunda hestamennsku á þeim tímum sem djófulgangurinn er sem mestur. Þá erum við með litla ferðaþjónustu, og við verðum að utskýra fyrir gestum okkar að skothvellir séu bara partur af daglegu lífi hér. Ég mótmæli harðlega að gefið verði út leyfi fyrir áframhald á þessari skotstarfsemi. Slíkt leyfi hefur ekki aðeins í för með sér ómunnleg óþægindi, heldur hefur meðfylgjandi hávaðmengun áhrif á verðmæti eignar minnar, kæmi til að ég vildi selja. Þegar hávaðinn er sem mestur tel ég nær utilokað að nokkur aðili hefði áhuga á að búa hér, á þessum annars frábæra stað. Það er skotæfingasvæði sunnan við Hafnarfjörð sem nýta mætti betur, og er fjarnímannabústöðum. Virðingarfyllt, Guðrún Gunnarsdóttir og Björn Ólafsson, Kirkjulandi, Kjalarnesi.

Löngu orðið tímabært að opna aftur dyrnar fyrir skotipróttu fólkið okkar á Álfnesinu. Það er kunnugt flestum sem kynnt hafa sér málið að sérfræðingar hafa greint þessa "hávaða mengun" og að hún sé töluvert minni en veghjóð ökumanna sem eiga leið þar framhjá á svipuðum slóðum. Þetta eru því engin rök að minni mati og því mjög mikilvægt að opna aftur svæðið sem fyrst. Mikill soknuður er búinn að vera á svæðinu sem samsvarar þeirri vöntun sem þetta svæði þjónar.

Við eigendur Móabergs mótmælum eindregið aframhaldandi skotæfingum á Álfanesi. Við erum búnar að kvarta undan hávaða árum saman og þolinmæði okkar er löngu þrotin. Ekki starfsleyfi fyrir skotæfingar jafnvel þó að það eigi að heita að það sé tímabundið!

Kveðja

Helga Sigurðardóttir

Kjartan Sigurðsson

Sigurborg Sigurðardóttir

Mál nr. 716/2023 Skotæfingsvæði Álfsnesi – breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Athugasemdir

Við viljum að ítreka okkar fyrri umsögn dagsett 29.10.2023 sem fylgir auglýstri breytingartillögu.

Við viljum að ítreka að skotsvæðin hafa verið lokaðuð meira og minna síðastlíðin ár. Við sjáum ekki knýjandi þörf fyrir að opna þessa skotvelli. Ef til dæmis ein sundlaug lokar þá fara sundkappar í næstu laugar. Það er eins með skotíþróttaiðkendum, þeir eru ekki að hætta að æfa heldur fara eitthvað annað t.d. á skotvelli á Akranes, Hafnafjörð, Reykjanesbæ og Ölfus það sem fólk tekur próf vegna skotveiða og æfir sig.

Skotíþróttaiðkendum hafa síðastlíðin ár farið annað og í stað þess að eyða miklum tíma og peningum sem kostar að breyta skipulaginu til skamms tíma á okkar kostnað teljum við alls ekki réttlætanlegt, í ljósi þess að búið er að ákveða að loka skotsvæðum á Álfsnesi (samanber bréf borgarstjóra janúar 2023).

Samkvæmd úrskurðanefnd hefur þessi starfsemi á Álfsnesi verið í óleyfi öll árin með fjárhagslegum stuðningi borgarinnar samanber skortur á byggingarleyfi, lóð undir hús og aðalskipulag.

Kostnaður við þessar skipulagsbreytingar og þeim aðgerðum sem fylgir þessari skammtímalausn eru ekki skynsamlegur að okkar mati í ljósi þess að skotíþróttaiðkendum hafa þann möguleika að æfa annars staðar.

Við skipulagsbreytingar á að hafa samráð og gæta að heilsufarslegum áhrifum og nátturuvernd. Ekkert slíkt var gert hingað til.

Einnig á að hafa samráð við hagaðila eins og íbúa og landeigendur. Það að senda tilbúna tillögu í skipulagsgátt telst að okkar mati ekki nægilegt sem „samráð“ eða „samtal“.

Við viljum koma á framfæri að hluti að þessari tillögu eiga mögulega ekki erindi í aðalskipulaginu en tilheyra frekar útgáfu starfsleyfis.

Opnunartími er allt of langur. Í starfsleyfi SR (11.3.2021-10.3.2023) er opnunartími mánudagur til fimmtudags klukkan 10-19 og laugardaga klukkan 10-16 sem er samtals 42 klukkustundir. Í þeim starfsleyfum sem sýnd erur í viðhengi í þessari tillögu eru þeir 46 klukkustundir. Það er búið að lengja 2 kvöld í viku.

Að okkar mati er þetta alltof langur tími fram á kvöld ef þessi tillaga á að verða að veruleika. Í bestu dögum sumarsins er eðlilega mesta ónæðið frá skotsvæðunum því þá eru flestir að æfa sig. Á þessum dögum eru einnig útivistafólk að reyna að njóta umhverfisins á svæðinu (t.d. Esju og siglingar í Kollafirði).

Þegar fólk kemur úr vinnu til hvíldar og útiveru byrja skothvellir. Þetta er okkar heimili og gríðastaður og þá er það eyðilagt af skotæfingum þeirra sem menga umhverfi annara með hávaða og fara síðan heim og njóta friðar á sinum heimilum.

Svo er tekið fram í tillögunni varðandi opnunartíma (punktur 1 bls. 10) að „opnunartími skotæfingarsvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðast að jafnaði við 5 daga í viku“. Hér þarf að leiðrétta að þarna eru tvö félög og þau félög verða að hafa sömu vikudaga og opnunartíma til æfingar ef að þessu verður.

Í starfsleyfum sem koma fram hér í tillögunni kemur fram að það megi hafa 4 mót á ári. Þetta er blekkjandi því félögin eru 2 og geta þá eyðilagt 8 helgar fyrir íbúum, útivistafólkinu og landeigendum.

Við viljum einnig minna á umsögn Reykjavíkurborgar Umhverfis- og skipulagssvið frá 22.01.2021 að gefa út starfsleyfi í hamark 2 ár með verulega skertum opnunartíma.

Á blaðsíða 11 í 1 grein um stefna um landnotkun, er talað um þörf á umhverfismat á nýju svæði. Ef það þarf að gera umhverfismat á nýju skotsvæði þarf að okkar mati einnig að gera umhverfismat á Álfsnesi áður en starfsleyfi eru gefin út. Það geta ekki gilt aðrar reglur um Álfsnesi frekar en önnur svæði.

Í því samhengi viljum við benta á að á blaðsíða 10 liður 5 „Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.“ Miðað við allt sem hefur gengið á og ekkert hefur verið framkvæmd undanfarin ár til að minnka ónæði teljum við að óháður fagaðili þurfi að gera tillögu um aðgerðir eins og hefur tíðkast annars staðar, ekki rekstraraðili.

Á blaðsíða 4 tillöguna undir „Mynd 1“ er tekið fram „próftaka á vegum Lögreglu höfuðborgarsvæðisins (LRH). Við viljum árétta að lögreglan hefur ekki notað skotsvæðin á Álfsnesi í mörg ár og hreindýrapróf Umhverfisstofnunar er hægt að taka á öðrum völlum.

Við viljum að ítreka að ef þessi tillaga verður að veruleika þarf að koma fram nákvæm dagsetning um gildistíma. Það að segja „Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingarsvæða til lengri framtíðar litið“ er auðvelt að álykta að ef það hefur ekki fundist ný staðsetning innan 4 ára, verður haldið áfram þarna. Það er mjög alvarlegt fyrir íbúa, útivistafólk og landeigendur ef ekki verður bindandi dagsetning í aðalskipulagi fyrir þessi svæði.

Það vantar dagsetningu í aðalskipulag um gildistíma. Það er ekki nóg að segja „til skemmri tíma litið“ eða „tímabundið“.

Við leggjum til að fallið verði frá þessari skipulagsbreytingartillögu.

Reykjavík, 16.04.2024
Kristbjörn Haraldsson
Anja Þórdís Karlsdóttir

Við erum eigendum að lóðum er snúa að skotsvæðinu í Álfsnesi í Múavík. Framkoma Reykjavíkurborgar í þessu máli er með ólíkindum. Hávaðin og mengunin sem stafar af starfssemi gerir það að verkum að ekki að hægt að nýta og njóta þessa að vera á okkar eigin landsvæði sem við greiðum gjöld og skatta af. Ekki hefur verið leitað neinna lausna við að færa þessa starfssemi í fjölda ára heldur verið einbeitt sér að því að snúa reglum og álitum sérfræðinga skotsvæðinu í hag. Ljóst er að ef Reykjavíkurborg ætli enn og aftur að leyfa þessa starfssemi þrátt fyrir að sérfræðingar hafi sýnt fram á hávaðamengun og blýmengun þá hljótum við að fá bætur frá Reykjavíkurborg þar sem landareignir okkar eru orðnar verðlausar. Þessar lóðir okkar eru með þessari ákvörðun orðnar oseljantegar og því hlýtur að skapast bótarétt. Það er skotsvæði sunnan við Hafnarfjörð sem má byggja upp og nýta betur og er fjarri mannabústöðum. Við mótmælum þessu harðlega og höfum mikill hagsmuna hér að gæta í eignarrétti á einkalandi sem varin er í stjórnarskrá. Virðingafyllt Rúna Hauksdóttir Hvannberg og Guðmundur Hermannsson

Reykjavík 17. apríl 2024

Reykjavíkurborg umhverfis- og skipulagsvið Höfðaborg – Borgartúni 12-14 105 Reykjavík

Hér með mótmælir undirritaður íbúi í Dýjahlíð á Kjalarnesi, Reykjavík, framlengingu á starfsleyfi til ársins 2028 fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur til að iðka skotæfingar á Álfsnesi og í þeim skotbyrgjum sem þar má finna eins og þeim er lýst í tillögu um skotæfingasvæði í Álfsnesi. [1]

Undirritaður hefur áður mótmælt þessari hávaðamengandi starfsemi sem vegur illilega að því gríðlandi sem heimilin eiga að vera. Reykjavík hefur það sem markmið sitt að stuðla að heilnæmu, öruggu og ómenguðu umhverfi úti sem inni í borginni og er þessi starfsemi í hrópandi mótsögn við það.

Ljóst er að þau sem stunda skotæfingar hafa það að tómstundaiðkun en ekki atvinnu. Það hljóta allir að sjá að það er í hæsta máta sérstakt að þau sem iðka hávaðamengandi tómstundir skuli geta gert það á kostnað íbúa sem nærri liggja skotsvæðinu. Íbúa sem í grandaleysi hafa reist sér þar sín heimili í kyrrð og fegurð náttúrunnar. Auk þess drífur að skotglaða tómstundaiðkendur úr öðrum bæjarfélögum til skotæfinga.

Þá skal og getið að hávaðamengunin hefur sömuleiðis truflandi áhrif á allt fuglalíf og sérstaklega yfir varptímann. Þarflaust er að taka það fram að skothvellir og bergmál þeirra í Esjunni eru náttúrumengun af mannavöldum.

Fram hefur komið að leit standi yfir að æfingasvæði sem er öruggt bæði fyrir íbúa og skotfólkið. Staðarval muni taka tíma og allur undirbúningur en á meðan fái skotglaðir að hávaðamenga áfram á svæði þeirra sem búa á Kjalarnesi. Enda kemur það í ljós í markmiðum og tillögum á bls. 7[2] að það er sett í þriðja lið að leita leiða til að draga úr hávaðamengun. Í fyrsta lið trónir að tryggja skotaðstöðu fyrir hina skotglöðu og sætir það furðu að skotfólkið skuli hafa þar forgang umfram íbúa eins og röðun liðanna sýnir. Borgaryfirvöld hljóta að láta íbúa ganga fyrir og hafa hagsmuni þeirra og heimili í fyrirrúmi.

Í tillögunum[3] er talað um að opnunartími skotsvæðisins skuli vera takmarkaður og miðist við fimm daga í viku. Þvílíkur raunsarskapur. Tveir hvíldardagar frá skothríðinni! Hér ætti í hæsta lagi að leyfa þrjá daga og láta þannig íbúa njóta hvíldar í fjóra daga af sjö.

Þá skal á það bent að tölulíðirnir 1 til 12[4] minnst ekki einu orði hver skuli hafa eftirlit með því að það sem þar er lagt til verði gert eins og til er ætlast.

Íbúar á Kjalarnesi sem hafa viljað verja heimili sína frá skothvellingum hafa staðið í þessu stappi við borgaryfirvöld í tæpa tvo áratugi eins og bréf og önnur gögn sýna í margívitnuðu plaggi. Það segir sína sögu. Íbúinn virðist mega sín lítils gagnvart borgarkerfinu og hann fær það á tilfinninguna að kerfið beri hagsmuni skotfólksins meira fyrir brjósti en íbúanna, útsvarsgreiðendanna, sem eru í raun og veru að verja heimili sín. Það hljóta allir að sjá að

Þetta viðhorf kerfisins nær ekki nokkurri átt og er í ætt við það sem tékkneski rithöfundurinn Frans Kafka lýsti vel á sínum tíma í glímu við hið opinbera.

En íbúar munu ekki gefast upp. Það skal ekki spyrjast um þá þó að borgarkerfið haldi sínu striki og segi við íbúana að þetta sé nú í lagi þar sem þetta sé bara tímabundið. Já, það verði bara skotið fimm daga vikunnar. Er það ekki gott? Spurning hvort einhverjir fulltrúar borgarinnar vilji ekki njóta skothvellanna í sínum bakgarði þó ekki væri nema einn dag í viku til að skilja hvað Kjalnesingar eru búnir að vera að segja hátt í tvo áratugi. Og segi svo sitt álit.

Sem sé: Ég mótmæli þessum framlengda hernaði gegn Kjalnesingum, þ.e. framlengingu á starfsleyfi til 2028 fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur til að iðka skotæfingar á Álfsnesi.

Virðingarfyllt,

Hreinn Hákonarson [REDACTED] Kjalarnesi Reykjavík
Netfang [REDACTED]

Tilvísanir:

[1] Sjá: Aðalskipulag Reykjavíkur

2024: Skotæfingasvæði á Álfsnesi – skilgreining íþróttasvæðis (ÍÞ) –
Tímabundin ákvæði um rekstur skotæfingasvæðis – Tillaga – Auglýsing samkvæmt
31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, Reykjavík, febrúar 2024, bls. 1-146.

[2] Sama.

[3] Sama, bls. 10.

[4] Sama, bls. 10.

- Við viljum að skotvottunum verði endanlega fundinn staður fyrir Kollafniðinu. Við viljum frjála heimili okkar og nágrenni. Að breyta skotstefnu gerir okkur verja fyrir sumu líbuð.

Ég fagna því að yfirvöld í borginni séu að skapa æfingar vettvang fyrir þá þúsundir aðila sem stunda skotíþróttir eða skotveiði. Félagin sem hafa starfsleyfi þarna fylgja þeim reglum sem þeim eru settar, bæði varðandi tímamörk iðkunar sem og um mengunarvarnir. Félagin skapa þarna öruggt og gott umhverfi fyrir veiðimenn og íþróttafólk til að æfa sínar íþróttir. Mikilvægt er að halda til haga því uppeldishlutverki sem félagin hafa gagnvart ungum og nýjum iðkendum. Ef ekki væri fyrir þessa velli með margreyndum umsjónarmönnum þá væri þessi starfsemi að fara fram á svæðum sem ekki eru viðurkennd sem skotæfingasvæði með tilheyrandi hættu og mengun. Íslendingar eiga skotíþróttamenn á heimsmælikvarða sem litla athygli fá og þeirra æfingaraðstaða er skert eða lokað um langt skeið sökum vandamála í skipulagi. Nú er verið að vinna bót á því og stefnt á ný svæði með langtíma notkun í huga, því ber að fagna.

Við, landeigendur hluta Málalands, mótmælum harðlega fyrir hugaðri opnun skotsvæðis á Álfisnesi. Það er með ólíkindum að áralöng barátta fjölda fólks standi enn yfir. Bústaður okkur er gegnt skotsvæðinu, hávaði frá svæðunum hefur verið óbærilegur frá opnun og finnum við mikinn mun nú þegar því hefur verið lokað. Skothvellir eru frábrugðnir öðrum hljóðum og mjög óþægilegir og ekki í samræmi við hljóð frá öðrum íþróttasvæðum.

Ef svo fer að en ein ferðina verði komist fram hjá úrskurðum og svæðið opnað á ný er mikilvægt að regluverki sé breytt áður, svo heilbrigðiseftirlitið hafi rétt töl til að mæla eftir. Opnunartími sem hefur hingað til ekki verið virtur séu sett skýrari mörk en koma fram í tillögunni. Einnig þarf að vera skýrt hvernig eftirlit með hreinsun verði háltað. Við brotum á þessum atriðum þarf þá einnig að vera skýr viðurlög.

Það liggja fyrir ótal gagn sem sýna skaðsemi á lífríki og veru fólks sem býr þarna í kring og fólks sem nýtur þar útivistar. Starfsemi sem þessi á ekki að vera þar sem fólk býr eða nýtur útiveru á sjó og landi. Það er með ólíkindum að borgin skuli virða að vettugi þessar staðreyndir en styðji sterk öfl einstaklinga sem geta stundað sína iðkun annar staðar!

Við tökum undir aðrar umsagnir landeignenda sem mótmæla þessari tillögu Reykjavíkurborgar. Við erum langþreytt á innantómum loforðum.

Virðið fyrir úrskurði!

Hrefna Stefánsdóttir, Heiga Rúna Gústafsdóttir, Berglind Sunna Stefánsdóttir og Birna Stefánsdóttir

Sem íbúi og landeigandi í næsta nágrenni skotsvæðisins á Álfsnesi andmæli ég hér með fyrirhuguðum breytingum sem kynntar eru á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og varða skotæfingasvæði á Álfsnesi. Undirritaður hefur ekkert á móti skotæfingasvæðum því á móti er ég einn af þeim sem nýti mér skotsvæði annað slagið. En ég legg á mig 40-50 mín. ókuferð til að stunda mínar skotæfingar þrátt fyrir að vera einn af þeim sem búa næst skotsvæðinu á Álfsnesi. Með því móti kemst ég á skotsvæði þar sem tryggt er að nágrennar verði ekki fyrir truflun af völdum hávaða og lega viðkomandi skotsvæða skapar ekki hættu á mengun í sjó. Við sem byggjum innsta hluta Kollafjarðar hjótum a.m.k. að geta gert þá kröfu að Reykjavíkurborg setji tímamörk í skipulagstillöguna.

Undirrituð mótmælir harðlega að Reykjavíkurborg heimili aframhaldarinn skotæfingar í nágrenni heimilla í Kollafirði og nágrennis. Það er með ólíkindum Reykjavíkurborg ætivist til þess að íbúar (og dyr) eigi að lata sig nafa það hlusta á skothvelli allan daginn, ekki síst þegar vel viðrar og búar vilja njóta útveru í gördum sínum.

Það liggja fyrir ótal gogn sem sýna skaðsemi á lífríki og veru fólks sem býr þarna í kring og fólks sem nýtur þar útivistar. Þessi tillaga er alíka gáfuleg og að leggja til að skotfélagið fái úthlutað æfingasvæði í Elliðaárdal.

Það er með ólíkindum að árið 2024 ætli valdhafar Reykjavíkurborgar að hunsa niðurstöður vísindalegra rannsókna og hygla tómstundaröðu nokkurra karla á kostnað heilsu, lífsgæða og verðmæta íbúa í Kollafirði og Kjalarnesi. Eg hvet fulltrúa meirihlutans í borginni, þau Einar Þorsteinsson, Óru Björt Guðjónsdóttir, Þórdís Lóu Þorhallsdóttir og Dag B. Eggertsson, til að stöðva þennan oskunda.

Virðingafyllt,
Hjördis Hendriksdóttir

Ég er fyrrverandi íbúi á Kjalarnesi. Hrökklaðist í burtu undan skothriðinni 2014 og er ekki sá eini sem gafst upp á að búa við nánast stöðuga skothrið frá þeim á Skotæfingasvæðinu á Álfanesi. Vil vara við því að þetta verði áfram leyft. Min reynsla af þessum skotfélögum er að opnunartímar voru ekki virtir og skotið hvernær sem var dagsín og fram á nótt hvaða daga sem var með tilheyrandi hávaða frá öflugum, haglabyssum og ríflum. Höguðu sér eins og við værum einhver úrhök sem ekki þyrfti að taka neitt tillit til. Eiríkur Hans Sigurðsson fyrrverandi íbúi á Skriðu.

Og að lokum.

Þessir menn eiga öfluga vini viðsvegar í kerfinu, sem aðstoða þá leynt og ljóst við að brjóta á íbúunum í nágrenni skotæfingasvæðisins.

Það er merkilegt að lesa umsagnir hér að neðan frá fólki tengdu skotfélaginu sem aumkar sig undan erfiðum og ósanngjörnum aðstæðum. Staðreyndin er sú að reglur ítrekað hafa ekki verið virtar; opnunartímar ekki virtir, reglur um blýskot ekki virt, hljóðmengun langt yfir hávaðamörkum og mengun/umgengni léleg. Þetta get eg auðveldlega fullýrt; hljóðmælingar hafa verið gerðar, eg hef verið í Moavík þegar lokað hefur átt að vera en skotið hefur verið stanslaust, og eg hef tynt um fulla vasa og þoka af skothylkja ogeði (hugglegt með guðbörnunum að tyni um skothylki í nattúrunni).

Staðreyndin er líka sú að hafa aðstöðu rétt út fyrir mörk höfuðborgar fyrir sitt ahugamál eða íþrótt eru ekki einhver sjálfsgöð mannréttindi sem eiga að trompa verndun umhverfis; hljóðmengun sem hefur áhrif á dýralíf og menn og blymengun sem nú þegar hefur verið í sjóinn okkar allra.

Það er mér algjörlega óskiljanlegt að þurfa að skrifa þessi skilaboð einu sinni enn, það er ástæða fyrir að svæðinu hefur verið lokað ítrekað – reglur hafa ekki verið virtar ÍTREKAÐ. Af hverju fær Skotfélagið að njóta vata meðan það fólk sem hefur unnið að því að rækta land, búa til gróðarstaði og hefur nú þegar þurft að standa í eigin framkvæmdum með hljóðmælingar út frá réttum mælikvörðum í þessu samhengi, að tyna upp ruslið eftir þau – og að þurfa að sitja undir þeim ómuniegu hvellum sem kemur af skotum.

Það er vægast sagt hljóð sem temur sig inn í kroppinn og sálina þegar maður er ekki sá sem er að toga í gikkinn eða að mæta í smá tíma á æfingu – heldur að sitja undir klukkustundunum saman þegar maður er að reyna að eiga fallega stund með fólki sínu.

Kæra Skotfélag, fyrst þetta hefur verið svona erfitt fyrir ykkur, að gefa verið til hæfis í kringum manna og dýrabýggð – af hverju færið þið ykkur ekki eitthvað annað meira einangrað?

Í Kollafirði 18. apríl 2024

Skotæfingasvæði á Álfsnesi - breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, nr 0716/2023

Þrátt fyrir margar undirskriftir bæði við athugasemdir vegna starfsleyfa S.R. og Skotreynd ásamt nokkrum kærur til UJA stefnir Reykjavíkurborg nú á að breyta Aðalskipulagi til að skotfélögin geti haldið starfsemi sinni áfram á þessu svæði í óskilgreindan tíma.

Hvaða sérhagsmunir réttlæta allar þessar kostnaðarsömu aðgerðir fyrr og síðar fyrir okkur skattborgarana ?

Eru sérhagsmunirnir mikilvægari en friðhelgi okkar íbúanna ?

Starfsemin fellur ekki að útivist annara hópa á svæðinu þ.e. ýmis konar siglinga um fjörðinn, göngufólks á Fsju (130.000 manns á síðasta ári), reiðmanna o.fl.

Ef haldið verður áfram með aðalskipulagsbreytinguna teljum við mikilvægt að hljóðmælingar verði unnar af viðurkenndri verkfræðistofu áður en skipulagsbreytingin tekur gildi.

Við höfnum aðalskipulagsbreytingunni og öskum eftir að fá að njóta friðhelgi á heimili okkar.

Virðingarfyllst,

G.B

Með þessari tillopu eru boðaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, en endurnýjað aðalskipulag Reykjavíkurborgar hefur að öðru leyti ekki tekið til Kjálarness enn sem komið er. Þetta er gert til þess að skapa skilyrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur og Skotveiðfélags Reykjavíkur og nágrennis til skemmrí tíma lítið, á meðan fundinn er framtíðarstaðsetning fyrir félagin". Undirstrikað er að þetta sé lausn til skemmrí tíma lítið og lagt er til að tímamörk endurnýjunar starfsleyfa miðist við allt að til ársloka 2028. Þrátt fyrir það er Álfnes meðal valkosta fyrir framtíðarstaðsetningu „þróttamiðstöðvar skotiþróttar“ skv. skýrslu EFLU, sem starfshópur á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og nágrannasveitarfélaganna á að byggja á. Boðuð endurskoðun landnotkunar innan fjögurra ára á þess vegna að taka mið af niðurstöðum úr staðarvali nýs skotæfingasvæðis, þ.e. hér er gert ráð fyrir að það gæti verið Álfnesið. Einnig á að horfa til tímasetninga varðandi framkvæmda við Sundabraut, en Vegagerðin bendir í sinni umsógn á að ekki verði hægt að nota annað skotsvæðið þegar framkvæmdir við Sundabraut hefjast þar 2026. Starfshópurinn á að skila niðurstöðu innan 1-2 ára og gæti því farið þannig að skotiþróttamenn verði án ævingarsvæði aftur, áður en nýtt verður komið. Þá má teljast sérkennilegt að Reykjavíkurborg teigi að til greina komi að kosta breytingu á skotstefnu í norðausturs, þ.e. í att að komandi Sundabraut. Verður það að teljast skammtímalausn, ef lausn á að kalla, og sönn útsvars.

Samhliða óskar Framkvæmdasýslan Ríkiseignir eftir markaðsaðilum til samtals um mögulega aðkomu einkaaðila að lagningu svifferju upp Esjuhlíðar. Erfitt er að sjá hvernig það samræmist skotsvæði með miklum hafða sem bergmálar í Esjuhlíðunum. Er þetta "forathugun um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni". Landið er skv. gildandi skipulagi innan "Græna trefisins". Það er hins vegar þegar nýtt í atvinnuskyni, þar sem laxeldið í Kollafirði er hæð hreinu vatni úr fjallinu. Fyrirtækið sem þar á í hlut framleiðir hrogn fyrir allt laxeldi á Íslandi, en flytur samt 90% af framleiðslunni út með umtalsverðar útflytningstekjur fyrir Ísland. Fundur um kláf á Esju árið 2016 endaði með að þáverandi borgarstjóri ályktaði að þróun svæðisins þyrfti að vinna í nánú samstarfi við íbúa. Síðan hefur ekkert heyrt frá borginni og á fundi nýs borgarstjóra á Kjálarnesi í byrjun árs var hugmyndin um kláf talin uti af borðinu. Borgin og ríkið ganga ekki í takt og þörfin fyrir endurskoðun aðalskipulagsins á Kjálarnesi í heild er hropandi. Bútasamur ekki til þess fallinn að ná góðri heildarnýtingu á svæðinu til framtíðar.

S Sigríður Ingólfssdóttir

UMSÖGN BIRT **18.04.2024**

til viðbótar má vitna í fyrri athugasemd mína við sama mál

PDF 18.04.2023.pdf [↓](#)

PDF Eftirlit 2015-2020.pdf [↓](#)

PDF leitin mikla - NEW (3) (dragged) 2.pdf [↓](#)

Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið. Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kollafirði 18.04.2024

**Efni: Umsögn um drög að breytingu á aðalskipulagi 2040 vegna
skotípróttasvæðis á Alfsnesi**

Ég hef kynnt mér drög að breytingu á aðalskipulagi vegna skotípróttasvæðis á Alfsnesi sem nú er til umsagnar. Hér á eftir fara athugasemdir minar.



Alfsnes. Ljósmynd/STÍ

Til glöggvunar er þetta yfirlitsmynd af skotsvæðinu, þar sem mjög greinilega sést hvernig skotstefnan er yfir OP opnu svæði sem almenningur hefur rétt á frjálstri för skv. lögum 50 metra frá fjöruborði. Skotin eiga greiða leið yfir lága hljóðmön úti sjó og klettabelti Esjunnar rétt hinumegin við fjörðinn sem margfalda og endurkasta skothvellunum.

Hverra hagsmuna er Reykjavíkurborg að gæta við áætlaða gerð nýs aðalskipulags?

1. Er það fjöldi íbúa og landeigenda á Kjalarnesi auk almenns útivistarfólks sem hafa allt frá opnun svæðanna sent kvartanir til lögreglu og HER, auk þess að mótmæla með undirskriftalistum, gera fjölmargar athugasemdir við nokkrar útgáfur starfsleyfa vegna S.R. og Skotreytnar til HER og sent 4 kærur til UUA. Eða tiltölulega fámenns hóps skotveiðimanna sem stundar æfingasvæðin þótt félagafjöldinn sé mikill ?

Hvaðan koma tölurnar um iðkendur ? Eru þetta staðfestar tölur-t.d. skráningar ? Hversu marga iðkendur þarf til að réttlæta nýtt starfsleyfi/fjármagna skotsvæði á Álfnesi? Upplýsingar sýna að svæðin eru mun minna notuð en félögin telja vera, sem dæmi má geta þess að þegar Skotreytn hefur verið með opið svæði hefur verið erfitt að fá félagsmenn til að opna svæðið (of fáir sem vilja koma og æfa ?). Lögreglan og UST hafa farið og æft sig annas staðar nú þegar!!!

2. Er áætluð gerð nýs aðalskipulags eingöngu til að koma til móts við skotfélögin ? Gerð nýs aðalskipulags er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt ferli auk þess sem margkallað hefur verið eftir heildarskipulagi AR2040 á Kjalarnesi sem ítrekað hefur verið lofað en ítrekað frestað. Er það til að hægt sé að búa svæðið niður eftir stundar/sér hagsmunum þeirra sem vantar svæði fyrir ýmiskonar mengandi starfsemi ?

Afmörkun lóðanna er ekki sýnd á aðalskipulagsbreytingunni en svæðið er mjög stórt 33ha, ekkert framkvæmdaleyfi hefur nokkurn tíma verið gefið út fyrir framkvæmdum á svæðinu og jafnvel ekki byggingaleyfi fyrir starfsemi skotfélaganna. Afnot lóðanna til 2020 skv. samningi við RVK. auk þess sem starfsleyfisskilmálar hafa verið þver brotnir allt frá upphafi. Er nú verið að verðlauna skotfélögin ríkulega fyrir háttsemina með ætlaðri breytingu á aðalskipulaginu?

Íbúar og landeigendur leggjast hart á móti gerð þessa nýja aðalskipulags á Álfnesi og ítreka óskir sínar um „Skotvöllina burt af Álfnesi“

I inngangi bls 3 í Aðalskipulagstillögunni Með þessari tillögu eru boðaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR040) sem varða núverandi skotæfingasvæði á Álfnesi.

Þær lúta að því að skapa skilyrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur (SR) og Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) til skemmri tíma litið, meðan fundinn er framtíðar staðsetning fyrir félögin.¹ Ljóst má vera að það mun taka nokkurn tíma að klára endanlegt staðarval, undirbúa nýtt svæði, semja við landeigendur, vinna skipulag og umhverfismat og hanna og undirbúa framkvæmdir. Því er mikilvægt að skapa skilyrði í AR2040, þannig að mögulegt verði að gefa út starfsleyfi til félaganna til skemmri tíma litið. Í tillögum að breytingum er skerpt verulega á forsendum AR2040, um mögulega endurnýjun starfsleyfa skotfélaganna

Í skilgreiningu svæðanna í greinargerð verði hinsvegar settir skýrir fyrirvarar um tímalengd starfsleyfa og ákvæði um endurskoðun viðkomandi stefnu um landnotkun (sjá kafla 4). Lagt er til að tímamörk endurnýjunar starfsleyfa miðist við, allt að til ársloka 2028 og stefna um landnotkun á svæðinu verði tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára

3. Lýsing skipulagsgerðar er alloft vísað í „til skemmri tíma litið og tímabundinn“. Þetta þarf að útskýra betur, en óskráð regla er að aðalskipulag er gert til langs tíma. Skilmálar eiga að vera mjög skýrir. Skýrt verði sett fram að starfsleyfi verði einungis gefið út til tveggja ára enda sannar reynslan að eftirlit HER og framkvæmdir rekstraraðila hafa ekki uppfyllt mörg skilyrði starfseminnar. Í Evróputilskipun eru ákvæði um að meta skuli umhverfisáhrif breytinga.
4. Staðsetning skotsvæðanna er og hefur verið óásættanleg við fjöru og sjó þar sem almannaréttur um frjálsa för er á 50 metra belti skv. skipulagsreglugerð 5.3.2.14gr. Enginn getur verið þar á ferð nema vera í mikilli lífshættu. Kajakræðarar og annað siglingaáhugafólk notar einnig Kollafjörðinn. Auk þess sem alla tíð hefur verið vitað um uppsöfnuð blýhögl í tonnavís í fjöru og sjó og eru þar enn.. Klettabeltin í Esju endurkasta skothvællum um stórt svæði m.a. um fjölsótt útivistasvæði í hlíðum Esjunnar, 130.000 manns á síðasta ári

Er stefnan nú að tryggja skotveiðimönnum áframhaldandi starfsemi á kostnað rétt almennings til kyrrlátrar útiveru ?

Til hvaða aðgerða ætlar Reykjavíkurborg að grípa EF opna á skotvöllina aftur, verði af ætluðum skipulagsbreytingum ?

Arósasamningurinn tekur m.a. einnig á þessu „ Samkvæmt lögunum er stjórnvöldum einnig skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf sé ástæða til að ætla að mengun geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólka og dýra.”

Í Inngangi kemur fram *að nokkurn tíma geti tekið að klára endanlegt staðarval..... Vinna skipulag og umhverfismat og hanna og undirbúa framkvæmdir.* Í ljósi þess hve miklar framkvæmdir þurfa að verða á skotvöllum á Álfsnesi til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru og eru löngu tímabær, eru þær framkvæmdir bæði kostnaðarsamar og tímafrekar.

Allt frá opnun skotvallanna hefur ekki verið framkvæmt það sem áskilið hefur verið í mismörgum starfsleyfum, m.a. að leggja yfirborðsefni, gera jarðvegs mælingar v. mengunar jarðvegsins (þrátt fyrir óháða dýra rannsókn HER -Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020) sjá fyrri athugasemdir mínar á bls.74-79 í tillögunni. Til hvers var rannsóknin gerð ? Enn er ekkert yfirborðsefni á völlum og hefur aldrei verið. Sbr. eftirlitsskýrslur HER v. S.R 2015,2016 og 2020 þegar nýr starfsmaður HER fer í eftirlitið og er mikill munur þar á. Auk eftirlitsskýrslu v. Skotreyn 2020. Sjá meðfylgjandi skjal -eftirlit 2015-2020- HER hefur ekkert sinnt eftirlitshlutverki sínu að þessu leiti, en hefur þó ýmis verkfæri í kistunni til að bregðast við. En gerir ekki og hefur ekki gert allt frá opnun skotvallanna.

Félögin virðast treysta á að Reykjavíkurborg kosti kostnaðarsama hreinsun svæðanna bæði á landi, strönd og sjó. Hvert verður síðan mengaða jarðveginum komið fyrir ? Að öllu framantöldu er nauðsynlegt að fá óháðan eftirlitsaðila til að hafa eftirlit með starfseminni ásamt því að gera nauðsynlegar jarðvegs mælingar.

Hvernig hyggst Reykjavíkurborg standa að eftirliti með að aðalskipulagsákvæðum sé fullnægt?

Hávaðamengun og mælingar

4.mgr. 40gr. Skipulagssлага 123/2010 er skýrt kveðið á um umhverfismat deiliskipulags. Því er áreittuð sú skýlausa krafa að fram fari viðurkenndar hljóðmælingar. Hljóðmælingar HER eftir árið 2008 eru mjög villandi og ómarktækar. Aldrei hafa verið gerðar mælingar í Esjuhlíðum af HER, en Trivium gerði þar hljóðmælingar sem eru langt umfram leyfilegan hámarkshávaða á útivistasvæðum. Á fundi borgarstjórnar 17.10.2023 liður 14 eru lagðar fram tillögur starfshóps um framtíðarstaðsetningu svæðis fyrir skotíþróttir. <https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/10%202%202%20Tillögur%20starfshóps%20um%20framtíðarstaðsetningu%20svæðis%20fyrir%20skotíþróttir.%20MSS23100050.pdf>

Þessi síða finnst því miður ekki lengur !!!

Leitin mikla fyrir skotvöllina hefur staðið yfir allt frá árinu 2000, enn er leitað !!! sjá skjal -leitin mikla- hér eru skotvöllirnir enn og áætlað að svo verði áfram. Það eru margir mismunandi hópar útivistafólks innan áhrifasvæðisins og óboðleg stjórnsýsla þegar einum hópi er afmarkaður staður sem hefur mjög truflandi áhrif á aðra hópa. Skothvellir eru óvenjuleg og mikil neikvæð truflun á annars friðsömu landi. 1.mgr. C 1gr. 60/2013 lög um náttúruvernd.

Úr skýrslu EFLU um kostamat.

Viðbúið er að við frekari rýni komi fram nýjar upplýsingar sem geta gert kost álitlegri eða síðri.

ÞIL ATHUGUNAR:

Staðsetning valkosta er gróf og byggir á því að þetta er hugmyndavinna og skrifborðsúttekt með starfshópi Reykjavíkurborgar. Fyrir valkosti utan Reykjavíkur verður haft samráð við viðkomandi sveitarfélag um afstöðu þess til valkostarins í næsta áfanga. Fram kemur í kostamatinu hvort land er í eigu einkaaðila eða sveitarfélags, þar sem slíkar uppl. liggja fyrir.

Á bls 37 og 38 er fjallað um Alfnes, þar fær hljóðvist grænt merki, sem er aldeilis kolrangt mat, enda ekki byggt á mælingum frá Eflu. Aðrir þættir eru einnig frekar rangt metnir miðað við það sem ég hef áður látið koma fram m.a með tilliti til annara útivistarhópa og íbúa í nærumhverfinu.

Að öllu framansögðu hafna ég breytingu Aðalskipulags 2040 - skotvelli Álfnes.

Það var ekkert í samkomulagi Reykjavíkur og Kjalarneshrepps 1997 sem íbúar gátu ímyndað sér að slík truflun yrði á annars friðsælu svæði nokkrum árum eftir sameininguna. Nú hafa íbúar flúið svæðið, selt eignir sínar á undirverði sbr. Hvammur og Skriða, eignir annarra lækka í verði. Allt vegna tilkomu skotsvæðanna.

Löngu kominn tími á að þessu linni.

Virðingarfyllst,
Sigríður Ingólfssdóttir



Reglubundið eftirlit
Málsnúmer: 2015090411
Búið til: 01.10.2015
Eigandi skjals: Guðjón Ingi Eggertsson

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	28.09.2015	Tími ferðar:	10:00 - 10:25
Fulltrúi HER	Guðjón Ingi Eggertsson/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með	
Tíðefni skýrslu	Reglubundið eftirlit		
Fyrirtækjaflokkur	92.72.01 Skotvællir		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis		Kennitala leyfishafa	600269-2919
Höfuðleyfishafa	Skotfélag Reykjavíkur	Staður leyfishafa	Engjavegi 6
Hvert eftirlitsferð var farið		Staða reiknings	Reikningsfært
		Númer reiknings	15100002

Athugasemdir

Athugasemdir

Þann 28. september 2015 kom fulltrúi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í reglubundið umhverfiseftirlit á skotvöll Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi. Rætt var við Guðmund Kristinn Gíslason framkvæmdastjóra félagsins og svæðið skoðað í hans fylgd.

Starfsleyfi fyrir skotsvæðið var gefið út 11. mars 2008 og gildir í 12 ár. Um starfsemina gilda starfsleyfisráðgjafi fyrir skotvöll Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi, samþykkt af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 5. mars 2008, auk almennra skilyrða fyrir mengandi starfsemi samþykkt af heilbrigðisnefnd 12. febrúar 2013.

Farið var yfir starfsemina með tilliti til ákvæða starfsleyfisráðgjafa.

Við haglabyssuvelli er mól á skotvöllum en mold og gras í hljóðmönnum auk þess sem brot úr leirdúfum eru um allt. Yfirborðsefnið var ekki valið sérstaklega út frá hæfni þess til að binda þungmálma, (sbr. grein 2.1.1. í starfsleyfisráðgjafinum) en Guðmundur sagði að nú væri orðið mjög lítið um blýhögl, þau væri einfaldlega orðin það mikið dýrari en stálhögl. Talið er að höglin lendi nær öll innan hljóðmana. Við skotstæðin hefur verið komið föstum körfum undir skothylki.

Lágar hljóðmanir voru framan við haglabyssuskotvelli en þeir snúa á móti norðri (+/- 5°) skv. alþjóðlegum keppnisstöðlum. Hljóðmanir eru einnig meðfram og fyrir endann á riffilvælinum en hann snýr í vestur. Auk þess er alltaf skotið úr riffilum í skothúsi sem deyfir hávaðann frá riffilskotunum mjög mikið. Haglabyssuskot eru mest hávaðavaldurinn en hljóðmanirnar ná ekki að skerma nema litinn hluta hávaðans sem hvellirnir þaðan mynda. Ekki hafa borist kvartanir vegna hávaða frá skotvælinum í ár.

Leirdúfur sem eru notaðar innihalda ekki PAH efni enda ekki vitað til þess að dúfur með bindiefni úr tjöru séu framleiddar lengur.

Öryggisveggir eru á milli haglabyssuvalla 1 og 2 og 2 og 3. Veggirnir eru steinsteyptir og um 2,5 metrar á hæð. Nýr búnaður gerir skotmönnum kleift að hafa raddstýringu á skoti/sleppingu leirdúfa.

Riffilskotfimi er stunduð í skothúsi og er skotið út úr því á skotmörk í 25 til 300 metra fjarlægð. Á riffilvælinum eru lágar manir (gúmmidekk og jarðvegur) á bak við marksvæðið á öllum fjórum vegalengdunum sem skotið er á. Þar eru mest notaðar blýkúlur í koparkápu. Ekki er stunduð

markviss hreinsun á kopar og blýi á og við riffilvellina. Riffilkúlurnar sitja í jarðvegsmönunum og er ekki hreyft við þeim. Að sögn Guðmundar er mjög erfitt að áætla magn blýs og kopars í riffilskotunum sem notuð eru yfir árið því gerð og stærðir skotanna eru mjög mismunandi og engin leið að fylgjast með því hve mikið er notað af hverri gerð.

Að sögn Guðmundar hefur félagið ekki látið framkvæma mælingar til að athuga hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist í jarðveg, sbr. lið 2.1.2 í starfsleyfisskilyrðum. Þessar mælingar skulu fara fram á fimm ára fresti en skotvellir þar sem eingöngu eru notuð stálskot eru undanþegnir þessu ákvæði.

- Heilbrigðiseftirlitið minnir á ákvæði um mælingar á þungmálmamengun og fer fram á að félagið hugi að því að láta framkvæma þessar mælingar.

Salerni í húsum Skotfélagsins eru tengd við rotþró. Afrit af kvittun fyrir tæmingu á þrónni var send til heilbrigðiseftirlitsins í desember 2012. Rotþróin er tæmd á c.a. tveggja ára fresti.

- Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir því að fá sent afrit af kvittun eða aðra staðfestingu á tæmingu á rotþró hafi slíkt verið gert frá því síðasta staðfesting var send í desember 2012.

Senda má gögnin á Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á netfangið gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is

Samkvæmt gr. 4 í starfsleyfisskilyrðunum skal félagið hafa eigið eftirlit með starfseminni og skrá ákveðna þætti í starfseminni þ.e. hvenær æfingar fara fram, áætlað magn blýs sem fellur á völinn og fjölda og tegund leirdúfa sem notaðar eru. Skila skal skýrslu til Heilbrigðiseftirlitsins í október ár hvert með niðurstöður úr skráningum. Síðasta skýrsla barst 16.12.2014 og innihélt m.a. upplýsingar fyrir árin 2013 og 2014.

- Minnt er á að skila á skýrslu í október ár hvert.

Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði voru til staðar. Þegar svæðið er opið eru að jafnaði 1-2 starfsmenn. Þeir kunnu skil á starfsleyfisskilyrðunum.

Svæðið var almennt séð snyrtilegt og umgengni ágæt eins og starfsemin gefur tilefni til.

Krófur

Niðurstaða eftirlits

A einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælaretti. Jafnframt er hægt að oska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Krófur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir
Matvæli
Mengunarvarnir
Heildareinkunn



Reglubundið eftirlit
Málúmer 2016100314
Búið til 07.12.2016
Eigandi skjals: Guðjón Ingi Eggertsson

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar	29.11.2016	Tími ferðar	11:15 - 11:40
Fulltrúi HER	Guðjón Ingi Eggertsson/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með	
Tíðni skýrslu	Reglubundið eftirlit		
Fyrirtækjaflokkur	92.72.01 Skotvelli		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis		Kennitala leyfishafa	600269-2919
Heiti leyfishafa	Skotfélag Reykjavíkur	Staður leyfishafa	Engjavegi 6
Hvert eftirlitsferð var farið		Staða reiknings	Reikningsfært
		Númer reiknings	16120032

Athugasemdir

Athugasemdir:

Þann 29. nóvember 2016 kom fulltrúi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í reglubundið umhverfiseftirlit á skotvöll Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi. Rætt var við Guðmund Kristinn Gíslason framkvæmdastjóra félagsins og svæðið skoðað í hans fylgd.

Starfsleyfi fyrir skotsvæðið var gefið út 11. mars 2008 og gildir í 12 ár. Um starfsemina gilda starfsleyfisráðgjafi fyrir skotvöll Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi, samþykkt af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 5. mars 2008, auk almennra skilyrða fyrir mengandi starfsemi samþykkt af heilbrigðisnefnd 12. febrúar 2013.

Farið var yfir starfsemina með tilliti til ákvæða starfsleyfisráðgjafa.

Við haglabyssuvelli er mól á skotvöllum en mold og gras í hljóðmönnum auk þess sem brot úr leirdúfum eru um allt - brotin eru ekki týnd upp heldur er leirinn látinn brotna niður. Yfirborðsefnið var ekki valið sérstaklega út frá hæfni þess til að binda þungmálma, (sbr. grein 2.1.1. í starfsleyfisráðgjafunum) en Guðmundur sagði að nú væri orðið mjög lítið um blýhögl, þau væri einfaldlega orðin það mikið dýrari en stálhögl. Talið er að höglin lendi nær öll innan hljóðmana. Við skotstæðin hefur verið komið föstum netum eða körfum undir skothylki. Völlum er lokað ef vindur fer yfir 15m/s.

Lágar hljóðmanir voru framan við haglabyssuskotvelli en þeir snúa á móti norðri (+/- 5°) skv. alþjóðlegum keppnisstöðlum. Haglabyssuskot eru mest hávaðavaldurinn en hljóðmanir ná ekki að skerma nema lítinn hluta hávaðans sem hveitirnir þaðan mynda. Hljóðmanir eru einnig meðfram og fyrir endann á riffilvöllum en hann snýr í vestur. Auk þess er alltaf skotið úr riffilum í skothúsi sem deyrir hávaðann frá riffilskotunum mjög mikið. Frá síðasta eftirlit hefur HER borið ein kvörtun sem snéri almennt að ónæði frá skotvöllum síðustu ár.

Leirdúfur sem eru notaðar innihalda ekki PAH efni enda ekki vitað til þess að dúfur með bindiefni úr tjöru séu framleiddar lengur.

Öryggisveggir eru á milli haglabyssuvalla 1 og 2 og 2 og 3. Veggirnir eru steinsteyptir og um 2,5 metrar á hæð. Nýr búnaður gerir skotmönnum kleift að hafa raddstýringu á skoti/sleppingu leirdúfa. Verið er að bæta við fleiri skotpöllum á velli 1. Er það gert til að geta tekið upp nýja grein skotfimi.

Ríffilskotfimi er stunduð í skothúsi og er skotið út úr því á skotmörk í 25 til 300 metra fjarlægð. Á ríffilvellinum eru lágar manir (gúmmidekk og jarðvegur) á bak við marksvæðið á öllum fjórum vegalengdunum sem skotið er á. Þar eru mest notaðar blýkúlur í koparkápu. Ekki er stunduð markviss hreinsun á kopar og blýi á og við ríffilvöllina. Ríffilkúlurnar sitja í jarðvegsmönunum og er ekki hreyft við þeim. Að sögn Guðmundar er mjög erfitt að áætla magn blýs og kopars í ríffilskotunum sem notuð eru yfir árið því gerð og stærðir skotanna eru mjög mismunandi og engin leið að fylgjast með því hve mikið er notað af hverri gerð.

Að sögn Guðmundar hefur félagið ekki látið framkvæma mælingar til að athuga hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist í jarðveg, sbr. lið 2.1.2 í starfsleyfissskýrðum. Þessar mælingar skulu fara fram á fimm ára fresti en skotvöllir þar sem eingöngu eru notuð stálskot eru undanþegnir þessu ákvæði.

- Heilbrigðiseftirlitið minnir á ákvæði um mælingar á þungmálmamengun og fer fram á að félagið hugi að því að láta framkvæma þessar mælingar.

Salerni í húsum Skotfélagsins eru tengd við rotþró. Rotþróna stóð til að tæma á næstu dögum eftir eftirlitið.

- Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir því að fá sent afrit af kvittun eða aðra staðfestingu á tæmingu á rotþró.

Senda má gögnin á Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á netfangið gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is

Samkvæmt gr. 4 í starfsleyfissskýrðunum skal félagið hafa eigið eftirlit með starfseminni og skrá ákveðna þætti í starfseminni þ.e. hvenær æfingar fara fram, áætlað magn blýs sem fellur á völinn og fjölda og tegund leirdúfa sem notaðar eru. Skila skal skýrslu til Heilbrigðiseftirlitsins í október ár hvert með niðurstöður úr skráningum. Síðasta skýrsla barst í tölvupósti 28. október 2016 og inniheldur upplýsingar fyrir árin 2015 og 2016.

- Minnt er á að skila á skýrslu í október ár hvert.

Starfsleyfi og starfsleyfissskýrði voru til staðar. Þegar svæðið er opið eru að jafnaði 1-2 starfsmenn. Þeir kunnu skil á starfsleyfissskýrðunum.

Svæðið var almennt séð snyrtilegt og umgengni ágæt eins og starfsemin gefur tilefni til.

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

A einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælaðri. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir
Matvæði
Mengunarvarnir
Heildareinkunn



Reglubundið eftirlit
Málsnúmer: 2020100050
Búið til: 09.12.2020
Eigandi skjals: Kristín Þorsteinsdóttir Kröyer

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar	09.12.2020	Tími ferðar	10:00 - 11:30
Fulltrúi HER	Kristín Þorsteinsdóttir Kröyer/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með	
Tíðni skýrslu	Reglubundið eftirlit		
Fyrirtækjaflokkur	92.72.01 Skotvæðing		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis		Kennitala leyfishafa	600269-2919
Heiti leyfishafa	Skotfélag Reykjavíkur	Staður leyfishafa	Engjavegi 6
Hvert eftirlitsferð var farn		Staða reiknings	Reikningsfært
		Númer reiknings	20120096

Athugasemdir

Skýringar á hugtökum

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og tryggingar.

Athugasemdir

Þann 9. desember 2020 kom fulltrúi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í reglubundið umhverfiseftirlit á skotföllum skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi. Rætt var við Guðmund Kristinn Gíslason og svæðið skoðað í fylgd hans.

Starfsleyfi fyrir skotsvæðið var gefið út 11. mars 2008 og gildir í 12 ár. Þann 4. febrúar 2020 var sótt um endurnýjun á starfsleyfinu og gefið var út framlenging á starfsleyfinu um eitt ár og rennur það leyfi út þann 11. mars 2021.

Í skýrslunni eru sett fram tvö frávik frá ákvæðum starfsleyfisskilyrða og þrjár ábendingar um það sem betur má fara.

Notkun á blýi og leirdúfum

Í gildandi starfsleyfi er ekki bannað að nota blý en leitast skal við að nota stálskot eða önnur vistvænni skot en blý. Í eftirlitinu var rætt um notkun á blý og kom Guðmundur því á framfæri að ekki er möguleiki á öðru í ríflil skotum en að nota blý þar sem engir aðrir möguleikar eru á markaðnum af öryggissjónamiðum. Í eftirlitinu var gengið yfir hljóðmanirnar og í átt að sjónum. Í skýrslunni sem Heilbrigðiseftirlitið hefur unnið á árinu kemur fram að mikið magn af höglum hefur slegið niður aftan við manirnar og út að sjó. Manirnar eru þar af leiðandi of lágar til að hindra að höglin dreyfi sér út fyrir svæðið sem Skotfélagið hefur til umræða.

Mjög mikið magn af leirdúfubrotum eru á svæðinu og forhlöðum úr haglaskotum. Ekki hefur verið framkvæmd nein hreinsun á leirdúfum eða forhlöðum en við hverja skotstöð er rustafata fyrir patrónur sem er tæmd í hvert skipti í gám á svæðinu.

Hreinsun

Engin rannsókn á þungmálmamengun hefur verið framkvæmd á svæðinu síðan völlurinn var tekinn í notkun. Frávik: samkvæmt starfsleyfisskilyrðunum gr. 2.1.2 skal á fimm ára fresti, í

samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist.

Hávaða mengun

Rætt var um opnunartíma skotsvæðanna í nýju starfsleyfi og skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins um hávaða mengun frá starfseminni. Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar er hávaða mengunin yfir mörkum á kvöldin og nóttunni og því verður starfsemin mögulega takmörkuð á þeim tíma í nýju starfsleyfi. Bóðað verður til fundar með Skotfélagi Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlitinu þar sem innihald skýrslunnar verður kynnt og útfærslur opnunartíma starfseminnar í nýju starfsleyfi verður rætt.

Samkvæmt Guðmundi eru nú um ca 90% allra riffila búnir hljóðdeyfum. En skothúsin eru ekki einangruð og gera því takmarkað gagn í minkun hljóðmengunar frá riffil vellinum. Ábending: Skv. starfsleyfisskilyrðunum gr. 2.2.1 skal takmarka útbreiðslu hávaða eins og unnt er, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, veggja, klefa, eða annarra hindrana. Til þess að veggir virki sem hljóðeinangrun þarf að klæða þá með hljóðeinangrandi efni sem ekki hefur verið gert á svæðinu.

Skráningar

Lítillega var rætt um eigið eftirlit og að félagið eigi að skrá meðal annars það magn blýs sem fellur á völinn. Það er ekki gert í dag og þarf félagið því að taka þetta upp. Í dag er haldið utan um það hvenær æfingar fara fram og fjölda leirdúfa sem notaðar eru. Frávik: skv. starfsleyfisskilyrðunum gr 4.1 skal rekstraraðili hafa eigið eftirlit með starfseminni og skrá eftirfarandi: a) hvenær æfingar fara fram á vellinum. b) áætlað magn (kg) blýs sem fellur á völinn við æfingar. c) fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.

Ýmislegt

Svæðið hefur verið girt af en girðingin er í dag fokin niður og því ekki til neins gagns. Ábending.

Ríffilskot geta borist allt að 2 km ef skotið er upp fyrir manirnar og þannig lent í sjó. Allar kúlur sem skotið er með á ríffilvellinum eru blýkúlur. Af öryggissjónarmiðum og mengunar sjóarmiðum, þarf að útbúa skotsvæðin þannig að ekki sé hægt að skjóta yfir manirnar. Ábending.

Í eftirlitinu 2017 var óskað eftir að send yrði inn kvittun á tæmingu rotþróarinnar. Það var ekki gert. En eftir eftirlitið 2020 var kvittunin send inn. Síðasta tæming rotþróarinnar var framkvæmd í nóvember 2016.

Talsvert borist af kvörtum til Heilbrigðiseftirlitsins síðan síðasta eftirlit 2017. Kvartanir hafa borist vegna hávaða og mengunar frá skotsvæðinu.

Krofur

Niðurstaða eftirlits

A einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir	Á ekki við
Matvæli	Á ekki við
Mengunarvarnir	3
Heildareinkunn	3



Reglubundið eftirlit
Malsnúmer: 2020100051
Búið til: 17.12.2020
Eigandi skjals: Kristín Þorsteinsdóttir Kröyer

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar	16.12.2020	Tími ferðar:	11:00 - 12:00
Fulltrúi HER	Kristín Þorsteinsdóttir Kröyer/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með	
Tílefni skýrslu	Reglubundið eftirlit		
Fyrirtækjaflokkur	92.72.01 Skotvællir		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis	Kennitala leyfishafa	440687-1809
Heiti leyfishafa	Staður leyfishafa	Pósthólf 1157
	Staða reiknings	Reikningsfært
Hvert eftirlitsferð var farn	Númer reiknings	20120146

Athugasemdir

Skýringar á hugtökum

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemi gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.

Abending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis.

Athugasemdir

Þann 16. desember 2020 kom fulltrúi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í reglubundið umhverfiseftirlit á skotvöll skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (Skotreyri) á Álfsnesi. Rætt var við Þórir Friðriksson, gjaldkera og Bjarna Jónsson, ritara og svæðið skoðað í fylgd þeirra.

Starfsleyfi fyrir skotsvæðið gildir til 5 apríl 2021. Í eftirlitinu kom fram að verið er að undirbúa umsókn um endurnýjun á starfsleyfinu.

Í skýrslunni eru sett fram þrjú frávik frá ákvæðum starfsleyfisráðanna.

Starfsemi

Á skotsvæðinu eru eingöngu stundaðar haglabyssuæfingar og fara þær fram á fjórum skotvöllum. Þrír vellir snúa í átt að Kollafirði en einn völlur, völlur 4 snýr í austur.

Notkun á blýi

Í eftirlitinu kom fram að keppnisfólk notar gjarnan blýhagl einnig að það ætti ekki að vera mikið mál að stöðva þá notkun. Í rannsókn sem framkvæmd var af HER haustið 2020 kemur fram að mikið magn af blýhögum er að finna á milli skotstaðarins og fjörunnar en samkvæmt drögum að starfsleyfisráðum sem heilbrigðiseftirlitið er að vinna mun notkun á blýi að öllum líkindum verða bönnuð.

Hreinsun og mengun

Engin rannsókn á þungmálmamengun hefur verið framkvæmd á svæðinu síðan völlurinn var

tekinn í notkun.

- Frávik: samkvæmt starfsleyfisráðunum gr. 2.1.2 skal á fimm ára fresti, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist.

Á vorin er allsherjar hreinsun á svæðinu þar sem m.a forhlöðin eru týnd upp, en mikið var um þau í eftirlitinu.

Hávaða mengun

Rætt var um opnunartíma skotsvæðanna í nýju starfsleyfi og skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins um hávaða mengun frá starfseminni. Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar er hávaða mengunin yfir mörkum á kvöldin og nóttunni og því verður starfsemin við útgáfu nýs starfsleyfis mögulega takmörkuð á þeim tíma. Skýrslan um rannsóknina sem HER lét framkvæma haustið 2020 var send til Skotreynd þann 17. des 2020.

Ekki eru neinar hljóðmanir á svæðinu eða aðrar aðgerðir sem ættu að minka hávaða mengun á skotvöllum 1-3, mögulega er völlum 4 betri hvað varðar hljóðvist og ekki hafa borist kvartanir sérstaklega tengdar skotvelli 4.

- Frávik: Skv. starfsleyfisráðunum gr. 2.2.1 skal takmarka útbreiðslu hávaða eins og unnt er, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, veggja, klefa, eða annarra hindrana.

Í eftirlitinu var rætt um það hvernig væri hægt að bæta hávaðamengunina frá svæðinu og kom Skotreynd með þá tillögu að hægt væri að byggja stóra hljóðmön við völlum 1 og sameina aðra velli og breyta skotstefnunni til austurs. Í austri milli skotvallar 3 og 4 í dag er stor og mikil mön sem gæti hugsanlega virkað sem hljóðmön en áður en þetta er framkvæmt er nauðsynlegt fyrir Skotreynd að láta framkvæma hljóðútreikninga til að athuga hvort þetta sé mögulegt eða ekki. Einnig myndi þetta teljast veruleg breyting á rekstrinum og sækja þarf um starfsleyfi að nýju verði þessar framkvæmdir að veruleika, sjá gr. 1.4 í starfsleyfisráðunum.

Skráningar

Skotreynd hefur ekki sent inn ársskýrslur undanfarin ár. Í eftirlitinu kom fram að skýrslan fyrir 2019 yrði send inn hið snarasta en hefur ekki borist þegar eftirlitsskýrslan var skrifuð.

- Frávik: skv. starfsleyfisráðunum gr. 4.1 skal skila árlega skýrslu til HER. Eftirfarandi þætti ber að skrá: a) Hvenær æfingar fara fram á völlum. b) Áætlað magn (kg) blýs sem fellur á völlum við æfingar. c) Fjöldi leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.

Kvartanir

Kvörtun yfir að opnunartímar séu ekki virtir barst í september 2019 og tvær kvartanir yfir hávaða bárust í júlí 2020.

Ýmislegt

Staðfesting á tæmingu á rotþró hefur ekki borist frá félaginu.

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

A einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarætti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta

Aðstöðuvandi Skotfélags Reykjavíkur

Fundað með Hafnfirðingum á næstunni

ENN hefur ekki fundist lausn á aðstöðuvanda Skotfélags Reykjavíkur, en byggingarframkvæmdir í Grafarholti hafa það í för með sér að félagið missir æfingaaðstöðu sem það hefur byggt upp og notað áratugum saman í Leirdal.

ENN hefur ekki fundist lausn á aðstöðuvanda Skotfélags Reykjavíkur, en byggingarframkvæmdir í Grafarholti hafa það í för með sér að félagið missir æfingaaðstöðu sem það hefur byggt upp og notað áratugum saman í Leirdal. Að því er fram kom í máli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur borgarstjóra á borgarstjórnarfundum í fyrrakvöld er fyrirhugaður fundur fulltrúa með Skotfélagi Reykjavíkur, Skotfélagi Hafnarfjarðar og bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði á næstu dögum þar sem leitað verður leiða til lausnar vandanum.

þarf að byggja upp annars staðar

Borgarstjóri segir ljóst að nú, þegar Skotfélag Reykjavíkur þarf að flytja sig úr Leirdalnum, þurfi það að byggja starfsemi sína upp annars staðar.

Hún kveðst þeirrar skoðunar að það sé takmörkuð skynsemi í því að byggja upp svo sérhæfða starfsemi víða á höfuðborgarsvæðinu, uppbyggingin kosti peninga sem líklegt sé að nýtist betur ef fleiri sveitarfélög sameinist um hana.

Nýlegt svæði í Kapelluhrauni

Ingibjörg Sólrún benti á að tiltölulega nýlega hefði verið byggt upp skotsvæði í Kapelluhrauni í Hafnarfirði á vegum Skotfélags Hafnarfjarðar með styrk frá Hafnarfjarðarbæ og því stæði til að ræða við þá aðila um mögulegt samstarf.

Ef til þess kæmi væri aftur sjálfstætt úrlausnarefni hvernig greiða ætti fyrir þá fjárfestingu sem leggja þyrfti út í, það hlýti auðvitað að koma til skoðunar í því sambandi hversu mikið borgaryfirvöld ættu að leggja þar af mörkum.

Huga þarf að áhrifum á umhverfið

Borgarstjóri vakti athygli á því að skotfimi, eins og hún hefur verið stunduð hingað til, hefði mengandi áhrif. Hún sagði að borgaryfirvöld stæðu andspænis því í Leirdalnum að leggja umtalsverða fjármuni í að hreinsa svæðið vegna blýmengunar.

"Það er áhyggjuefni að að þessu hafi ekki verið hugað fyrir, hvaða áhrif þessi starfsemi hefði á umhverfi sitt," sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Hún sagði að huga þyrfti að þessu á nýjum stað þar sem starfsemin byggðist upp.

R Ragnheiður Jóna Jónsdóttir

UMSÖGN RÍFT 18.04.2024

Undirrituð taka undir mótmæli nágranna okkar í Kollafirði vegna áforma sem koma fram í nýju aðalskipulagi á Álfnesi og gera ráð fyrir áframhaldandi aðstöðu fyrir skotveiti í nágrenninu. Við bendum á að í Esjuhlíðum er eitt mest notaða útivistarsvæði borgarinnar og það samrýmist ekki starfsemi skotsvæðis. Við breystum því að fundin verði betri lausn á málinu.

Virðingarfyllt,
Arnór Víkingsson,
Ragnheiður Jónsdóttir
Eigendur Mókolla

Skotveiðifélag Íslands

Aki Ármann Jónsson

UMFÖGN BIRT 15.04.2024

Tilfang er mikil sáttatillaga þar sem mjög langt er gengið til að ná sáttum í þessu máli.

Staðsetning skotvalla nærri íbúabyggð er ekkert einsdæmi í nágrannalöndum okkar, þar má t.d. benda á 3 skotvelli á Amager(Kastrup) nærri Fields verslunarmiðstöðinni. Rétt hjá þeim er m.a. golfvöllur og útivistarsvæði.

Heist hefur verið bent á tvennt í staðsetningu skotvallana á Alfsnesi og í kvörtunum og athugasemdum: Blý og hljóð

Varðandi blýið þá hefur það verið bannað á skotvöllum í nokkur ár. Það vandamáli er því úr sögunni.

Hljóðmælingar hafa mælt innan marka hvort sem notuð hefur verið meðaltaishljóð eða punkthljóð(dBA). Þó hljóðið mælist innan marka þá hefur t.d. SKOTREYN breytt skotstefnu á einum vellið svo minna hljóð mælist frá honum og einnig sett upp hljóðdeyfimottur í skothúsin svo enn minna heyrir. Það er vilji félaganna að minnka hljóðmengun eins og hægt er þrátt fyrir að vera nú þegar innan marka. Á það skal bent að á framtíðarskipulagi er svæðið skilgreint lönaðar-og stórskipahafnarsvæði sem er með mun hærri hljóðmörk en skotvelli. Sundabraut er líka inni á skipulagi og fer t.d. yfir velli SKOTREYNAR. Til framtíðar má búast við auknum umferðarnið sem er þó nægur fyrir á svæðinu. Svo mikill að sæta þarf lagi til að mæla hljóð frá skotvöllum á staðlaðan hátt. Þetta svæði verður seint hljóðlát útivistarparadís.

Opnunartími skotvallana er líka mjög takmarkaður sé miðað við sambærilega velli í nágrannalöndum okkar.



Skotfélag Reykjavíkur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 – 104 Reykjavík

Skotsvæði Álfnsesi og Egilshöll

S: 893 1231 Email: sr@sr.is Heimasíða: www.sr.is

Umsögn:

Athugasemdir Skotfélags Reykjavíkur við Greinargerð AR2040 í kafla nr.4. um Stefnu og skipulagsákvæði til endurskoðunar – drög að tillögum, á bls.10:

...allt að til ársloka 2028.

Við leggjum til að við þennan lið bætist:

...en þó er heimilt að framlengja starfsleyfið ef niðurstaða er ekki komin í vinnu við að finna og setja upp nýtt skotsvæði.

Við aðra liði á sömu blaðsíðu er þessu við að bæta:

- 1) Opnunartími verði 5 dagar er ásættanlegt en lagt er til að tilteknir séu vikudagarnir mánudagur og þriðjudagur sem lokunardagar.
- 2) Gera þarf kostnaðaráætlun um frekari hljóðvarnir en eru þegar á svæðinu og hvaða viðmið skulu sett t.d. um hljóðeinangrun ríffilhúss.
- 3) Hljóðdeyfar eru notaðir nánast af öllum veiðimönnum en einnig þarf að leggja til við dómsmálaráðuneyti að leyfðir verði hljóðdeyfar á cal.22lr randkveikta ríffla að auki.
- 4) Skotstefna á ekki við SR vegna keppnisgreina sem krefjast ákveðinna skotátta.
- 5) Hver metur raunhæfar tillögur að hávaðalágmörkun og setur tímasetta áætlun? SR er sjálfbæðiðadrifið íþróttafélag með ákaflega litla fjárhagslega greiðslugetu og getur því lítið aðhafst í þessum aðgerðum annað en að koma með tillögur.
- 6) Hver mun vakta hávaða frá starfseminni ?
- 7) Notkun blýhagla er löngu aflögð og verið ákaflega lítil síðasta áratuginn hið minnsta á svæði SR.
- 8) Blýlaus ríffilskot eru ekki til í cal.22 skotum en það eru til skot með koparkúlu í miðkveiktum skotum sem eru helmingi dýrari en sambærileg koparklædd skot með blýinnihaldi.
- 9) Leirdúfur hafa ekki verið með tjörubindiefni frá opnun svæðisins að við best vitum.
- 10) Við þennan lið um heildarhreinun á svæðinu og getu SR til þeirra framkvæmda er um það að segja að félagið er sjálfbæðiðadrifið íþróttafélag með ákaflega litla fjárhagslega greiðslugetu til slíkra framkvæmda í því magni sem virðist átt við hér.
- 11) Í þessum lið er fjallað um lokafrágang á svæðinu þegar því yrði lokað. Sama á við hér og gerir í lið 5. og 10. hér að ofan að geta félagsins er ákaflega takmörkuð og yrði Reykjavíkurborg að sinna þessum aðgerðum.
- 12) Engar athugasemdir gerðar við þennan lið.

2.apríl 2024

Stjórn Skotfélags Reykjavíkur





Skotíþróttasamband Íslands

Icelandic Shooting Sports Federation

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Engjavegi 6 - 104 Reykjavík - ICELAND

Kt: 470483-1139 Tel: +354 8931231/8984311

sti@sti.is www.sti.is

MÁLEFNI: Umsögn vegna:

- Skotæfingasvæði á Álfsnesi - breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, nr. 0716/2023: Auglýsing tillögu (Breyting á aðalskipulagi)

Skotíþróttasamband Íslands styður athugasemdir Skotfélags Reykjavíkur að öllu leyti og hvetur Reykjavíkurborg til lausna á aðstöðu skotíþróttanna innan Reykjavíkur bæði nú með tilliti til athugasemda Skotfélags Reykjavíkur og einnig til framtíðar.

F.h.stjórnar STÍ,
Halldór Axelsson, formaður



Skotreynd - Skotfélag Reykjavíkur og nágrennis

Við fognum því að skipulagsmálin fyrir skotsvæðin á Álfsnesi séu að komast á hreint.

Með því verður hægt að opna aftur þau frábæru æfingasvæði fyrir skotiþrotta- og skotveiðifólk sem hafa verið lokað í yfir tvö ár. Ýmislegt hefur verið gert til þess að bæta hljóðvist hjá Skotreynd, skotsstefnum hefur verið breytt, hljóðmanir gerðar og skothús klætt með sérstökum hljóðeinangrandi plötum sem sérstaklega eru ætlaðar skotvöllum.

Hávaðamælingar sem framkvæmdar voru af HER (Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur) voru vel undir hávaðamörkum. Blyskot eru ekki notuð á svæðinu, þau voru bönnuð fyrir nokkrum árum. Opnunartímar eru virtir og ekki er skotið utan opnunartíma. Það má hins vegar benda á það að eyðing vargs er bæði hjá Sorpu og annarstaðar á Álfsnesinu og eðlilega tekur Skotreynd ekki ábyrgð á því hvenær sú vinna er framkvæmd.

Það er mikilvægt að nýtt stafsleyfi verði með rúnum opnunartíma sem ná út fyrir hefðbundinn vinnutíma fólks, þar sem skotiþrottir líkt og onnur áhugmál og íþróttir eru síður stunduð á vinnutíma. Starfsemi Skotreyndar virðist ekki trufla allann þann fjölda fólks sem stundar sýna útivist í hlífum Esju, Kolhafríði og Kjálarnesi.

Fyrir hönd Stjórn Skotreyndar
Robert Reynisson

Veitur

Helga Rún Guðmundsdóttir

UMSÖGN BIRT 28.02.2024

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og gera ekki athugasemdir

Umsögn

Skotæfingasvæði á Álfsnesi

b.t. Skipulagsstofnunar
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík
Skilað í Skipulagsgátt (mál nr. 716/2023)



Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, er varðar skotípróttasvæði á Álfsnesi. Í tillögunni er gert ráð fyrir ípróttasvæði á Álfsnesi þar sem núverandi skotæfingasvæði eru til staðar. Gert er ráð fyrir að landnotkunin sé tímabundin og heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu allt að til ársloka 2028.

Vegagerðin ítrekar fyrri umsögn dags. 16. október 2023, sem fylgir auglýstri breytingartillögu.

Vegagerðin áréttar jafnframt mikilvægi þess að starfsemi skotæfingasvæða á Álfsnesi hafi með engum hætti áhrif á fyrirhugaðar framkvæmdir við Sundabraut, hvorki á framkvæmda- né rekstrartíma. Áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir við Sundabraut hefjist á árinu 2026 og brautin verði tekin í notkun árið 2031.

Verði skotæfingasvæði í rekstri samhliða byggingu Sundabrautar má starfsemi skotsvæðanna með engum hætti ógna öryggi á framkvæmdasvæðinu. Þetta gæti kallað á lokun skotvalla SKOTREYN og takmörkun á starfsemi SR á Álfsnesi frá og með síðari hluta árs 2026. Vegagerðin áréttar ennfreður að huga þarf að vegtengingum við svæðin á framkvæmdatíma þar sem núverandi tengingar ónýtast.

Síða 1 / 1

Vegagerðin

Virðingarfyllt,
Helga Jóna Jónasdóttir
verkefnisstjóri Sundabrautar hjá Vegagerðinni

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið.
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 17. apríl 2024
Málsnúmer: 202402-0072
BK

Efni: Skotæfingasvæði á Álfsnesi - Aðalskipulagsbreyting

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, dags. 27. mars 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi varðandi skotíþróttasvæði á Álfsnesi.

Til stendur að breyta hluta iðnaðarsvæðis (I2) og opins svæðis (OP28) í íþróttasvæði fyrir skotæfingar og skotíþróttir (Íþ9). Markmið breytingar er að skapa áframhaldandi skilyrði fyrir starfsemi skotfélaganna sem nú er til staðar á svæðinu, til skemmri tíma lítið, meðan unnið er að því að finna framtíðarsvæði fyrir skotíþróttir á höfuðborgarsvæðinu.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir um málið, nú síðast um drög að breytingu á aðalskipulagi, dags. 30. október 2023.

Í fyrri umsögnum komu fram þær ábendingar að brýnt væri að bæta vöktun af áhrifum starfsemi skotíþróttasvæðisins á lífríki. Þar vægi þyngst hætta á blýmengun vegna hagla. Afar mikilvægt væri að fylgja eftir banni við notkun blýs á svæðinu sem sett var ákvæði um í nýtt starfsleyfi árið 2021. Þá ætti að huga að frekari hreinsun í fjörum sem orðið hafa fyrir áhrifum af blýmengun og stuðla að betri rannsóknum af mögulegum áhrifum blýmengunar á fuglalíf. Einnig ætti að móta aðgerðir til að draga úr hávaðamengun frá starfseminni, bæði til að minnka truflun fyrir fólk og lífverur.

Í tillögunni er nú nánar fjallað um umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar og hvaða aðgerðir verður ráðist í til að draga úr neikvæðum áhrifum. Þar eru tekin fyrir þau atriði sem Náttúrufræðistofnun hefur bent á í fyrri umsögnum.

Mikilvægt er að þessum aðgerðum verði fylgt eftir og eftirlit haft með árangri þeirra. Þá ætti að ráðast í aðgerðir til að draga úr hávaðamengun eins fljótt og auðið er.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 18. apríl 2024
Télísun: 3024010242

**Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um Skotæfingasvæði á Alfanesi -
breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, nr. 0716/2023 í skipulagsgátt**

Vísað er til máls nr. 0716/2023 í skipulagsgátt, skotæfingasvæði á Alfanesi - breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur fengið málið og meðfylgjandi gögn til skoðunar og gefur eftirfarandi umsögn.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) fagnar framkomnum tillögu að breytingu á aðalskipulagi þar sem sett eru fram ákvæði er lúta beint að starfsemi skotæfingasvæða. Ákvæðin styðja við og styrkja leyfisutgáfu HER fyrir starfsemi og gerð starfsleyfisskýrða fyrir starfsemi. Ákvæði í skipulagi einfalda einnig rekstraraðilum að skipuleggja og undirbúa aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum af starfsemi, aðgerðum sem geta þarf grein fyrir í umsókn um starfsleyfi til HER.

Að þessu sögðu vill HER benda á varðandi ákvæði um vöktun hávaða (ákvæði 6 undir "hávaði" í kafla 5) að óljóst er að hverjum ákvæðið beinist þ.e. rekstraraðila eða eftirlitsaðila. Vöktun hávaða hefur gildi til að meta hvort farið starfsemi til fram utan heimilaðs tíma í starfsleyfi en gagnsemi vöktunar hvað varðar met á hávaða og mæði er óljóst. Vöktun getur ekki farið fram samkvæmt stöðlum sem notaðir eru við hljóðmælingar sem HER hefur framkvæmt og eru til grundvallar skilyrðum í starfsleyfi, og er fitt að sjá að hægt verði að byggja kröfur HER á nýrri stöðum vöktunar, þar hljóta formlegar hávaðamælingar alltaf að liggja til grundvallar. Ef um síðvöktun að ræða gæti það orðið kostnaðarsöm aðgerð. Bæta væri ef til vill að tilgreina í starfsleyfisskýrðum að HER framkvæmi eftirlitsmælingar reglubundin sem partur af eftirliti með starfsemi (á kostnað rekstraraðila).

Einnig bendir HER á varðandi ákvæði um frekari rannsóknir (skilyrði 7 undir "Mengun" í kafla 5) að óljóst er hvaða aðili skuli bafa framkvæði að og bera ábyrgð á frekari rannsóknum á áhrifum blýmengunar þó kveðið sé á um að Reykjavíkurborg skuli bera kostnað af rannsóknum. Þá þyfir að skilgreina betur hvað á að rannsaka, beinist rannsóknin eingöngu að áhrifum á lífslífi eða er einnig ætlað að meta styrk og drifingu blýmengunar í jarðvegi og fjöru úr frá skotvæðunum? HER bendir á að mengunarlegt ástand svæðisins frá því aður en starfsemi skotvalla hófst er ekki þekkt og því er samanburður til að meta áhrif af starfsemi erfiður. Nálægð við úrðunarstað Sorpu er einu frestur óvissuþáttur þar sem ekki er hægt að útiloka úrðunarstaðinn sem uppruna hvers konar mengunar.

Virðingarfyllt
fr. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi

Reykjavíkurborg
Helena Stefánsdóttir
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2024
UST202402-384/A.B.
10 04 02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 fyrir skotæfingarsvæði á Álfnesi

Viðað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 22. febrúar sl. þar sem óskað er umisagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 fyrir skotæfingarsvæði á Álfnesi.

I greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina íþróttasvæði (ÍB9) á Álfnesi, alls um 33 ha að stærð og minnkar íðnaðarsvæði 12 um 13,5 ha og útivistarsvæðið OP28 minnkar um tæplega 20 ha. Auk þess kemur fram að markmið með breytingunni er að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotverðifélag Reykjavíkur og nágreiniss, meðan unnið er að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar og íþróttamiðstöð skotþrotta á höfuðborgarsvæðinu. Einnig að tryggja tímabundnar landnotkunarheimildir um íþróttastarfssemi (skotæfingarsvæði) á Álfnesi og leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingarsvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfnesi.

Mengaður jarðvegur og hávaði

Umhverfisstofnun tekur undir að umhverfisáhrif skotvalla er hávaði, sem getur haft áhrif á menn og dýr og mengun frá skothuglum sem getur borist í jarðveg og í vatn og geta haft áhrif á dýr.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess, eins og kemur fram í greinargerð, að leitað sé allra leiða til þess að minnka áhrif hávaða frá íþróttasvæðinu. Auk þess þegar lagðar fram mótvæglaðgerðir um hávaðminnkandi aðgerðir skulu þær vera í samræmi við íslenskt regluverk hverju sinni.

Stofnunin vill koma því á framfæri að skv. 5. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg eru grundvallarskyldur rekstraraðilar að ganga vel um og sýna yfstrustu varuð þannig að jarðvegi verði ekki spilt með mengun. Rekstraraðilar skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög um höllustuhætti og mengunarvarnir og utgefið starfsleyfi eins og nánar er kveðið á um í XI. kafla laganna.

Áhrif á vatnshlot

Í greinargerð breytingartillögunnar kemur fram að undirbúa skuli frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blymengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar.¹ Þá segir að skoða mætti þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Umhverfisstofnun bendir á að lög um stjórn vatnamála ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um rettaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að skipulagið sé í samræmi við vatnaáætlun en til að svo sé raunin þarf sveitarfélagið að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatn. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að itarlegra mat á áhrifum á vatnshlot þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt sem geta haft í för með sér áhrif á vatn. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Þau vatnshlot sem hér um ræðir eru strandsjávahlotið Straumsvík-Kjalanes (nr. 104-1391-C)² og grunnvatnshlotið Leirvogsa (nr. 104-289-G)³ en ástand þeirra er ekki þekkt. Í samræmi við lög um stjórn vatnamála hafa verið sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin en strandsjávartvötnshlotið Straumsvík-Kjalanes skal vera í að lágmarki góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnifræðilegu ástandi. Magnstaða grunnvatnshlotsins Leirvogsa skal vera góð sem og efnifræðilegt ástand þess. Umhverfisstofnun bendir á að umhverfismarkmiðin eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlotanna ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um vatnshlotin í tillögunni, hver umhverfismarkmið þeirra eru og ástand.

Áður en starfaleyfi er veitt er mikilvægt að framkvæmdaraðili geri mat á áhrifum starfseminnar á vatn. Umhverfisstofnun bendir á að frekari upplýsingar um vatnshlot, ástandsflokkun þeirra og viðtökn er að finna á vatn.is og vatnaáætlun 2022-2027.

Í greinargerð breytingartillögunnar kemur fram að undirbúa skuli frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blymengunar. Stofnunin bendir á að bly er talið upp sem mengandi efni á lista II skv. 1 viðauka reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og getur haft skaðleg áhrif á grunnvatn. Því ætti sérstaklega að vakta mögulega blymengun.

¹ <http://vatn.is/tafa/gera-vatn/tafa-vatnaaetlanir/2022-2027/>

² <https://vatnaaetla.vedur.is/Waterbody/104-1391-C>

³ <https://vatnaaetla.vedur.is/Waterbody/104-289-G>



i grunnvatni tengdu starfsemi. Bendir stofnunin jafnframt á að bly geti hugsanlega dreifst gegnum jarðveg til sjávar

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
serfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn íbúaráðs Kjalarness um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæði á Álfsnesi

Á fundi íbúaráðs Kjalarness 14. mars 2024 voru lögð fram og samþykkt drög að umsögn íbúaráðs Kjalarness, dags. 14. mars 2024, um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæði á Álfsnesi, sbr. 1. liður fundargerðar.

Íbúaráð Kjalarness lagði fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðið óskar eftir því að haldin verði opinn íbúafundur þar sem breytingar á Aðalskipulagi í Álfsnesi verði teknar til kynningar líkt og gert var varðandi Sundabraut enda er skotsvæðið ekki síður mikilvægt mál í hugum íbúa. Lagt er til að slíkur kynningarfundur færi fram fyrir íbúa áður en athugasemdafrestur er liðin þann 4. apríl næstkomandi. Sé ekki mögulegt að halda slíkan fund fyrir lok athugasemdafrests leggur ráðið til að athugasemdafrestur verði framlengdur svo íbúar hafi tækifæri til senda athugasemdir í kjölfar íbúafundar.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Meðfylgjandi umsögn íbúaráðs Kjalarness um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæði á Álfsnesi er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Kjalarness um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæði á Álfsnesi

Umsögn íbúaráðs Kjalarness, dags. 14. mars 2024, um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæðið Álfnesi.

Íbúaráðið vill ítreka vilja íbúa að skotsvæðinu í Álfnesi verði fundin ný staðsetning hið fyrsta og jafnframt ítreka fyrri bókun frá 1. nóvember, lagt fram á 42. fundi þar sem sagt var:

1. Íbúaráðið gerir athugasemd við tímalengd breytingarinnar á aðalskipulagi það er álit ráðsins að 4 ár séu allt of langur tími fyrir íbúa að búa við þann hávaða sem hlýst af starfseminni.
2. Það þykir óviðunandi að mati ráðsins að aðilar ótengdir ÍSÍ svo sem Skotreyn hafi aðgengi að aðstöðunni sem myndi auka enn frekar á það ónæði sem af starfseminni hefur hlotist. Það er augljóst að með því að veita aðilum ótengdum ÍSÍ aðgengi að aðstöðunni þá er starfsleyfi líklega það næsta í farvatninu. Íbúaráðið telur algerlega óviðunandi að starfsleyfum verði fjölgað.

Gert er ráð fyrir að mót séu haldin einu sinni í mánuði. Íbúaráð Kjalarness vill koma því sjónarmiði á framfæri að verði móti aflýst ef veður leyfir ekki mótahald verði óheimilt að halda slíkt mót á aðrar helgar. Með öðrum orðum að móthald falli einfaldlega niður þann mánuð ef veður hamli áætluðu mótahaldi. Slíkt veitir íbúum og öðrum sem nýta útivistarsvæði Esjunnar tækifæri til þess að sjá fyrir það ónæði sem hlýst af starfseminni í frítíma fólks.

Þá vill íbúaráðið koma á framfæri efasemdum íbúa um að hljóðmælingar séu framkvæmdar með upplifun íbúa/útivistarfólks að leiðarljósi, þar sem um meðaltalsmælingar er að ræða en ekki þegar hvað háværast er. Mætti því til rökstuðnings benda á að heyrn fólks byggir ekki á meðaltölum.



Kópavogi, 14. mars 2024
24021526/501.00 KH

**Skotæfingasvæði á Álfsnesi. Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.
Umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar.**

Á fundi skipulagsráðs 4. mars 2024 var lagt fram erindi Reykjavíkurborgar dags. 22. febrúar 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Kópavogsbæjar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Bókun skipulagsráðs:

Skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við framlagða tillögu.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagsfulltrúa

Karlotta Helgadóttir
Ritari skipulagsdeildar

*

© 2007 The Authors
Journal compilation © 2007 Blackwell Publishing Ltd

Time: 14/03/2024 9:29

doi:10.1371/journal.pone.0136405.g002

OneSign

Skipulags og umferðarnefnd Seltjarnarnesbæjar fjallaði um málið á 149. fundi sínum þann 13.3.síðastliðinn og samþykkti eftirfarandi umsógn.

Skipulags og umferðarnefnd Seltjarnarnesbæjar gerir ekki athugasemd við tillogu um breytt aðalskipulag Reykjavíkur vegna skotæfingasvæðis á Alfsnesi, sem kynnt er á Skipulagsgátt sem mál nr. 716/2023.

Fyrir hönd skipulags- og umferðarnefndar Seltjarnarnessbæjar.

Gunnlaugur Jónasson
Skipulagsfulltrúi Seltjarnarness

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Garðabæ, 20. mars 2024
Mál nr. 2402421

Efni: Skotæfing svæði á Álfsnesi - Breytingi á aðalskipulagi

Á fundi skipulagsnefndar þann 14. mars sl var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi
bókun gerð.

„Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.“

Virðingarfyllst,


Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri



Vakin er athygli á því að erindi þetta verður ekki sent með bréfpósti nema óskað sé eftir
því sérstaklega.

Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Skotiþróttasvæði á Álfsnesi - breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Þetta tilkynnist hér með.

Kenstimmung

Kristinn Pálsson,
Skipulagsfulltrúi

Þeir einir geta skotið máli til urskurðarnefndarinnar sem eiga hugvarðað hagsmunum tengda binni kærdðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kærandi varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærefrestur frá birtingu ákvörðunar.



Umhverfis- skipulags- náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd Hvalfjarðarsveitar fjallaði um erindið á 34. fundi sínum þann 20.3.2024.

Eftirfarandi bókun var gerð.

Inngangur.

*Umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg.

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Skotæfingasvæði á Álfsnesi, skilgreining íþróttasvæðis (ÍP9).

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 25. janúar 2024, að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að breyta hluta iðnaðarsvæðis (I2) og opins svæðis (OP28) í íþróttasvæði fyrir skotæfingar og skotíþróttir (ÍP9). Markmið breytingar er að skapa áframhaldandi skilyrði fyrir starfsemi skotfélaganna sem nú er til staðar á svæðinu, til skemmri tíma lítið, meðan unnið er að því að finna framtíðarsvæði fyrir skotíþróttir á hofuðborgarsvæðinu. Tillagan og mat á umhverfisáhrifum hennar er kynnt í skipulagsgáttinni, samráðsvettvangi um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum. Auglýsingin stendur yfir frá 22. febrúar 2024 til 4. apríl, 2024. Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á vettvangi skipulagsgáttar fyrir 4. apríl 2024."

Bókun:

"Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhuguð skipulagsáform í Álfsnesi."

Sveitarfélagið Ölfus

Sigurður Steinar Ásgeirsson

UMSÖGN BIRT 11.04.2024

Sveitarfélagið hyggst ekki veita umsögn í málinu.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nagr.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið – Skipulagsfulltrúi

Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2024
MÍ202402-0116/ 6.08 / 0645

Efni: Skotæfingasvæði Álfnes

Með tölvubréfi dagsett 22. febrúar 2024 óskaði Reykjavíkurborg eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að aðalskipulagsbreytingu er varðar skotsvæðið á Álfnesi. Meðfylgjandi erindinu var greinargerð, *AR2040 skotæfingasvæði á Álfnesi – Tillaga febrúar 2024. Skilgreining íþróttasvæðis (ÍÞ) - tímabundin ákvæði um rekstur skotæfingasvæða*. Vísad var í mál nr. 0716/2023 á vefsíðu skipulagsgáttarinnar.

Í tillögunni felst að breyta á hluta iðnaðarsvæðis (I2) og opins svæðis (OP28) í íþróttasvæði (ÍÞ9) fyrir skotíþróttir. Fram kemur í gögnum málsins að tillagan sé í megin atriðum samhljóða drögunum sem kynnt voru í október og nóvember sl. en vegna fjölda athugasemda við þau hefur nú verið bætt í umfjöllun um umhverfisáhrif og settir fram skýrari skipulagskilmálar um mögulegar mótvægisáðgerðir vegna umhverfisáhrifa. Minjastofnun veitti umsögn um drögin dagsett 26. október 2023.

Í kafla 5 má lesa að rekstraraðili skuli tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða, t.d. með hljóðeinangrandi veggjum, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana.

Fyrir liggur skýrslan *Fornleifaskráning fyrir Skotsvæði á nordanverðu Álfnesi, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2023, skýrsla nr. 228*. Samkvæmt þeirri skýrslu eru skráðar þrjár minjar á svæðinu, þar af ein friðuð fornleif, varða (273-33) sem staðsett er á mörkum skráningarsvæðisins norðvestast á nesinu og tvær yngri minjar skotgrafir (273-34) og 273-35) frá tíma hersteunnar.

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir skotsvæðið á Álfnesi, en bendir á að huga skal að staðsetningu minja þegar og ef fara á í framkvæmdir (hljóðvarnir) sem hafa jarðrask í för með sér. Óheimilt er að raska friðuðum fornleifum nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 21. gr. laga nr. 80/2012.

Rétt er að benda á 2. mgr. 24. gr. laganna, en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta

framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um edli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjaförður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)

Borgarsöguhafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar [REDACTED]

Vakin er athugi á því að skv. 51. gr. laga um menningarmálar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 22., 24., 28., 42. og 43. gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærufærar til aðra stjórnvalds.
Jafnframt er vakin athugi á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðila máls oskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tekið. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðun og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún berst.

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Haraldur Sigurðsson

Reykjavík, 8. júlí 2024

Tilvísun: Reykjavík202310032 / 3.2

Efni: Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna skotæfingasvæðis á Álfsnesi

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið hefur, með erindi dags. 21. júní 2024, sent Skipulagsstofnun til staðfestingar breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samkvæmt 32. gr. skipulagslaga. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt í borgarráði 11. júní 2024.

Aðalskipulagsbreytingin er sett fram í greinargerð dags. febrúar 2024 með uppdrætti í mkv. 1: 50.000.

Með erindinu bárust athugasemdir frá almenningi og umsagnir frá umsagnaraðilum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði sem bregðast þarf við áður en stofnunin staðfestir aðalskipulagsbreytinguna.

- Skipulagsstofnun bendir á að svo virðist sem um tvöfalda landnotkun sé að ræða varðandi efnistöku innan svæðis, og bendir á að hún er þegar heimil á iðnaðarsvæði 12. Tákn fyrir efnistökusvæði hefur verið fellt út af uppdrætti en þó er tilgreind stærð efnistökusvæðisins í töflu 14.1, 13,3 ha að stærð. Fella þarf umfjöllun um efnistökusvæði E5 út úr greinargerð þar sem ákvæði fyrir iðnaðarsvæðið taka einnig til efnistökkunnar.
- Í greinargerð kemur fram að um tímabundna ráðstöfun lands er að ræða fyrir þessa starfsemi, eða allt að árslokum 2028. Í ljósi athugasemda sem bárust á auglýsingartíma, og þar sem starfsleyfi mun byggja á ákvæðum aðalskipulags en ekki deiliskipulagi eins og dæmi eru um á sambærilegum svæðum á landinu mælir Skipulagsstofnun með að sett verði nánari skilyrði í aðalskipulagstillögunni fyrir útgáfu starfsleyfis t.a.m. vegna hljóðvarna eða ítarlegri skilyrði en sett eru fram í kafla 5. í upptalningu mótvægisáðgerða í greinargerð. Skilgreina mætti nánar mótvægisáðgerðir með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum og ónæði vegna starfseminnar. Setja t.d. fram fortakslausari skilmála um fyrirkomulag skotsvæða, m.a. fyrirkomulag skotstefnu, umfang, hæðir og ákvæði um hljóðmanir umhverfis haglabyssuskotsvæði og annarra hljóðvarna, ásamt skilmálum um hvaða aðferðum verði beitt við mælingar á hávaðamengun.
- Skila þarf aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk undirritaðra skipulagsgagna í tveimur eintökum áður en breytingin verður staðfest.

Guðjón Erlendsson



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík 25. apríl 2025.

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 38/2025 þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að gefa út tímabundið starfsleyfi fyrir starfsemi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágreinnis sem samþykkt var á 1817. afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 13. febrúar 2025.

Með tölvupósti dags. 14. mars 2025 framsendi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (hér eftir úua) ofangreinda kæru í máli nr. 38/2025 til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (hér eftir HER) og óskaði að HER léti úrskurðarnefndinni í té þau gögn er málið varðar og var HER jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um efni kærunnar. Úua framsendi viðbótargögn kæranda með tölvupóstum dags. 20. og 26. mars 2025.

Málsatvik:

Þann 30. júlí 2024 sendi Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágreinnis (hér eftir Skotreyn) með tölvupósti umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi félagsins, dags. sama dag, ásamt greinargerð, einnig dags. 30. júlí. Bakhlið umsóknareyðublaðsins barst með tölvupósti dags. 31. Júlí s.á. HER staðfesti móttöku umsóknar og greinargerðar með tölvupósti dags. 12. ágúst. Í tölvupóstinum var farið yfir greinargerð Skotreyn og viðbrögð HER við henni. Athugasemdir HER vörðuðu einkum fjóra þætti í greinargerðinni, þ.e. opnunartíma svæðisins, tillögu um að vinna greiningu á árangri þeirra aðgerða að snúa skotstefnu á völlum Skotreyn til hávaðamildunar, áhættugreiningu vegna mengunar í jarðvegi og að Skotreyn þyrfti að gera grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn/vatnshlot sbr. skilyrði í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (hér eftir AR2040). Móttaka á umsókn Skotreyn var auglýst á vefsvæði HER <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi> 1. ágúst 2024, sbr. ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Þann 12. ágúst 2024 óskaði HER eftir umsögn skipulagsfulltrúa um það hvort starfsemin væri í samræmi við skipulag, sbr. ákvæði 6. gr. rg. nr. 550/2018. Umsögn dags. 5. september 2024 barst HER 9. september. Í umsögn skipulagsfulltrúa kemur fram að starfsemin sé innan skilgreinds íþróttasvæðis Íþ9 á Álfnesi sbr. nýlega breytingu á AR2040. Þá er vitnað í skilgreiningu á landnotkun auk umfjöllunar um þau skilyrði og mótvægisatriði sem starfsleyfi skuli innihalda sbr. meðfylgjandi umsögn skipulagsfulltrúa. Í umsögninni kemur enn fremur fram að lagt sé til að heimilað verði að gefa út starfsleyfi fyrir Skotreyn til loka árs 2028, enda í öllu tekið mið að þeim kröfum og ákvæðum sem sett eru fram í AR2040 m.s.br. sbr. að ofan. Starfsemin er í samræmi við AR2040 en ekkert deiliskipulag er til staðar.

Gögn með ítarlegri upplýsingum um stál haglaskot, leirdúfur og hljóðisogsefni bárust HER í tölvupóstum dags. 13. ágúst 2024.

Greinargerð um áhrifamat á vatnshlot barst HER í tölvupósti dags. 18. ágúst 2024.

Í tölvupósti dags. 5. september 2024 ítrekar HER þá skoðun að vinna þurfi betri greiningu á kostum þess að snúa skotstefnu á fleiri skotvöllum félagsins (skotstefnu hefur þegar verið snúið að velli 4 frá N í NA) þar sem lagt væri mat á kosti þess og galla að snúa skotstefnu á fleiri völlum og hvaða árangri það gæti skilað til að minnka hávaða frá starfseminni. Í tölvupóstinum tekur HER fram að í ljósi þess að slík vinna er tímafrek sé ekki gerð krafa um að greiningin liggi



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

fyrir áður en umsókn um starfsleyfi verði tekin til afgreiðslu en farið sé fram á að tímasett áætlun um þessa vinnu berist HER sem fyrst, þar sem miða skuli við að niðurstöður greiningar, ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun liggi fyrir ekki síðar en 1. júní 2025. HER líti svo á að áætlunin sé forsenda fyrir því að líta megi svo á að skilyrðum AR2040 sé mætt og að HER geti ekki auglýst tillögu að starfsleyfi fyrr en áætlunin hafi borist.

Svar Skotreyrn barst í tölvupósti dagsettum 4. nóvember 2024, sjá meðfylgjandi gögn. Fram kemur í svarinu að Skotreyrn leggur til að vinna hefjist við útgáfu starfsleyfis HER og þá skuli leitað eftir tilboðum til þess bærara aðila í greininguna. Einnig að unnið verði að framkvæmdum í samræmi við niðurstöður greiningarinnar á 7. og 8. mánuði frá leyfisveitingu. Jafnframt er bent á að mögulega verði starfsemin bara tímabundin og að greining og framkvæmdir verði að taka mið af þeirri staðreynd.

HER svarar Skotreyrn með tölvupósti dags. 20. nóvember. Þar kemur fram að HER telur að hraða þurfi greiningu á kostum þess að snúa skotstefnunni og vinna á styttri tíma en Skotreyrn lagði til í svari sínu þannig að framkvæmdum verði lokið innan 6 mánaða frá útgáfu starfsleyfis. Þannig komi aðgerðirnar að gagni yfir þann tíma ársins sem útivera og útivist er mest. Reikna megi með því að ákvæði í þá veru verði í tillögu að starfsleyfi. Þá upplýsir HER Skotreyrn um að í júlí 2024 tók gildi ný reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024. Fram komi í 1. gr. að markmið reglugerðarinnar sé að tryggja öruggt nærumhverfi og forvarnir, með áherslu á að vernda og viðhalda lýðheilsu og heilnæmum lífsskilyrðum viðkvæmra hópa og almennings. Um sé að ræða nokkra breytingu frá markmiðum eldri reglugerðar.

Tillaga að starfsleyfiskilyrðum var send Skotreyrn í tölvupósti dags. 6. desember 2024. Skotreyrn svarar með tölvupósti dags. 12. desember og ber fram spurningu varðandi ákvæði í grein 3.3 í um það hvort hægt sé að lengja í 12 mánuði tíma sem félagið hefði til að ljúka greiningu og framkvæmdum varðandi að snúa skotstefnu. Í svarpósti HER sem sendur var samdægurs kemur fram að HER hafnar því að lengja tímann í 12 mánuði. Það hljóti að vera í hag félagsins að ljúka greiningu og framkvæmdum sem fyrst til að grundvöllur sé til hljóðmælinga, og gefi niðurstöðurnar tilefni til, endurskoðunar á starfsleyfi m.a. með tilliti til opnunartíma.

Tillaga að starfsleyfi fyrir starfsemi Skotreyrn á skotvelli í Álfsnesi var auglýst á vef HER 13. desember 2024 <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/tillagur-ad-starfsleyfi-i-auglyingu>. Auglýsingatími var til 15. janúar að teknu tilliti til hátíðardaga um jól og áramót. Tilkynning um auglýsinguna ásamt leiðbeiningum um hvar auglýsinguna og fylgigögn var að finna var send á íbúasamtök Kjalarnes, íbúaráð Kjalarnes, tvo íbúa sem hafa sent HER kvartanir vegna starfseminnar og Skotreyrn þann 16. desember 2024. Fjórir aðilar sendu inn athugasemdir við tillögu að starfsleyfi á auglýsingatíma og er gerð grein fyrir þeim sem og svari HER við athugasemdunum í greinargerð um málsmeðferðina sem er í gögnum málsins. Ein breyting var gerð á auglýstri tillögu að starfsleyfisskilyrðum við afgreiðslu umsóknar og varðar breytingin gr. 1.2. Við greinina var bætt eftirfarandi texta. „Fyrirvari er settur varðandi breytingu á gildistíma vegna framkvæmda við Sundabraut sem hefðu áhrif á athafnasvæði félagsins og breytinga á skipulagslegum forsendum vegna framkvæmdarinnar s.s. ef skilgreindri landnotkun væri breytt í skipulagsvinnu vegna framkvæmdarinnar.“

Umsókn Skotreyrn um starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins í Álfsnesi var lögð fyrir 1817. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 13. febrúar 2025 sem samþykkti að gefa út tímabundið starfsleyfi fyrir starfsemina til 31. desember 2028. Tilkynning um útgáfu starfsleyfis var birt á vef HER 19. febrúar 2025 <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/utgefin-starfsleyfi-fyrir->



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

[mengandi-starfsemi](#). Tölvupóstur með tilkynningu um afgreiðslu umsóknarinnar ásamt upplýsingum um kæruheimild og kæruleið var send öllum sem sent höfðu HER athugasemdir við tillögu að starfsleyfi með tölvupósti þann 19. febrúar 2025.

Kröfugerð og málsástæður:

Kröfugerð kæranda er útlistuð í kæru en verður að telja mörg kæruatriði óljós. Af kæru má þó ráða að kærandi fari aðallega fram á að úrskurðarnefndin ógildi ákvörðun HER um útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi Skotreyn.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer fram á að kröfum kæranda verði hafnað eða vísað frá og að úua staðfesti ákvörðun HER um útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi Skotreyn í Álfsnesi.

Umsögn HER:

Kæruheimild til nefndarinnar sem mál þetta byggir á er að finna í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna stjórnsákvæðna sem teknar eru á grundvelli þeirra laga. Umsögn þessi einskorðast við hvort hin kærlega stjórnsákvæðun sem málið fjallar um, þ.e. útgáfa starfsleyfis, sé ógildanleg. Aðrar athugasemdir kæranda sem snúast ekki um kærlega stjórnsákvæðanir verða ekki teknar til umfjöllunar.

Hávaðamál:

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlinda-mála er það hlutverk nefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnsákvæðna og í ágreinings-málum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlinda-mála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Tekur úrskurðarnefndin því lögmati kærðrar ákvörðunar til endur-skoðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða leggur fyrir stjórnvöld að framkvæma til-teknar athafnir. Samkvæmt framangreindu fer HER fram á að úrskurðarnefndin vísi frá kröfu kæranda um ógildingu á mælingum á hávaða eða kröfu um nýjar mælingar enda ekki um kærlega stjórnsákvæðun að ræða. Fallist nefndin ekki á þá kröfu HER er farið fram á að kröfu kæranda sé hafnað á grundvelli eftirfarandi röksemda.

Starfsemi skotvalla fylgir gjarnan hávaði og ónæði. Í íslenskum lögum og reglugerðum eru ekki viðmið fyrir hávaða fyrir starfsemi af þessum toga. Í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða er t.a.m. einungis fjallað um hávaða frá umferð ökutækja, flugumferð, atvinnustarfsemi, vegna framkvæmda og á samkomum. Í öllum tilvikum eru gefin upp viðmiðunarmörk fyrir hávaða fyrrnefndra þátta út frá jafngildishljóðstigi (LAeq). Þá er heilsuspillandi hávaði einungis skilgreindur í 7. gr. reglugerðarinnar samkvæmt jafngildishljóðstigi. Hávaðareglugerðin veitir því hvorki leiðbeiningar um mælingu heilsuspillandi hávaða þegar hávaðinn stafar frá öðru en ofangreindum þáttum né heimilar hann notkun annarra mæliaðferða en jafngildishljóðstigs.

Samkvæmt 11. gr. hávaðareglugerðarinnar skal Umhverfisstofnun gefa út leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna þær leiðbeiningar sem stofnunin hefur gefið út um hljóðvistarkröfur á grundvelli fyrrnefndrar reglugerðar.¹ Í samræmi ákvæði reglugerðarinnar byggja þær aðferðir á jafngildishljóðstigi og leiðbeina um aðferð og útreikning við hljóðmælingu. Viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða eru hins vegar ávallt fengin úr viðauka við hávaðareglugerð. Niðurstaða mælinga sem framkvæmdar eru samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar eru því bornar saman við



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

útgefin viðmiðunarmörk hávaðareglugerðarinnar og þannig fengin niðurstaða hvort um heilsuspillandi hávaða sé að ræða eða ekki.

HER leitaði til Umhverfisstofnunar um leiðbeiningar varðandi það hvaða mæliaðferð bæri að nota í þessu tilviki. Umhverfisstofnun mælti með því að notuð yrði sænska mæliaðferðin *Almänna råd om buller från skjutbanor* sbr. tölvupóst frá UST dags. 11.03.2022. Þá aðferð er ekki að finna í útgefnum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Þá verður ekki séð að íslenskt regluverk styðji notkun þeirra mæliaðferðar jafnvel þótt hana væri að finna í útgefnum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar þar sem hún byggir á að meta hávaðavísi sem ekki eru tilgreind viðmiðunarmörk fyrir í hávaðareglugerð. Þar af leiðandi eru ekki forsendur til að meta hvort að niðurstöður slíkrar mælingar sýni heilsuspillandi hávaða eða ekki þar sem mörkin vantar. Þar að auki er áhrifasvæði skotvallanna að meginhluta skilgreint landbúnaðar- og opið svæði í AR2040, einnig þar sem sumar- og íbúðarhús eru staðsett, en hvorki íbúðarbyggð né frístundabyggð. Í reglugerð um hávaða eru ekki skilgreind mörk fyrir hávaða á landsbúnaðar- eða opnum svæðum samkvæmt skilgreindri landnotkun.

Eins og fram kemur hér fyrir ofan mælti Umhverfisstofnun með því að HER notaði sænska mæliaðferð. Þrátt fyrir það hefur það komið fram í samskiptum HER og UST vegna skotvalla og annarra mála að starfsmenn UST hafat tekið undir þá skoðun starfsmanna HER vafi leiki á því að hægt sé að byggja kröfur í starfsleyfi á mæliaðferð sem ekki hafi skýra tilvísun í lög eða reglugerð.

Sú mæliaðferð sem vísað er til í leiðbeiningum fyrir hljóðmælingar við eftirlit (UST 2011), sem gefnar eru út í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða, er ekki hentug til mælinga á hávaða frá skotvöllum þar sem hún byggir á jafngildishljóðstigi, ekki augnablikshávaða (impulse). Það hefur HER bent á og tekið undir með öðrum sem hafa gagnrýnt mæliaðferðina og segja hana ekki gefa rétta mynd af hávaða frá skotvöllum. HER telur þó ekki að hægt sé að byggja stjórnvaldsákvörðun líkt og íþyngjandi kröfur í starfsleyfi á mælingum samkvæmt annarri mæliaðferð en þeirri sem vísað er til í leiðbeiningum sem gefnar voru út með stoð í reglugerð um hávaða. Ekki má gleyma að fari HER út fyrir valdsvið sitt í íþyngjandi kröfugerð á starfseminu getur rekstraraðili kært ákvörðun HER um útgáfu starfsleyfi, jafnt og þeir sem telja starfseminu sér íþyngjandi, og þarf HER að gæta meðalhófs í kröfugerðinni í starfsleyfi. Á meðan ekki eru gerðar breytingar á regluverkinu fylgir HER þeim leiðbeiningum sem er að finna í núverandi regluverki. HER tekur því í sjálfu sér undir orð kæranda að kjarni málsins sé að enga skilgreiningu er að finna í lögum og reglugerðum á Íslandi varðandi hávaða frá skotæfingasvæðum, nánar tiltekið um „hvernig“ skuli mæla slíkan hávaða.

Síðustu misseri hefur verið unnið að breytingum á reglugerð um hávaða. Í þeirri vinnu hefur HER ítrekað bent á þörf á því að skýra regluverkið með tilliti til starfsemi/hljóðmælinga sem ekki falla undir núverandi reglugerð. Í þessu sambandi er vert að benda á gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi Skotreynd að endurskoða skuli starfsleyfið ef breytingar verði á viðkomandi reglugerðum. Þ.a.l. gerir HER ráð fyrir að endurtaka verði hljóðmælingar verði breytingar á reglugerð um hávaða.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

HER hefur ekki framkvæmt nýjar hljóðmælingar þar sem ekki hafa orðið breytingar á starfsemi, mengunarvörnum eða staðháttum sem kallar á nýtt mat að svo stöddu. Allar líkur eru á að nýjar mælingar myndu skila sömu eða sambærilegum niðurstöðum og áður. Þá má benda á að frá því starfsemi hófst á grundvelli bráðabirgðaheimilda Umhverfisstofnunar í september s.l. hafa aðstæður til hljóðmælinga verið mjög óhagstæðar vegna veðurs og nagladekkjanotkunar sem eykur umferðarhávaða, enda eru hljóðmælingar alla jafna framkvæmdar á sumrin þegar aðstæður eru hagfelldar. Komi fram nýjar kröfur í reglugerðum og/eða farið verður í úrbætur á skotsvæðinu t.d. með færslu skotstefnu, mun það kalla á nýjar mælingar.

Tilgangur með vöktunaráætlun vegna hávaða er að fylgjast með hvort starfsemin haldi sig innan þess ramma sem henni er settur í starfsleyfi. Best er að ná fram því markmiði með reglubundinni sívöktun inni á skotsvæðunum. Bæði viðurkennd mæliaðferð og eins sænska mæliaðferðin sem bent hefur verið á krefst þess að unnið sé með rekstraraðilum við að setja upp mælingu með ákveðnum hætti, við staðalaðstæður. Með sívöktun er unnt að fylgjast með því hvort opnunartíma sé fylgt og fá mat á notkun. Síðmælingar við íbúðarhús sem eru sum í um tveggja kílómetra fjarlægð gefa takmarkaðar upplýsingar þar sem ríkjandi umhverfishávaði á svæðinu er umferðarhávaði frá Vesturlandsvegi. Erfitt er að greina ónæði frá skotsvæðum frá ríkjandi hávaða í gögnunum. Í viðbót við síðmælingar á athafnasvæði er hægt að gera skipulagðar, staðlaðar mælingar á völdum stöðum, til að meta árangur aðgerða eða kanna möguleika á breytingum til að draga úr ónæði.

Varðandi tillögu í vöktunaráætlun um mælingar við Naustanes þá byggir það á hugmynd um tilfærslu á skotstefnu á völlum Skotreytn, en þá yrði skotstefna í NA í stað N og þar með í átt að Naustanesi. Gangi þær áætlanir ekki eftir verður vöktunaráætlunin endurskoðuð.

Athuga þarf að þegar mældur er hávaði skv. viðurkenndum mæliaðferðum þurfa ákveðnar staðarveðuraðstæður að vera til staðar, auk þess þarf að vita nákvæmlega hvaða búnað er verið að nota, hvernig skot og hver skotstefna er. Ekki er unnt að framkvæma staðlaða mælingu hvenær sem er eða án vitneskju og samvinnu rekstraraðila.

Þá er í kæru vísað til kvaðar á fasteigninni að Skriðu en HER kom ekki á neinn hátt að sölu á viðkomandi húsnæði né getur svarað fyrir það mál.

Skipulagsmál

Fjallað er um skotæfingasvæði á Álfsnesi í kafla 8.2. 12. Álfsnes-Kollafjörður í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR2040) sem tók gildi með birtingu í Stjórnartíðindum þann 18. janúar 2022. Þar segir að framtíð skotæfingasvæðis, sem nú er á svæðinu, verði viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til endurskoðun hefur farið fram sé heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.² Um er að ræða starfsemi sem er nú þegar á viðkomandi svæði, gildistími útgefins starfsleyfis er innan tímamarka gildandi skipulagstímabils og uppbygging samkvæmt framtíðar landnotkun ekki hafin innan viðkomandi svæðis eða í næsta nágrenni við viðkomandi rekstraraðila, sbr. kafla 20.4 AR2040 um endurnýjun starfsleyfa innan einstakra landnotkunarsvæða.

Þann 26. júlí 2024 staðfesti Skipulagsstofnun breytingu á AR2040 sem samþykkt var í borgarráði 11. júní 2024 og staðfest af Skipulagsstofnun 26. júlí 2024. Megin markmið og tilgangur breytingarinnar var að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og SKOTREYN, að tryggja tímabundnar landnotkunarheimildir um skotæfingasvæði á Álfsnesi og að leita leiða til



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.³ Í breytingunni felst skilgreining á íþróttasvæði ÍÞ9 á Álfsnesi og minnka iðnaðarsvæði I2 og opið svæði OP28 sem því nemur. Líkt og fram kemur í inngangi aðalskipulagsbreytingarinnar lúta breytingarnar að því að skapa skilyrði fyrir núverandi starfsemi Skotfélags Reykjavíkur (SR) og Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) til skemmri tíma litið, meðan framtíðar staðsetning er fundin fyrir félögin. Talið er ljóst að það muni taka nokkurn tíma að klára endanlegt staðarval ásamt því að ganga frá þeim formsatriðum sem óhjákvæmilega fylgja slíku ferli. „Því er mikilvægt að skapa skilyrði í AR2040, um mögulega endurnýjun starfsleyfa skotfélaganna, og er það gert í ljósi þeirra úrskurða sem hafa fallið í málinu hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nýlega.“⁴

Líkt og kærendur benda á er vísað heimildar til endurnýjunar starfsleyfa vegna starfsemi skotvalla í AR2040 með síðari breytingum. Vísa kærendur til þess að í afgreiðslutexta HER kemur fram að um nýja starfsemi sé að ræða og benda á að það sé ekki samræmi milli þess að endurnýja starfsleyfi eða veita nýtt starfsleyfi. Texti við afgreiðslu umsóknar Skotreyn á afgreiðslufundi HER er eftirfarandi:

“Lögd fram umsókn Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, dags. 30. júlí 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir skotvöll í Álfsnesi. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 31. desember 2028 til samræmis við umsögn skipulagsfulltrúa með Starfsleyfiskilyrðum fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi og Almennum starfsleyfiskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.”

Orðin “Ný starfsemi” eru til leiðbeiningar um í hvaða gjaldflokk viðkomandi starfsleyfi fellur í gjaldskrá HER þar sem að “ný starfsemi” er ýmist gjaldfærð sem starfsemi þar sem krafist er auglýsingar eða “önnur starfsleyfi” sbr. 3. gr. gjaldskrár HER <https://reykjavik.is/gjaldskrar/fyrir-mengunar-og-heilbrigðiseftirlit>. Endurnýjun starfsleyfis er rukkuð í lægri gjaldflokki, sbr. sömu grein, enda hafi starfsemi verið virk fram að endurnýjun og upplýsingar um starfsemina liggja fyrir hjá HER. Á engan hátt er hér verið að vísa til umfjöllunar um endurnýjun á starfsleyfi í breytingu á AR2040.

Ólíkt því sem kærendur halda fram, þá er hvorki í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 né reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit minnst á endurnýjun starfsleyfa. Ekki er ljóst hvaðan tilvísaðar skilgreiningar kæranda um endurnýjun eru fengnar eða á hvaða heimildum þær byggja. Benda má að í 4. málslíð 6. gr. laga nr. 7/1998 kemur fram að útgefanda sé heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfi á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, Augljóslega er þar um að ræða starfsemi sem er í gangi og því eðli málsins samkvæmt verið að endurnýja starfsleyfi fyrir starfsemina. Engu að síður talar löggjöfin um nýtt starfsleyfi.

Að mati HER er hér ekki um ógildingarannmarka að ræða. Skipulagsyfirvöld í hverju sveitarfélagi fyrir sig móta skipulag og landnotkun í skipulagi sem ákvarðar á hvaða svæðum tiltekin starfsemi er heimil. Af ákvæðum AR2040 og nýlegum breytingum á AR2040 er ótvírætt að markmið Reykjavíkurborgar sé að heimila starfsemi skotæfingasvæða á Álfsnesi til ársins 2028. Notkun hugtaksins *endurnýjun* í AR2040 sé einungis í þeim tilgangi að undirstrika að aðeins er verið að heimila starfsemi sem er nú þegar til staðar á Álfsnesi, líkt og á við um Skotreyn. Fallist úrskurðarnefndin ekki á það, telur HER samt sem áður að um minniháttar formgalla sé að ræða þar sem að vilji sveitarfélagsins sé ljós. Starfsemi Skotreyn sé því í samræmi við skipulag.



Jarðvegs- og vatnsmengun:

Notkun blýhagla er bönnuð í starfsemi Skotreyrn og hefur verið það frá útgáfu starfsleyfis árið 2021. Með því er annars vegar komið til móts við 9. tölulið viðauka II í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og hins vegar tekið fyrir frekari jarðvegsmengun af völdum blýs. Blýhögl voru notuð í starfsemi beggja skotfélaganna fyrr á árum. Ekki eru til gögn um hve miklum mæli það var né hversu mikið magnið var. Ekki hafa verið tekin sýni til að leggja mat á mengun af völdum blýs né hvort og þá hvaða áhrif hugsanleg mengun hefur haft á lífríki, í fjöru eða á landi. Engar vísbendingar hafa borist HER um skaðleg áhrif á lífríki. Að mati HER er ekki um bráðamengun að ræða né þörf á aðgerðum á þessu stigi. HER telur að rannsóknir og þá hreinsun á mengun fari betur samhliða breytingum á landnotkun. Í tilfelli Skotreyrn eru tækifæri til þess samhliða breytingum á landnotkun vegna fyrirhugaðrar tilkomu Sundabrautar en útlit er fyrir að tiltölulega stutt sé í að rannsóknir og framkvæmdir vegna hennar eigi sér stað.

Sem fyrr segir er ekki um bráðamengun að ræða í tilfelli blýs. Viðmið fyrir styrk mengunar í viðauka í reglugerð um mengaðan jarðveg eru miðuð við athafnir manna þ.e. annars vegar fyrir íbúðarsvæði og hins vegar fyrir athafnasvæði. Hér er um að ræða svæði fyrir starfsemi sem hefur takmarkaðan opnunartíma og þar af leiðir takmarkaða útsetningu fyrir þá sem starfsemina sækja. Í gegnum tíðina hafa kvartendur bent á skaðleg áhrif blýs á lífríki og þá einkum vísað á fuglalíf í Kollafirði. HER tekur undir það að blý getur verið skaðlegt og óæskilegt fyrir lífríki en bendir um leið á að engin staðfest tilvik um fugladauða af völdum blýsmengunar í Kollafirði hafa borist til HER. Hafa má í huga að mögulegar hreinsunaraðgerðir geta haft í för með sér veruleg inngrip í náttúruna og skaðsemi í sjálfu sér. Því er það mat HER að réttlætánlegt sé að biða með aðgerðir þar til frekari áform liggja fyrir um breytta landnotkun eða að starfsemin verði aflögð sbr. ákvæði í 7. kafla starfsleyfisskilyrða fyrir starfsemina. HER ítrekar að notkun blýhagla er bönnuð í starfseminni og því ekki um að ræða frekari mengun af þeim völdum,

Varðandi greiningu á áhrifum starfseminnar á vatnshlot er rétt að benda á að greinargerð um áhrif á vatnshlot er að finna í gögnum málsins. Eins og sjá má í gögnum málsins leitaði Skotreyrn til Umhverfisstofnunar um leiðbeiningar um hvernig vinna ætti slíkt áhrifa mat og var bent á tvær greinargerðir sem félagið notaði sem fyrirmynd og verður að álykta að félagið hafi unnið í samræmi við þær bestu leiðbeiningar sem fyrir lágu á þeim tíma. Þess má geta að ekki hefur áður komið til þess að HER hafi fengið greinargerð um áhrif á vatnshlot vegna umsóknar um starfsleyfi enda um nýlegt verklag að ræða. Nú hefur Umhverfis- og orkustofnun gefið út leiðbeiningar um hvernig vinna eigi áhrifamat á vatnshlot en það kom ekki að notum í þessu máli.

Vopnalög:

Að því er varðar ábendingar kærenda um ákvæði reglugerðar 787/1998 um skotvopn, skotfæri o.fl. vekur HER athygli á því að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer ekki með eftirlit samkvæmt Vopnalögum nr. 16/1998 né reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Starfsleyfisveitanda ber einungis skylda til að tryggja að skilyrði þeirra laga sem starfsleyfi er byggt á, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir í þessu tilviki, séu uppfyllt. Samkvæmt 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Starfsleyfi skal veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Ákvæði Vopnalaga eru



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Því ekki hluti þeirra skilyrða sem tilgreind eru samkvæmt hollustuháttalögunum. Það er svo rekstraraðila að tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við ákvæði hollustuháttalaga, reglugerða settra samkvæmt þeim, starfsleyfisskilyrði og almennar kröfur, sbr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 40. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sjálfstæð skylda hvílir á leyfishafa að hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem kunna að gilda um starfsemina og er eftirliti háttað í samræmi við viðkomandi lög og reglugerðir.

Samantekt:

HER telur að rétt hafi verið staðið að veitingu starfsleyfis fyrir skotvöll Skotreyn í Álfsnesi. Við vinnslu málsins hefur HER gætt að öllum lagalegum skilyrðum er varða útgáfu starfsleyfa. Einnig hefur HER gætt að og fylgt málsmeðferðarreglur stjórnsýsluréttarins í hvívetna. Að öllu framansögðu fer HER fram á að nefndin hafni öllum kröfum kæranda og staðfesti ákvörðun HER um útgáfu starfsleyfis fyrir skotvöll Skotreyn.

Áskilnaður:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur áskilur sér rétt til þess að svara frekari málsástæðum kæranda á síðari stigum málsins ef til þess kæmi.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Magnea Lillý Friðgeirsdóttir
lögfræðingur

Guðjón Ingi Eggertsson
deildarstjóri umhverfiseftirlits